

Morgunblaðið

ÞRIÐJUDAGUR 31. MARS 2020

• Stofnað 1913 • 77. tölublað • 108. árgangur •



GRÍSIR
OG STEINAR
Í KIRKJUNNI

KARLOTTA BLÖNDAL 28

FÉÐGAR Á VÉLSLEÐUM
HREINSA HUGANN Á FJÖLLUM 11

ÆTLAR Í NÝ-
LIÐAVALIÐ Í
NBA Í SUMAR

JÓN AXEL 27



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Vegagerð Framkvæmdir verða auknar á þessu ári og þeim næstu.

Fjárfest- ingar ákveðnar

● Aðgerðafrumvörp samþykkt samhljóða

Alþingi samþykkti í gærkvöldi breytingar á ýmsum lögum til að bregðast við áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru. Frumvörpin fóru í gegnum aðra og þriðju umræðu í gær, með afbrigðum, og öll fimm frumvörpin voru að lokum samþykkt með 40 til 42 samhljóða atkvæðum.

Fjárlaganefnd lagði til tæplega 3 milljarða króna aukningu á sérstöku tímabundnu fjárfestingaráttaki sem frumvarpið gerir ráð fyrir þannig að það verði tæpir 18 milljarðar króna. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjárlaganefnd lögðu til að verulega yrði bætt í þar. Voru tillögur þeirra felldar og gagnrýndu þingmennirnir það harðlega þegar þeir gerðu grein fyrir atkvæði sínu við lokaatkvæðagreiðslu. Samþykktu þeir samt frumvarpið.

Auk þess felst í lögum markaðsáttak fyrir ferðaþjónustu, sérstakar barnabætur og örorkulífeyrir og framlög til heilbrigðisstofnana vegna kórónuveirunnar.

„Það er alltaf hægt að bæta í en það þarf að hafa í huga að þær fjárfestingar sem lagt er í samkvæmt þessari breytingartillögu þurfa allar að notast á þessu ári,“ segir Njáll Trausti Friðbertsson fjárlaganefndarmaður. Hann bendir á að í framhaldinu muni fjármálaráðherra leggja fram stóra fjárfestingaráætlun, þar sem varið verður 60 milljörðum á næstu þremur árum. [helti@mbl.is](#) »2 og 8

Mikill samdráttur í bensínsölu syðra

■ „Umferð á götunum hér í borginni hefur dregist mikið saman og úti á landi sjást varla bílaleigubílar eða rútur,“ segir Eggert Þór Kristófersson, forstjóri Festis sem meðal annars rekur N1. Samdráttur í sölu á bensíni og díselolíu frá því samkomubann var sett á er á bilinu 10-12%. Áhrifa kórónuveirunnar gætir sums staðar enn ekki jafn sterkt úti á landi og á höfuðborgarsvæðinu, að sögn Eggerts.

Hjá Olís hefur sala á eldsneyti dregist mikið saman og segir Jón Ólafur Halldórsson forstjóri fyrirtæksins það vera sem spegilmynd af umferðartölum. »6

Hundruð milljarða eru í húfi

- Ef ferðasumarið bregst gæti það þýtt allt að 260 milljarða króna tekjutap
- Ísland viðkvæmara fyrir ferðabanni en samkeppnislönd á Norðurlöndum

Baldur Arnarson
[baldura@mbl.is](#)

Kórónuveirufaraldurinn gæti kostað ferðaþjónustuna á þriðja hundrað milljarða í ár. Vegna mikillar óvissu er þó erfitt að spá um þetta ár.

Þetta kemur fram í áætlun Íslandsbanka og Samtaka ferðaþjónustunnar fyrir Morgunblaðið.

Miðað var við tímabilið frá miðjum mars og út ágúst og að tekjur af erlendum ferðamönnum yrðu nær engar á tímabilinu vegna veirunnar.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhaf-


fræðingur Íslandsbanka, áætlar aðspurður að tekjutapið geti numið um 260 milljörðum frá miðjum mars og út ágúst. Horfir hann þá til tekna greinarinnar sömu mánuði í fyrra.

Vilborg Helga Júlíusdóttir, hagfræðingur Samtaka ferðaþjónustunnar, segir aðspurð að áður nefnd tala, um 260 milljarðar, sé ekki fjarri lagi. Það megi áætla að neysla erlendra ferðamanna frá miðjum mars til ágústloka hafi verið um 208 milljarðar, eða um 17% af samanlögðum gjaldeyristekjum þjóðarinnar.

Skarphéðinn Steinarsson ferða-

Áætlað tekjutap ferðaþjónustunnar

Frá 15. mars til 31. ágúst, ma.kr.



*Áætlun Íslandsbanka

málastjóri segir greinina horfa fram á algjört tekjuhrun.

Ísland háðara ferðamönnum

Önnur lönd leggi nú mikla áherslu á ferðalög innanlands í sumar. Ísland sé hins vegar í þeirri stöðu að hafa fleiri erlenda ferðamenn á hvern íbúa en flestar þjóðir. Hlutur innanlandsmarkaðar af ferðaþjónustunni á hinum Norðurlöndunum sé um 50% en innan við tíundi hluti á Íslandi.

» Tekjutapið ... »12



Ljósmynd/Porkell Þorkelsson

Stofugangur á smitsjúkdómadeild í Fossvogi

Mikið starf fer fram á smitsjúkdómadeildum Landspítalans í Fossvogi. 30 veikir sjúklingar liggja þar nú inni, þar af 10 á gjörgæslu. Auk

þess hefur göngudeild Covid-19 eftirlit með rúmlega 900 sjúklingum sem smitast hafa og eru í einangrun í heimahúsum. Þorkell Þorkelsson,

ljósmyndari Landspítalans, fylgdist með stofugangi á deild A-7. Læknirinn fyrir miðju er Sigurður Guðmundsson, fyrrverandi landlæknir.

Stór tækniskref í skólunum

● Munu vafalaust búa að reynslunni, segir formaður Skólustjórafélags Íslands

Kristján H. Johannessen
[khj@mbl.is](#)

„Ef maður á að reyna að sjá jákvæðar hliðar í þessu ástandi þá hugsa ég að við séum að taka mjög stór skref í nýtingu á tækni. Það mun vafalaust koma til góðs í skólastarfi,“ segir Þorsteinn Sæberg, formaður Skólustjórafélags Íslands, í samtali við Morgunblaðið, en undanfarnar vikur hafa verið mjög erfiðar í skólum landsins og er allt kapp lagt á að



Morgunblaðið/Hari

Úlpur Áhersla er nú lögð á fjarnám.

reyna að þjónusta nemendur eins og hægt er í nýju og breyttu umhverfi. Fer stór hluti kennslu nú fram utan veggja skólastofunnar.

„Það er hreint út sagt ótrúlegt að upplifa og heyra það sem kennarar og skólar eru að gera. Og það er virkilega gaman að heyra sumar af þeim sögum sem sagðar eru af samskiptum kennara við nemendur sem ekki eru í staðbundnu námi,“ segir hann og bætir við að skólustjórar og kennarar hafi unnið mikið verk við

að endurskipuleggja kennsluna.

„Það er ekki uppgjafartónn í neinum og mikill hugur að standa sig.“

Margir taka börn úr skólum

Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, formaður Félags grunnskólakennara, segir óvissu þó mikla og að áhyggjuefni sé hve mörg börn innflytjenda séu hætt að mæta í skóla. „Foreldrar erlendra barna hafa í stórum stíl tekið börn sín úr skólunum,“ segir hún. »6

Endurgreitt ef upphæðin nær 25 þús.

● Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna bílaviðgerða skiptir marga máli

Eigendur ökutækja, utan rekstrar, munu geta fengið endurgreiðdan virðisaukaskatt að fullu vegna viðgerða á ökutækjum sínum ef reikningurinn hljóðar upp á að lágmarki 25 þús. kr. fyrir vinnuna. Breytingartil-laga efnahags- og viðskiptanefndar var samþykkt í gærkvöldi þegar aðgerðapakki ríkisstjórnarinnar vegna kórónuveirufaraldursins varð að lög-um. Reikningar við allar viðgerðir sem kosta að lágmarki 25 þúsund kr. falla hér undir þessa heimild til endurgreiðslu virðisaukaskattsins en ákveðið var að heimildin nái ekki til smáviðgerða, smurþjónustu og hjól-barðaviðgerða, sem kosta minna. Þingnefndin lagði m.a. þessa breytingu til fyrir hvatningu Bilgreinasam-bandsins en önnur og þriðja umræða um frumvarpið fóru fram Alþingi í gær.

Bifreiðaeigendur ættu eftir lögfest-ingu frumvarpsins að geta sótt um endurgreiðslu vegna almennra þjón-ustuskoðana á bílum sínum ef þær kosta meira en 25 þús. kr. án virðis-aukaskatts. Einnig verður hægt að fá endurgreitt vegna vinnu við viðgerð-ir, bílamálun og bílaréttingar.

Fari ekki út í svarta hagkerfið

Bilgreinasambandið hvatti eins og áður segir þingnefndina til að lögfesta þessa heimild með sama hætti og heimilaðar endurgreiðslur á virðis-aukaskatti vegna vinnu við íbúðar- og frístundahúsnæði til að tryggja að sem mest verði að gera á bílaverk-stæðum næstu mánuðina og komist verði hjá uppsögnum. Skv. upplýsing-um sambandsins starfa yfir 4.000 ein-staklingar í bilgreinum hér á landi og allt að 75% starfsmanna innan bíla-



Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson

Bílaviðgerð í lagabreytingunni felst heimild til endurgreiðslu virðisauka-skatts vegna bílaviðgerða frá 1. mars og til 31. desember nk.

umboða vinnu við þjónustu, varahluti og viðgerðir ökutækja.

„Við viljum ekki sjá bílaviðgerðir fara út í svarta hagkerfið eins og

gerðist 2008-2010 þegar spruttu upp bílskúrar og heimaviðgerðir,“ segir m.a. í umsögn Bilgreinsambandsins til þingnefndarinnar.

„Við erum mjög ánægð með að þetta sé komið svona langt og vonandi verður þetta samþykkt svo það fari í gegn,“ sagði María Jóna Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Bilgreinasam-bandsins, í samtali við Morgunblaðið í gærdeg aður en breytingin var lög-fest. Spurð um útlitið í bilgreinum í þessu ástandi sem uppi er vegna veirufaraldursins segir María að líkt og aðrir sjái menn fram á erfiða tíma. „Við erum að reyna að gera allt og benda á hvað hægt er að gera betur og teljum að þessi aðgerð að bilgrein-ar fái að komast inn í verkefnið „Allir vinna“ geti aðstoðað okkur gríðarlega mikið.“

Runólfur Ólafsson, framkvæmda-stjóri FÍB, tekur í sama streng og segir aðgerðirnar mikilvægar í því ástandi sem uppi er sem hafi víðtæk áhrif. Fólk sé þegar farið að halda aftur af sér á þessum óvissutímum og þetta muni hjálpa til við að halda dampi í greininni og rekstur og við-hald ökutækja sé stór útgjaldaliður.

Fá páskaegg sem þakk-lætisvott

● Kosta 5,8 milljónir

Allir starfsmenn skóla- og frí-stundasviðs Reykjavíkurborgar fengu skeyti á föstudaginn þess efnis að þeir fái páskaegg nr. 4 frá Nóa Sí-ríus sem þakklætisvott fyrir frábært starf við krefjandi aðstæður und-anfarnar vikur og væntanlega áfram fram að páskum. Á sviðinu starfa tæplega 5.600 starfsmenn í grunn-skólum, leikskólum, frístundaheim-ilum og félagsmiðstöðvum. Yfirskrift skeytisins var: Hjartans þakkir.

„Ágæti samstarfsmaður,

Eftir helgi færðu páskaegg sem táknrænan þakklætisvott fyrir störf þín í þeim krefjandi aðstæðum sem ríkt hafa að undanförunu í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík. Nú hef-ur reynt á þolgæði, útsjónarsemi, frumkvæði, skapandi hugsun og hlýju. Það styttest í langþráð páska-leyfi. Ég veit að aðstæður eru ólíkar og veikindi setja mark sitt á margar fjölskyldur, en við komumst í gegn-um þetta saman. Hafðu hugheilar þakkir fyrir þitt framlag í vinnu fyrir börnin í borginni!“

Páskaeggjakaupin voru boðin út og bárust tvö tilboð. Góða bauð 6 milljónir og Nóa Síríus rúmar 5,8 milljónir. Kostnaðaráætlun var 4,5 milljónir. Ákveðið var að semja við lágstbjóðanda. sisi@mbli.is



Morgunblaðið/Jón Sigurðsson

Riðið út í faraldri með bros á vör

Hestar og menn hafa gott af því að viðra sig reglulega, og alveg sérstaklega þegar kórónuveirufaraldur geng-ur yfir landið.

Harpa Hrönn Hilmarsdóttir á Blönduósi var í útreið-artúr á sínum hesti, með bros á vör, er hún varð á vegi fréttaritara blaðsins.

Frestun er dramatísk aðgerð

● Hækkanir 1. apríl

Óformlegar samningaumleitanir hafa verið milli milli forystu Alþýðu-sambands Íslands og Samtaka at-vinnulífsins vegna hugmynda úr við-skiptalífnum um að fresta launa-hækkunum sem eiga að koma til framkvæmda 1. apríl. Drífa Snædal, forseti ASÍ, segir að engin nið-urstaða sé komin í það samtali.

Afstaða sambandsins sé þó skýr. „Við höfum talið það of dramatíska aðgerð að fara inn í kjarasamn-ingana þar sem okkar fólk er að taka á sig gríðarlegar kjaraskerðingar í alls konar formum, ekki síst það fólk sem er að fara á hlutaatvinnuleys-isbætur. Fyrirtækin eru að fá gríð-arlegan stuðning frá stjórnvöldum og lífeyrissjóðum reyndar líka,“ seg-ir Drífa.

Spurð hvort einhugur sé um þett-an innan ASÍ svarar Drífa: „Við höf-um komist að þessari niðurstöðu innan ASÍ.“

Öll laun hækka um 18 þúsund 1. apríl og taxtalaun um 24 þúsund.

Vilhjálmur Birgisson, 1. varafor-seti ASÍ, segist hafa viðráð þá hug-mynd að skerða tímabundið mót-framlag vinnuveitenda í lífeyrissjóði. Það myndi koma í sama stað niður.



GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

PON er umboðsaðili

JUNGHEINRICH

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf.
Melabraut 21, 220 Hafnarfjörður
Sími 580 0110 | pon.is

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

Alda uppsagna ríður yfir

- 17 fyrirtæki segja upp 700 manns
- Isavia fækkar um 101
- 27.500 verða á atvinnuleysisbótum eða hlutastarfabótum

Helgi Bjarnason
helgi@mbli.is

Alda uppsagna ríður yfir nú fyrir mánaðamótin. Í gærkvöldi höfðu 17 fyrirtæki tilkynnt um hópuppsagn-ir til Vinnumálastofnunar og taka þær til 695 starfsmanna. Unnur Sverrisdóttir, forstjóri Vinnumála-stofnunar, segir að búast megi við að fleiri uppsagnir bætist við í dag, síðasta dag mánaðarins. Slíkar töl-ur hafa ekki sést í hópuppsögnum frá því í bankahruninu, að falli WOW air undanskildu.

Eru þetta að hennar sögn fyrir-tæki í ferðapjónustu og alls kyns annarri þjónustu, meðal annars verslanir. Sumir sem segja upp starfsfólki nú um mánaðamótin



Unnur Sverrisdóttir

nýta sér einnig hlutastarfaúr-ræði Vinnumála-stofnunar og fara blandaða leið.

Í gær höfðu rúmlega fjögur þúsund fyrirtæki sótt um minnkað starfshlutfall fyrir rúmlega 20 þúsund starfs-menn. Að auki hafði á áttunda þús-und manns sótt um atvinnuleysis-bætur þannig að greiddar eru bætur að hluta til eða öllu leyti til um 28 þúsund manns.

Meðal fyrirtækja sem segja upp starfsfólki þessa dagana er Isavia sem tilkynnti í gær um uppsögn

101 starfsmanns auk þess sem 37 starfsmönnum til viðbótar verður boðið áframhaldandi starf með minnkuðu starfshlutfalli til fram-tíðar. Jafnfamt verður dregið úr ráðningum sumarstarfsfólks. Þetta gerir Isavia vegna samdráttar í ferðapjónustunni. Flestar uppsagn-irnar verða á Keflavíkurlugvelli.

Advanina og DV segja upp




Advania sagði upp fjórtán starfs-mönnum fyrir helgi af sömu ástæð-um og Isavia. Þá fékk hátt í tugur starfsmanna DV uppsagnarbréf í gær ásamt fleiri starfsmönnum Frjálsrar fjölmiðlunar en nýlega var gengið frá kaupum Torgs, út-gáfufélags Fréttablaðsins, á fyrir-tækinu.



Fæst í matvöruverslunum,
apótekum og í netverslun.

www.lysi-life.is





Aðgerðum verður aflétt hægt

● Tilkynnt verður um næstu skref í samkomubanni fljótlega ● Ný spá vísindamanna gerir ráð fyrir meira álagi á gjörgæslu en áður var búist við ● Nú eru 30 sjúklingar á spítala, þar af 10 á gjörgæslu

Helgi Bjarnason
Freyr Bjarnason
Alexander Kristjánsson

Mesta áskorunin hjá heilbrigðisyrirvöldum nú felst í því hvenær og hvernig skuli aflétta samkomubanni og öðrum hömlum sem settar hafa verið á í samfélaginu vegna kórónusmitsfaraldursins. Þórolfur Guðnason sóttvarnalæknir sagði á upplýsingafundi almanna- varna í gær að aflétta þurfi aðgerðunum hægt, annars sé hætt á að faraldurinn blossi upp aftur.

Núverandi aðgerðir standa fram yfir páska og yfirvöld hafa sagt fólki að búa sig undir að þær verði framlengdar. Nú er verið að skoða næstu skref í því efni og verður tilkynnt í lok þessarar viku eða í byrjun þeirrar næstu hvað tekur við.

Meira álag á spítalana

Ný spá sem vísindamenn Háskóla Íslands, embættis landlæknis og Landspítalans birtu í gær bendir til að mun fleiri muni veikjast alvarlega en fyrra spálíkan gerði ráð fyrir. Er reiknað með að 120 manns þurfi innlagnar á spítala en geti orðið hátt í 200 samkvæmt svart-sýnni spá. Þegar mesta álagið verður á heilbrigðiskerfið, fyrir miðjan apríl, geti 60 sjúklingar þurft að liggja á spítala á sama tíma og upp í allt að 100. Á þeim tíma gætu 10 sjúklingar legið á gjörgæslu á sama tíma eða allt upp í 18.

Próunin til þessa í fjölda



Ljósmynd/Lögreglan

Fulltrúar dagsins Kristín S. Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, veitti upplýsingar í gær ásamt Páli Matthíassyni, forstjóra Landspítalans, Ölm D. Möller, Þórolf Guðnasoni og Víði Reynissyni.

greindra með kórónusmit er í samræmi við spálíkanið en álagið á gjörgæslu er í samræmi við svart-sýnustu spár. Nú liggja 30 sjúklingar á Landspítalanum af veikindum vegna kórónusmits. Tíu þeirra eru á gjörgæslu, þar af sjö í öndunarvél.

Fara sjaldnar í búðir

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, upplýsti í gær að nú væru 18 rúm á gjörgæslu í Fossvogi, öll helguð kórónuveikinni, en venju-

lega eru þar 6 gjörgæslurými. Fram kom hjá Páli að sex sjúklingar á Landakoti eru sýktir. Ekki hefur tekist að rekja hvernig smitið barst inn á deildina. Gerðar hafa verið ráðstafanir með einangrun og sóttkví og sérstaklega viðkvæmir sjúklingar færðir annað. Þórolfur Guðnason sagði að þótt reynt væri að draga úr hættu á að veiran bærst inn á hjúkrunarheimli með heimsóknarbönnum og öðrum aðgerðum gæti það alltaf gerst.

Stutt er í páska sem er venjulega

mikil ferðahelgi. Læknarnir á fundinum hvöttu fólk eindregið til að fylgja reglum um sóttkví og samkomubann. Mikilvægt sé að gæta sín næstu vikur og mánuði.

Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn hvatti fólk til að fara ekki í langferðir um páskana og reyna að halda sig heima. Hann sagði að verslunarfólk hefði áhyggjur af álagi um páskana og hvatti hann fólk til að fara tímanlega í búðir. Betra væri að kaupa mikið inn og fara sjaldnar í verslanir en áður.

RAUÐI KROSS ÍSLANDS

Styðja jaðarsetta hópa

Rauði kross Íslands hefur aukið fræðslu og stuðning við jaðarsetta hópa. Kristín S. Hjálmtýsdóttir framkvæmdastjóri nefnir skjólstaðinga Frú Ragnheiðar og Fröken Ragnheiðar á Akureyri, Konukots og Vinjar auk fræðslu og samtala við flóttafólk. Kristín tók þátt í upplýsingafundi Almanna- varna.

Hún nefnir einnig að heimilislausir séu berskjaldaður hópur við þessar aðstæður sem og fólk sem notar vímuefni í æð. Reynt sé að veita þessum hópum fræðslu um það hvernig þeir geta varið sig.

Einn hópurinn enn sem Rauði krossinn hugar sérstaklega að er fangar og fólk sem nýlokið hefur afplánun. Loks er haldið uppi sambandi við fólk sem býr eitt og hefur lítið tengslanet þar sem það býr.

Fjöldi símtala í hjálparsímann 1717 hefur fjór- eða fimmfaldast að undanfórnu. Aukningin er ekki síst vegna þess að hann tekur yfirfall af heilsugæslusímanum 1700.

Álpakrennur & niðurföll

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt
silfurgrátt og dökkgrátt



Pakrennurnar eru frá GRÖVIK VERK í Noregi

Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smíðjuvegi 4C | 200 Kópavogur | Sími 587 2202 | hagblikk@hagblikk.is | hagblikk.is

Skoða breytingar á fæðingarorlofi

● Þungaðar konur haldi sig heima

Konur sem gengnar eru 36 vikur eða meira er ráðlagt að halda sig heima. Þetta ítrekaði Alma D. Möller landlæknir á upplýsingafundi almanna- varna í gær.

Konur sem fara í sjálfskipaða sóttkví af þessum ástæðum fram að fæðingu þurfa að fara í ólaunað frí úr vinnu eða raska fæðingarorlofi. Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, sagði að í félagsmálaráðuneytinu væri verið að skoða reglur um fæðingarorlof í þessu sambandi.

Til að vernda starfsemina

Meðgöngu- og sængurlegudeild Landspítala var lokað í fyrradag fyrir gestakomum nýbakaðra ferða sem annarra vegna þess að faðir sem þar var með konu sinni og barni greindist með kórónuveiruna. Fimm starfsmenn spítalans voru í kjölfarið sendir í sóttkví. „Við teljum að til þess að vernda þessa mikilvægu starfsemi sem er ekki mjög mannmörg sé mjög mikilvægt að þrengja að heimsóknum eins og við höfum gert,“ sagði Páll.

Alma sagði að ráðleggingar til þungaðra kvenna byggðust á erlend- um leiðbeiningum. Ekkert benti til þess að konur á meðgöngu smituðust frekar eða yrðu veikari en aðrir. Þór-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Fæðingardeild Pabbarnir fá áfram að vera við fæðingu barna sinna.

ólfur Guðnason sóttvarnalæknir ítrekaði að þessi þessi ráðstöfun væri einkum gerð til að tryggja að konur bæru ekki með sér smit þegar þær kæmu inn á fæðingardeild í fyllingu tímans.

Páll sagði aðspurður að til tals hefði komið að banna feðrum að vera viðstaddir fæðingu barna sinna. Niðurstaðan hefði verið sú að stiga ekki það skref en tók fram að mál tengd veirunni væru endurskoðuð daglega með hliðsjón af öryggi sjúklinga.

Komið hefur fram áður að konur eru beðnar að koma einar í fósturskoðun og aðrar slíkar heimsóknir.

Flóridana

HEILSAR Í NÝJUM UMBÚÐUM



Mikill samdráttur í sölu eldsneytis

● Minni umferð endurspeglar í sölutölum olíufélaganna ● Ferðaþjónusta hefur nær lagst af og sjávarútvegur í lágdeyðu ● Minni sala olíu á báta og skip ● Veiking krónu vinnur gegn verðlækkunum

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbi.is

Samdráttur í sölu á bensíni og díselolíu frá því samkomubann var sett á er á bilinu 10-12%, að sögn Eggerts Þór Kristóferssonar forstjóra Festis sem meðal annars rekur N1. Þegar samkomubann tók gildi, sem meðal annars stöðvaði hefðbundið starf í framhalds- og háskólum, hafi strax hægst mikið á umferð og þar með sölu og svo enn frekar þegar ferðaþjónustan í landinu því sem næst lagðist niður.

Nokkrar vikur enn

„Umferð á götunum hér í borginni hefur dregist mikið saman og út á landi sjást varla bílaleigubílar eða rútur,“ segir Eggert. „Þá er sjávarútvegurinn í lágdeyðu vegna minni sölu á afurðum erlendis, sem aftur leiðir til þess að færri flutningabílar



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Eldsneyti Fyllt á bensíntankinn hjá N1 í Mosfellsbæ í hádeginu í gær.

með fisk eru á ferðinni og sala á eldsneyti á báta og skip hefur dregist saman. Hér helst allt í hendur og þetta ástand verður viðvarandi

nokkrar vikur enn. Þar koma áhrif af stöðu mála í Bretlandi og Bandaríkjunum, mikilvægustu viðskiptalöndum Íslendinga, sterk fram.“

Áhrifa kórónuveirunnar gætir sums staðar enn ekki jafn sterkt úti á landi og á höfuðborgarsvæðinu. Í því samhengi bendir Eggert á að sölu- og stöðvanet N1 úti á landi sé sterkt og sala þar hafi dregist minna saman en í borginni. Það mildi áhrifin í rekstri fyrirtækisins.

Hjá Olís hefur sala á eldsneyti dregist mikið saman á allra síðustu vikum og segir Jón Ólafur Halldórsson forstjóri fyrirtækisins það vera sem spegilmynd af umferðartölum Vegagerðarinnar. Þannig hefur umferðin á hringveginum að undanfögnu dregist saman um að jafnaði fjórðung frá meðaltali og í meira en 40% þar sem mest er. Á höfuðborgarsvæðinu sé samdrátturinn um 15%

Algengt útsöluverð á bensíni á sjálfsafgreiðslustöðvum þeim sem olíufélagin starfrækja á suðurhluta höfuðborgarsvæðins var í gær 194 kr. en gjarnan tæplega 222 kr. á

þjónustustöðvum í Reykjavík. Félag íslenskra bifreiðaeigenda bendir hins vegar á að verð eldsneytis á Íslandi hafi lækkað mun minna en á erlendum mörkuðum. Mikið framboð af eldsneyti sé nú á heimsmarkaði á sama tíma og eftirspurn gefi eftir vegna lokunar landa í faraldri kórónuveirunnar.

Fylgst með heimsmarkaði

Eggert Þór Kristófersson hjá N1 vekur athygli á því að frá miðjum janúar síðastliðnum til liðandi stundar hafi eldsneytisverð hjá fyrirtækinu lækkað um nærri 17%. Á sama tíma gefi gengi íslensku krónunnar eftir, sem sé sterkur áhrifaþáttur í allri verðþróun og vinni gegn meiri lækkunum. Það nefnir Jón Ólafur hjá Olís einnig, segir grannt fylgst með stöðu mála á heimsmarkaði og verð hér verði lækkað myndist eitthvert svigrúm til slíks.

Umferð minnk- aði mikið í mars

● Tæplega milljón færri bílferðir í mars

Umferðin á höfuðborgarsvæðinu hefur haldið áfram að dragast saman á seinustu dögum og vikum marsmánaðar. Nýjar tölur Vegagerðarinnar sem birtar voru í gær, sýna að umferðin hefur minnkað um 21% í mars frá því sem var í sama mánuði í fyrra og jafngildir það 0,7 prósentu samdrætti dag hvern.

„Samdrátturinn heldur því áfram að aukast eftir því sem samkomubann er hert og það lengist í því. Samdrátturinn í samfélaginu í heild endurspeglar í umferðinni,“ segir í umfjöllun Vegagerðarinnar. Umferðartölur um þrjú lykilmælisnið á höfuðborgarsvæðinu, sem sýna samanlagðan fjölda bíla, eftir síðustu viku liggja fyrir og bera með sér að umferðin hefur dregist saman jafnt og þétt eftir að samkomubann var sett á.

Umferðin dregst langmest saman á Hafnarfjarðarvegi

Fallið í umferð ökutækja er mikið eftir að veirufaraldurinn tók að breiðast út á seinustu tveimur vikum marsmánaðar. Tölur um uppsafnaða umferð yfir þessi þrjú lykilmælisnið frá 1. til 29. mars sýna að tæplega milljón færri bílar fóru þar um í mánuðinum en í marsmánuði í fyrra eða um 3,9 milljónir bíla í mánuðinum sem er að



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Gatnamót Bílaumferðin dróst saman um 21% í marsmánuði.

líða en rúmlega 4,9 milljónir ferða voru í marsmánuði á seinasta ári.

Umferðin hefur dregist langmest saman um Hafnarfjarðarveg. Á hinum tveimur mælisniðunum, á Reykjanesbraut og Vesturlandsvegi, er samdrátturinn svipaður. „Það er ef til vill rannsóknarefni hvers vegna umferð á Hafnarfjarðarveginum dregst miklu meira saman en á hinum tveimur sniðunum. Vegagerðin hefur í augnablikinu ekki haldþæra skýringu á þessum mikla mun á samdrætti á Hafnarfjarðarvegi annars vegar og hinum tveimur sniðunum hins vegar,“ segir í umfjöllun Vegagerðarinnar.



Morgunblaðið/Hari

Menntun Kennarar reyna nú að halda úti fjarkennslu en óttast er að hópur nemenda missi tengsl sín við skólann.

Reynt að þjónusta nemendur í breyttu umhverfi

● Innflytjendur taka börn sín úr skólum vegna veirunnar

Kristján H. Johannessen
khj@mbi.is

„Undanfarnar vikur hafa verið mjög erfiðar en nú er allt kapp lagt á að reyna að þjónusta nemendur eins og hægt er í mjög breyttu og nýju umhverfi,“ segir Þorsteinn Sæberg, formaður Skólalæknafélags Íslands, í samtali við Morgunblaðið.

Samkomubann tók gildi á Íslandi 16. mars síðastliðinn vegna mikillar útbreiðslu kórónuveiru. Á sama tíma var framhaldsskólum og háskólum lokað og tekin upp fjarkennsla. Leik- og grunnskólum er enn haldið opnum þótt þar sé starfið takmarkað og í verulega breyttri mynd.

Þorsteinn segir skólalæknendur grunnskóla hafa rætt hvort betra væri að loka þeim skólum einnig. Það sé þó lögð höfuðáhersla á að fara eftir tilmælum sóttvornalæknis og yfirvalda í faraldrinum.

„Markmið grunnskóla númer eitt er að standa sig í að halda úti því skipulagi sem farið er fram á við okkur þó aðupp hafi komið aðstaður þar sem verulega hefur orðið að bregða út af, til dæmis með lokunum skóla vegna útbreiðslu á smiti,“ segir hann og bendir á að staða skóla og kennslufyrirkomulag sé mjög misjafnt. „Það er í raun

allt í gangi,“ bendir hann á.

Þá segir Þorsteinn stjórnendur skóla leggja mikla áherslu á velferð og tengsl við nemendur. „Þegar skólastarf er orðið mjög takmarkað og nemendur eru ýmist heima eða í staðbundnu námi, þá skiptir þetta atriði, það er að halda tengslunum sterkum, mjög miklu máli.“

Ekki mætt frá samkomubanni

Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, formaður Félags grunnskólakennara, segir mikinn hug vera í sínum félagsmönnum. Staðan sé þó afar snúin og óvissan mikil.

„Þó að kennarastarfið sé fjölbreytt og engir tveir dagar eins þá er skipulag skólstarfs mjög niðurnjörvað og ákveðið með löngum fyrirvara. Fyrir grunnskólakennara er þessi áskorun því rosaleg og óvissan um framhaldið afar lýjandi. En ég held að kennarar séu að bregðast við með öllum sínum ráðum,“ segir hún.

Þorgerður Laufey segir sum börn ekki hafa mætt í skólann frá því að samkomubann tók gildi, einkum börn innflytjenda. Er þetta áhyggjuefni, að hennar mati.

„Foreldrar erlendra barna hafa í stórum stíl tekið börn sín úr skólunum. Oft á tíðum er þessi hópur að fylgjast með fréttum frá sínu heimalandi og þar er brugðist öðru-

vísi við en hér,“ segir hún.

Sigurður Sigurjónsson er formaður Félags stjórnenda leikskóla. Hann segir stöðuna almennt góða og að stjórnendur og starfsfólk leikskóla geri sér vel grein fyrir erfiðri stöðu skólakerfisins. Sumir séu þó hræddir um eigin heilsu.

„Það má ekki gleyma því að þessi stétt er ekki sú yngsta. Sumir eru hræddir um sjálfa sig og sína fjölskyldu. Kennarar eru innan um nemendur og foreldra sem koma með börn sín í skólana,“ segir hann, en Morgunblaðið hefur áður greint frá áhyggjum leikskólalæknis sem segja smíthættu fylgja kómun foreldra inn á leikskólana.

Guðjón Hreinn Hauksson, formaður Félags framhaldsskólakennara, segir kennara nú reyna að sinna vinnu sinni að heiman. „Þetta ástand hittir fólk þó á ýmsa vegu og nemendur og kennarar eiga misauðvelt með þetta. Sums staðar gengur þetta vel en annars staðar eru nemendur að hverfa.“



Skannaðu kóðann til að lesa

mbl.is

Hitataekni hitataekni.is
Smiðjuvegur 10, 200 Kópavogur - Sími 588 60 70

klímat k7 – sjö viftur í einni
Ein sú hljóðlátasta á markaðinum (17-25 dB)

Sjálfvirk, raka- og hitastýring, fer sjálfkrafa í gang þegar ljós eru kveikt eða við hreyfingu í rými.

Klímat K7 er fjölnota vifta, þróuð og framleidd í Svíþjóð.

Sigurvegari
2016


DVERGARIR®

Bestu undirstöðurnar fyrir SÓLPALLINN – SUMARHÚSIÐ – GIRÐINGUNA

**FÁST Í BYGGINGAVÖRU-
VERSLUNUM**



SÉRHÖNNUÐ TENGISTYKKI



ÖFLUGAR UNDIRSTÖÐUR



Frábær hönnun, styrkur og léttleiki tryggja
betri undirstöðu og festu í jarðvegi.


Skoðið nýju
heimasíðuna
islandshus.is



Við framleiðum lausnir

Sími 577 6700 / islandshus@islandshus.is / www.islandshus.is

ÍSLANDSHÚS



STAKSTEINAR

Veiran er dýr

Efnahagslegi aðgerðapakinn sem ríkisstjórn og Alþingi hafa verið að berja saman að undanförunu og þingið afgreiddi í gær er mikill að vöxtum og frestar ýmsum vanda. Vonandi dugar sá frestur, en að vísu er ekki gert ráð fyrir því. Þetta er óhætt að fullyrða vegna þess að í nefndaráli efnahags- og viðskiptanefndar, sem allir nefndarmenn undirrita, þó að stjórnarandstaðan setji nokkra fyrirvara, segir: „Nefndin ítrekar enn og aftur að ljóst er að aðgerðum stjórnvalda lýkur ekki með þessu frumvarpi.“

Þrátt fyrir þetta segir nefndin að frumvarpið, með breytingum nefndarinnar, sé „stórt skref í rétta átt og mun skipta sköpum við að takmarka þann óhjákvæmilega skaða sem verður vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.“

Athyglisvert er að þrátt fyrir umfangið eru frestanir frumvarpsins ekki taldar duga. Næstu aðgerðir munu vonandi snúast um lækkan skatta í stað frestunar. Það er óhjákvæmilegt ef ætlunin er að lyfta atvinnulífnum hratt upp úr öldudalnum að loknum faraldri.

En Ísland er ekki eitt um að samþykkja risapakka sem er fyrirsjáanlega ófullnægjandi. Bandaríkjanþing var varla búin að samþykkja sinn risapakka, nærri 300.000.000.000.000 króna, þegar umræður hófust þar um næstu aðgerðir.

Veiran telst ekki dýr, en hún ætlar að verða dýr.

Hægt er að lýsa skoðun á ritstjórnargreinum Morgunblaðsins á slóðinni <http://mbl.is/mogginn/leidarar/>

Vilja reisa vindmyllur í Norðurárdal

● Hagstætt vindafar og nálægð við Hrutatungulínu ● Allt að 30 megavött

Fyrirhugað er að reisa 2-6 vindmyllur á Grjóthálsi í Norðurárdal í landi Hafþórsstaða og Sigmundarstaða. Áætlað afl vindmyllanna er 9,8-30 MW og er markmið verkefnisins að nýta vindorku til vinnslu rafmagns og mæta vaxandi orkuþörf í landinu.

Framkvæmdaraðili er félag sem stofnað yrdi um framkvæmdina í samstarfi við eigendur Hafþórsstaða

og Sigmundarstaða. Í tillögu VSÓ-ráðgjafar að matsáætlun kemur fram að fýsileiki staðsetningar felist helst í hagstæðu vindafari og nálægð við dreifilínu, en Hrutatungulína 1 liggur í gegnum jarðirnar. Þá liggur slóði, Grjóthálsvegur, nú þegar um fyrirhugað framkvæmdasvæði og stefnt er að því að nýta hann í tengslum við framkvæmdina. Svæð-



ið er því þegar raskað af mannavöldum, segir í tillögunni.

Í valkostum framkvæmdar er miðað við tvær hæðir á vindmyllum, annarsvegar vindmyllur með 85 metra háan turn sem eru 150 metrar að hæð með spaða í efstu stöðu og hins vegar vindmyllur með um 80 metra háan turn, 135 metrar að hæð með spaða í efstu stöðu. Til samanburðar má nefna að vindmyllur Landsvirkjunar við Búrfell eru 77 metrar háar með spaða í efstu stöðu. aij@mbl.is

Bláa stellið er komið



Opið virka daga kl. 10-18, lokað laugardaga

LAURA ASHLEY

Faxafeni 14, 108 Reykjavík | Sími 551 6646 | [f Laura Ashley á Íslandi](#)

STÖNDUM SAMAN

Pieta finnur fyrir breyttu mynstri

● Samtökin auka síma- og fjarþjónustu sína



Kristín Ólafsdóttir

Til að koma til móts við samfélagið þá hafa Pieta-samtökin aukið síma- og fjarþjónustu sína, netspjallið er opið og meðferðaraðilar leggja mikið á sig til þess að finna leiðir til að halda áfram meðferðarstarfi.

„Engum er vísað frá og besta leiðin er fundin fyrir hvern einstakling fyrir sig. Á þessum krefjandi tímum finnum við fyrir breytingu á mynstri þeirra sem til okkar leita,“ segir Kristín Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Pieta-samtakanna.

„Þó svo að almenn þjónusta þarna úti í samfélaginu hafi breyst eða skerst þá er mikilvægt að muna að fæstum líður betur í svona ástandi og því verður að minna á að allir eru jafn mikilvægir. Það hefur hvarflað að mér sá möguleiki að fólk upplifi að það sé skortur á heilbrigðisþjónustu og fólk jafnvel hugsi að það sé að taka tíma frá öðrum sem þurfi meira á honum að halda en það sjálf. Það er ekki rétt,“ segir Kristín enn fremur.

Þegar einstaklingar þurfa önnur meðferðarúræði en þau sem Pieta hefur þá reyna samtökin að aðstoða með hvert hægt er að leita. Kristín segir biðina vissulega geta verið lengri en ella þar sem samtökin verði að takmarka fjölda gesta í húsið á Baldursgötuna. Stuðningshóparnir hafa að hluta fallið niður en séra Bjarni Karlsson hefur t.d. fært karlahópin sinn út undir bert loft.

Netspjallið er fram á vefsíðunni pieta.is. Sími samtakanna er 552-2218 og netfangið pieta@pieta.is.



Ný sending frá
KARITRAA





Rusl Blautklútar eiga heima í ruslinu en ekki í salerninu.

Blautklútar eru enn til trafala

● Fólk beðið um að henda þeim í ruslið

Magn blautklúta í frárennsliskerfi Reykjavíkur hefur minnkað en er enn mikið og veldur vandræðum, að sögn Ólafar Snæhólm, upplýsinga-fulltrúa hjá Veitum.

Fyrir um viku var hreinsistöð fráveitu við Klettagarða í Reykjavík óstarfhæf vegna mikils magns af blautklútum í fráveitukerfinu og fyrir bragðið fór skólp óhreinsað í sjóinn. Ólöf segir að nokkra sólarhringa hafi tekið að hreinsa dælur og annan búnað stöðvarinnar en hún sé komin í gagnid á ný.

„Ennþá berst mjög mikið magn af blautklútum inn í fráveitukerfið og það eru vinsamleg tilmæli frá okkur til fólks að setja blautklúta í ruslið,“ segir Ólöf.

Hrun í tekjum þjóðgarðsins

● Gleðilegt að sjá Íslendinga á Pingvöllum ● Erlendir ferðamenn hafa ekki sést í marga daga ● 1,3 milljónir gesta komu í fyrra og hálfur milljarður í sértekjur

Ágúst Ingi Jónsson
aij@mbi.is

Hundruð Íslendinga lögðu leið sína til Pingvalla um helgina og mátti sjá talsverðan fjölda fólks í Almannagjá, við Óxarárfoss eða á gönguskiðum um Pingvallahraun. Einar Á.E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður segir þetta hafa verið mjög gleðilegt en vill ítreka við fólk að virða samkomubann og tveggja metra fjarlægð. Heimsóknir erlendra ferðamanna í þjóðgarðinn hafa hinsvegar hrúnið í faraldrinum og segir Einar það áhyggjuefni því um leið hrynji sértekjur þjóðgarðsins.

Rætt við ráðuneytið

Í fyrra voru þessar sértekjur um hálfur milljarður króna sem fara til rekstrar þjóðgarðsins og komu þær einkum með innheimtu gjalda fyrir bílastæði, sölu tjald- og veiðileyfa og af starfsemi í Silfri. „Hér hefur ekki sést erlendir ferðamaður í marga daga en bæði í fyrra og hittifyrra komu hingað um 1,3 milljónir gesta, erlendir ferðamenn að langstærstum hluta. Það segir sig sjálft að það er mikið högg fyrir starfsemiina ef þessar tekjur hverfa í nokkra mánuði,“ segir Einar.

Í kjölfar samkomubanns var gestastofunni á Hakinu lokað mánudaginn 16. mars en salerni utan við gestastofu eru opin og þrífir



Morgunblaðið/Björn Jóhann

Pingvellir Íslenskir ferðamenn á Hakinu um helgina en hundruð Íslendinga lögðu þá leið sín í þjóðgarðinn.

ásamt salernum við þjónustumiðstöðina. Til stóð að opna þjónustumiðstöðina á Leirum nú í byrjun apríl, en því hefur verið frestað þar til óvissu um samkomubann er eytt.

Einar segir að viðræður séu í gangi við umhverfisráðuneytið um starfsemi þjóðgarðsins og þá

óvæntu stöðu sem sé uppi og hvernig hægt sé að bregðast við. Þetta eigi til dæmis við um hagræðingu í rekstri, einstaka minni framkvæmdir, sem fjármagna átti af sértekjum, og annað samkomuhald, en þjóðgarðurinn á 90 ára afmæli í ár. Um 25 manns starfa hjá Þjóðgarðinum á Pingvöllum.

Tekjutapið hefur ekki áhrif á framkvæmdir sem eru fjármagnaðar eftir öðrum leiðum t.d. á innviðaaætlun eða með sérstakri fjárheimild. Framkvæmdir eru að hefjast við ný salerni á nokkrum stöðum og nýjan útsýnispall við Hrafnagjá við austurjaðar sigdældarinnar á Pingvöllum.

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Brims hf. verður haldinn í dag,
31. mars 2020 og hefst hann klukkan 17:00
Fundurinn fer fram á íslensku.



Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. gr. 4.11 í samþykktum félagsins.
2. Tillaga um heimild til félagsstjórnar um kaup á eigin hlutum skv. 55. gr. hlutafélagalaga.
3. Skýrsla stjórnar um kosti og galla tilnefningarnefnda skv. samþykkt síðasta aðalfundar.
4. Tillaga stjórnar vegna samþykktar á hluthafafundi 12. desember 2019 um að fela stjórn félagsins að leggja fram til samþykktar eða synjunar tillögur sem miða að því að auka möguleika erlendra aðila til óbeinnar fjárfestingar í félaginu.
5. Önnur mál.

Þar sem heilbrigðisráðherra hefur ákveðið, í samræmi við tillögu sóttvarnarlæknis, að takmarka samkomur vegna útbreiðslu Covid-19 veirunnar hefur verið lagt bann við því að halda fjölmennan fund. Í ljósi þess og ábendingum frá hluthöfum félagsins beinir stjórnin því til hluthafa að **mæta ekki** á aðalfundinn heldur kjósa fyrirfram skriflega um tillögur fundarins og fela fundarstjóra umboð til að kjósa á fundinum fyrir sína hönd. Gert er ráð fyrir að einungis mæti á fundarstað starfsmenn fundarins, forstjóri og stjórnarformaður.

SKRIFLEG KOSNING

Eyðublað fyrir skriflega kosningu og leiðbeiningar er að finna á heimasíðu félagsins: <https://www.brim.is/brim/fjarfestar/adalfundur2020/>

Skulu hluthafar senda útfyllt eyðublað á netfangið: adalfundur@brim.is og verður tekið við þeim þar til fundurinn hefst kl. 17:00 á aðalfundardaginn.

SKRIFLEGT UMBOÐ

Jafnframt má senda þeim sem koma til með að sitja fundinn umboð með saman hætti og greinir hér að framan. Eyðublað og leiðbeiningar um það er að finna á heimasíðu félagsins: <https://www.brim.is/brim/fjarfestar/adalfundur2020/>

Frestur hluthafa til að senda félaginu umboð og skrifleg atkvæði er þar til fundurinn hefst kl. 17:00 á aðalfundardaginn á netfangið: adalfundur@brim.is

Fundurinn verður sendur út gegnum heimasíðu félagsins: <https://www.brim.is/brim/fjarfestar/adalfundur2020/> þar verður útbúinn sérstakur

hlekkur áður en fundur hefst. Aðgangsorð inn á fundinn verður sent við móttöku atkvæðaseðils með umboði.

Nánari upplýsingar veita:

Inga Jóna Friðgeirsdóttir, fjármálastjóri í síma 858-1170 eða á netfangið ingajona@brim.is

Jón Þór Andrésson í síma 858-1030 eða á netfangið jonthor@brim.is

Aðrar upplýsingar

Dagskrá og öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins og tillögur eru hluthöfum tiltæk á íslensku, á heimasíðu félagsins.

Allar nánari upplýsingar um aðalfundinn er að finna á vefsíðu félagsins, www.brim.is

Stjórn Brims hf.

Engar tekjur vegna lokunar

● Félög í almannabágu lenda illa í því

Guðni Einarsson
gudni@mbi.is

Samkomu- og nálægðarbann hefur m.a. leitt til lokunar söfnunarkassa Íslandsspila. Rauði kross Íslands (RKÍ), Slysavarnafélagið Landsbjörg (SL) og Samtök áhugasamleika um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ) missa því af mikilvægum tekjum. Ágóðinn af rekstri kassanna rennur til eigenda í hlutfalli við eignarhluti. RKÍ á 64%, SL 26,5% og SÁÁ 9,5%. Fram hefur komið að SÁÁ á nú í vanda vegna þess að stór hluti af sjálfsaflafé samtakanna hefur horfið.

„Áætlanir fyrir þetta ár standast engan veginn. Þetta er algjört tekjufall. Það kemur sér mjög illa fyrir Rauða krossinn að missa tekjurnar af spilakössunum,“ sagði Kristín S. Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri RKÍ og formaður stjórnar Íslandsspila. „Við fjármögnum innanlandsstarfið að stórum hluta með þessum tekjum. Þar með talið símann 1717 og neyðarvarnir hringinn í kringum landið. Þessar tekjur hafa dregist saman undanfarin ár, en nú varð algjört hrun. Við erum að endurskoða fjárhagsáætlanir og skoða hvað við getum gert.“

Auk þess að missa tekjurnar af spilakössunum hefur ekki verið hægt að hafa verslanir Rauða krossins opnar. Kristín sagði að þau yrðu því að treysta á Mannvini Rauða krossins sem styðja félagið með mánaðarlegum framlögum. Algjör óvissa ríkir um hve lengi þetta ástand varir.

„Nú eru ólögleg netspilunarfyrirtæki að herða sig í auglýsingum. Ef spilararnir hafa ekki spilakassana þá fara þeir eitthvað annað. Það fara nokkrir milljarðar úr landi á hverju ári til erlendra fyrirtækja vegna netspilamennsku. Fjármunir sem Íslandsspil afla fara beint til mannúðarmála, björgunarsveita og SÁÁ.“



Morgunblaðið/Kristinn

Lokun Rauði krossinn, Slysavarnafélagið Landsbjörg og SÁÁ tapa.

Kristín sagði að Íslandsspil hefðu sótt um að fá að bjóða upp á spil á netinu en ekki fengið. Félagið hefði því dregist aftur úr þróuninni. Einnig gildi þrengri reglur um Íslandsspil en Happraðtti HÍ sem m.a. getur samtengt spilakassa og verið með Gullpott í Gullnámunni.

Stór liður í fjáröflun SL

Jón Svanberg Hjartarson, framkvæmdastjóri SL og stjórnarformaður í Íslandsspilum, sagði að tekjutap vegna söfnunarkassanna kæmi illa við SL. „Þetta er stór fjáröflun hjá félaginu,“ sagði Jón. Hann var sömu skoðunar og Kristín að það hefði staðið Íslandsspilum fyrir þrífum að fá ekki að bjóða upp á netspilun. Eins væri mjög skökk samkeppnisstaða við Gullnámu HHÍ. Jón sagði ástandið undirstrika að breyta þyrfti umhverfinu í fjáröflun samtaka sem starfa í almannabágu, líkt og þeirra sem treystu á tekjur frá Íslandsspilum.

Hann sagði að tekjur SL frá Íslandsspilum hefðu verið tæpar 177 milljónir í fyrra og höfðu þá lækkað talsvert frá 2018 þegar um 210 milljónir komu í þeirra hlut. Samkvæmt því greiddu Íslandsspil eigendum um 668 milljónir 2019. RKÍ hefur þá fengið um 427 milljónir og SÁÁ um 64 milljónir.

Hugurinn hreinsast á fjöllum

● Vetrarsportið er í algleymingi ● Á snjóbíll og sleða um Þingvalla- og Laugardalsfjöllin ● Hvítar breiður á hálendi haldast áfram

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

Mikill snjór er um þessar mundir á hálendinu og góðar aðstæður vélsleðaferða um fjöll og dali. Margir hafa verið á faraldsfæti og í sleðaferðum á sunnanverðu landinu leggja margir upp frá Lyngdalsheiði og var sú raunin um helgina. Leið manna liggur þá gjarnan að Þingvalla- og Laugardalsfjöllum, að Hlöðufelli og jafnvel inn á Langjökul. Hvítar hjarnbreiður gera landið allt að einni braut og leiðin er greið.

Snjóbíll og vélsleðar

„Þetta var dýrðarinnar dagur. Hugurinn hreinsast á fjöllum og veitir ekki af í ástandi eins og nú er,“ segir Helgi J. Jóhannsson á Selfossi sem var í fjallaferð síðastliðinn laugardag með sonum sínum tveimur; Jóhanni Valgeir og Oddi Heiðari. Farkostir þeirra voru tveir vélsleðar og lítill snjóbíll af gerðinni Snow Track/Master, árgerð 1975. Sá farkostur var lengi í eigu Landssímans á Egilsstöðum og seinna björgunarsveita.

„Snjóbíllinn er öflugt tæki, sem kemst um 25 kílómetra á klukkustund. Hélt því í við breiðdekkjaða jeppa sem oft lentu í fyrirstöðum í lausamjöllinni og driftum. Um helgina var mikill fjöldi fólks á fjöllum, svo sem við Skjaldbreið og Hrafnabjörgin, og vonandi fáum við fleiri svona frábæra daga á næstunni,“ sagði Helgi.

Margir voru á vélsleðum á Mosfellsheiðinni um helgina. „Ég hef helst af því áhyggjur núna að snjóinn sé allan að taka upp. Vonandi helst þetta þó eitthvað lengur og veðurspáin gefur okkur tilefni til þess að ætla að svo verði. Mér finnst alveg einstök lífsgæði felast í sleðasportinu,“ sagði Þorsteinn Halldórsson úr Reykjavík sem með félögum sínum var á sleða við Skálafell á laugardaginn.

Snjór með meira móti

„Snjóalög á hálendinu eru nú með meira móti, þá ekki sist á landinu norðanverðu,“ segir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur.



Fararskjótar Tveir vélsleðar og snjóbíllinn sem er af gerðinni Snow Track/Master og er árgerð 1975.

Morgunblaðið/Sigurður Bogi



Feðgar Oddur Heiðar, til vinstri, og Jóhann Valgeir og Helgi Jóhannsson faðir þeirra fyrir miðju.



Fjallamaður Þorsteinn Halldórsson var á Mosfellsheiði með nokkrum félögum sínum.

Á sunnanverðu landinu hafi taki snjó sem er neðan við 300 metra hæðarlínuna tekið upp nokkuð hratt síðustu daga. Frá miðri líðandi viku sé spáð frosti víða um landið og snjór muni því haldast áfram – og norðanlands og á Vestfjörðum muni bæta í.

STÖNDUM SAMAN



Tónleikar Óskar Einarsson fær til sín gesti heima í stofu á fimmtudagskvöldum.

Hittumst heima á fimmtudagskvöldum

Óskar Einarsson, Hrönn Svansdóttir og Fanney Tryggvadóttir hafa undanfarin tvö fimmtudagskvöld staðið fyrir tónleikunum „Hittumst heima“ á Facebook. Hvítasunnukirkjan Filadelfía stendur fyrir tónleikunum en þar er einnig boðið upp á „andlega næringu“ eins og það er orðað í fréttatilkynningu.

Síðasta fimmtudagskvöld mætti Páll Rósinkrans sem gestur en kl. 21 nk. fimmtudagskvöld, 2. apríl, mætir Greta Salóme.

Að sögn Óskars Einarssonar hafa heimsóknir á síðuna verið um 10 þúsund talsins sem sýnir vel þörfina sem fólk hefur fyrir afþreyingu heima í stofu í miðjum kórónuveirufaraldri.

Kerti á hverju kvöldi í þakklætisskyni

Hjónin Inga Björt H. Oddsteinsdóttir og Brandur Jón Guðjónsson á Selfossi sendu Stöndum saman þessa mynd af kertalukt sem þau setja út á hverju kvöldi kl. 19. Gera þau þetta í þakklætisskyni fyrir alla þá „sem standa vaktina fyrir okkur hin sem getum verið heima, og eigum að vera heima.“ Þau segja ekkert að því að fara út á stétt og klappa en kertaljósinn logi lengur fram eftir hverju kvöldi.



Lukt hjá Ingu og Brandi á Selfossi.

Hugarafi streymir á föstudögum kl. 11-12

Hugarafi stendur fyrir beinu samtali við þjóðina á Facebook-síðu sinni á föstudögum milli kl. 11 og 12. Yfir þúsund manns hafa skoðað streymið, segir Auður Axelsdóttir hjá Hugarafi. Næsta föstudag mun Bragi Reynir Sæmundsson, sálfræðingur Hugarafs, sjá um samtalið. Ætlunin með þessu er að bæta geðheilsu landans nú um stundir.



HSRETTING.IS
547 0330

BÍLARÉTTINGAR
OG SPRAUTUN

- Fagleg þjónusta
- Vönduð vinnubrögð
- Frítt tjónamat

LÁTTU OKKUR UM MÁLIÐ

- BÍLARÉTTINGAR
- PLASTVIÐGERÐIR
- SPRAUTUN

sikkens

Hægt er að bóka tjónaskoðun hjá okkur á netinu

SAMNINGAR VIÐ
ÖLL TRYGGINGAFÉLÖG

SIÓVÁ

vörður

VÍS

TM



Hvaleyrabraut 2, 220 Hafnarfirði | Sími: 547 0330 | hsretting@hsretting.is | hsretting.is

OMX I10	1.730 -0.83	OMX C	1.105 2.67	OMX H	7.513 0.16	Dow Jones	21.637 -4.06	FTSE	5.564 0.97
OMX N40	1.416 2.19	OMX S	1.449 2.11	OSEBX	687 3.01	Nasdaq	7.502 -3.79	DAX	9.816 1.90

Hagnaðurinn 1,1 milljarður

● Íslandshótel vel búin undir áfallið

Hagnaður Íslandshótela nam rúmum 1,1 milljarði króna á árinu 2019 samkvæmt nýbirtum ársreikningi. Dróst hagnaðurinn saman um 22,5% frá fyrra ári. Drögust rekstrartekjur saman um 585 milljónir. Rekstrarkostnaður dróst saman yfir sama tímabil um 519 milljónir. Rekstrarkostnaðurinn lækkaði einkum vegna innleiðingar IFRS 16 endurskoðunarstaðalsins en með henni er gæidd húsaleiga færð til lækkunar á leiguskuld og sem vaxtagjöld í stað gjaldfærslu áður.

Fjármagnskostnaður jókst þess vegna mikið og námu hrein fjármagnsgjöld 1.125 milljónum, sam- anborið við 841 milljón árið 2018.

Eignirnar rúmir 50 milljarðar

Eignir Íslandshótela námu 50,4 milljörðum í árslok 2019, sam- anborið við 39,6 milljarða í árslok 2018. Munar þar mestu um virðisbreytingu fasteigna og lóða sem nam 3,9 milljörðum og því að nú eru leigugeignir bókfærðar bók- færðar á tæpa 7,3 milljarða en leiguskuldbindingar Íslandshótela námu rúmum 7,4 milljörðum um nýliðin áramót.

Skuldir félagsins jukust um tæpa 8,5 milljarða á árinu 2019. Vegur þar bókfærð leiguskuldbinding mestu eða 7,1 milljarði, tekju- skattsskuldbinding hækkar um 600 milljónir og langtímalán vaxa um tæpar 400 milljónir. Eigið fé Íslandshótela stóð í 19,1 milljarði árslok og hafði vaxið um 2,3 milljarða frá fyrra ári. Eiginfjárlutfall reiknast 38% og hafði lækkað um 4,5 prósentur frá fyrra ári.

Með lánalínu við bankann

Í skýrslu stjórnar sem fylgir árs- reikningi segir að stjórnin fylgist nú náið með þróun mála vegna verulegra áhrifa á ferðapjónustuna og að unnið sé að mótvæg- isaðgerðum í rekstri félagsins. Fé- lagið nýti úrræði ríkisstjórn- arinnar, hafi tryggt sér lánalínu frá viðskiptabanka sínum og stjórnin segir félagið vel í stakk búið til að takast á við óvissuna. sos@mbl.is

Tekjutapið 260 milljarðar

- Tekjufall í ferðapjónustu frá miðjum mars og út ágúst yrði þjóðarbúinu dýrt
- Samsvarar 700 þúsund á hvern landsmann ● Á móti sparast útgjöld erlendis

BAKSVIÐ

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is



Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru tekjurnar af erlendum ferðamönnum um 380 milljarðar fyrstu þrjá árs- fjórðungana í fyrra. Ber þá að hafa í huga að flugfélagið WOW air var starfandi til 28. mars.

Sé þessum tekjum deilt niður á fjölda daga í mánuði má gera ráð fyrir að tekjur íslenskrar ferðapjónustu hafi verið um 250 milljarðar frá 15. mars til 31. ágúst í fyrra. Er nú útlit fyrir tekjufall þetta tímabil.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhafgræð- ingur Íslandsbanka, áætlað aðspurð- ur að tekjutapið geti numið um 260 milljörðum á ársfjórðungunum þrem- ur miðað við framangreindar forsend- ur og m.t.t. innbýrðis dreifingar á fjölda ferðamanna innan hvers árs- fjórðungs. Þótt séu enn líkur á að ein- hver hluti háannatímans skili sér í greininni.

Á móti sparist innflutt kaup á að- föngum vegna ferðapjónustu. Ætla megi að þau geti numið að minnsta kosti 20-25% af heildartekjum af er- lendum ferðamönnum. Samkvæmt því sparast í það minnsta ríflega 60 milljarðar í gjaldeyriskaup.

Það vegur á móti gjaldeyristapinu.

Minni neysla Íslendinga

Enn fremur muni neysla íslenskra ferðamanna erlendis dragast gríðar- lega saman sem og innflutningur vegna neyslu almennt. Þá kunni fjár- festingar innanlands að skreppa tals- vert saman.

Ríkissjóður hefur miklar skatt- tekjur af ferðapjónustu. Þar á meðal eru skatttekjur af innflutningi fyrir- tækja í ferðapjónustu á ýmsum vörum. Virðisaukaskattur af neyslu erlendra ferðamanna hér á landi er jafnframt verulegur og það gildir líka um tekjuskatt af launum. Telur Jón Bjarki einsýnt að þær skatttekjur hlaupi á tugum milljarða.

Ríkið færi minni skatttekjur


Við þetta bætist að fjárfesting í ferðapjónustu verður að líkindum minni en ella. Með því verður ríkis- sjóður einnig af skatttekjum.

Áhrifin á ferðapjónustuna verða meiri eftir því sem röskunin varir

Áætlað tekjutap ferðapjónustunnar*

Tekjutap í milljörðum kr. frá 15. mars til 31. ágúst eftir ársfjórðungum

■ Tekjur árið 2019** ■ Áætlaðar tekjur 2020***



*Tekjur af erlendum ferðamönnum á Íslandi og tekjur íslenskra flugfélaga af því að flytja erlenda farþegar hvort sem það er til og frá Íslandi eða annars staðar. **Heimild: Hagstofa Íslands. ***Ætlan Íslandsbanka.



Morgunblaðið/RAX

Reynisfjara Gríðarlegt tekjufall hefur orðið í ferðapjónustu í ár.

lengur. Á þriðja ársfjórðungi í fyrra námu gjaldeyristekjur í ferðapjón-ustu samtals um 169 milljörðum kr. Neysla erlendra ferðamanna hér á landi nam um 120 milljörðum kr. á sama tímabili og tekjur íslenskra flugfélaga af fargjaldatekjum greidd- um í erlendri mynt um 49 milljörðum króna. Tekjurnar á fjórða fjórðungi í fyrra námu samtals um 88,6 milljörð- um króna.

Til að setja þessa þróun í samhengi segir Jón Bjarki að skellurinn af hvarfi síldarinnar á seinni hluta sjö- unda áratugarins hafi numið 8-9% af landsframleiðslu í töpuðum útflut- ningstekjum, sem myndi samsvara um 250 milljörðum miðað við landsfram-

leiðslu síðasta árs. „Þá varð hins veg- ar sáralítill samdráttur í innflutningi á móti,“ segir Jón.

Vilborg Helga Júlíusdóttir, hag- fræðingur Samtaka ferðapjónustunn- ar, segir aðspurð að áður nefnd tala, um 250 milljarðar, sé ekki fjarri lagi. Samkvæmt hennar áætlun gæti neysla elendra ferðamanna hér á landi frá miðjum mars til ágústloka hafa verið um 208 milljarðar eða um 17% af heildargjalddeyriskerfum þjóð- arinnar. Fjölbreytt neyslu innanlands hafi verið um 125 milljarðar og far- gjaldatekjur um 83 milljarðar.

Til samanburðar hafi neysla Ís- lendinga á ferðalögum erlendis í fyrra numið um 179 milljörðum kr. Jafn-

framt hafi Íslendingar keypt flugmiða með erlendum flugfélögum fyrir um 15 milljarða. „Nú þegar ferðabann er víðs vegar um heiminn er tækifæri fyrir Íslendinga að ferðast um eigið land í sumar. Það dregur úr því þunga höggi sem ferðapjónustan verður fyr- ir vegna kórónuveirufaraldursins.“

Útlitið hjart í ársbyrjun

Þá bendir Vilborg á að ferðaárið 2020 hafi lítið vel út í byrjun árs. Við- mælendur hennar í ferðapjónustu hafi verið jákvæðir en nú horfi menn fram á óvissutíma. Það sé jafnframt mikilvægt að hafa í huga að þetta sé tímabundið ástand. Þrátt fyrir þrönga stöðu muni ferðapjónustan eins og aðrar atvinnugreinar rísa undir þessari áskorun.

Skarphéðinn Steinarsson ferða- málástjóri segir Ferðamálastofu vinna að útreikningum á áætluðu tapi ferðapjónustunnar. Það sé gert út frá mismunandi sviðsmyndum um fjölda ferðamanna fram í tímann. Ljóst sé að höggið verði þýngst yfir sumarið. Meðal annars komi þá verðmætustu ferðamennirnir. Þá dvelji þeir lengst og fari víðast.

„Við erum að reyna að ná utan um þetta til að sjá hver þróunin geti orðið í ferðapjónustunni. Við horfum fram á algjört tekjuhrun. Það voru engar tekjur síðari hlutann í mars, engar tekjur í apríl og mjög óverulegar tekjur í maí,“ segir Skarphéðinn. Óvissa sé um framhaldið. Nú síðast hafi EasyJet greint frá því að flugflot- anum yrði lagt út maí.

Óvist um framhaldið

„Það veit enginn hvernig ferða- pjónustan fer af stað aftur. Hver verða áhrifin á ferðahegðun? Mun fólki líða vel með að ferðast til ann- arra landa í júní eða júlí?“ spyr Skarphéðinn. Önnur lönd leggi nú mikla áherslu á ferðalög innanlands í sumar. Ísland sé hins vegar í þeirri stöðu að hafa fleiri erlenda ferðamenn á hvern íbúa en flestar þjóðir. Á hin- um Norðurlöndunum sé innanlands- markaðurinn um 50% af ferðapjón- ustunni en innan við tíundi hluti á Íslandi. „Ef það verður 50% sam- dráttur þarf að fá Íslendinga til að ferðast fimm sinnum meira en áður og það er auðvitað útilokað,“ segir Skarphéðinn. Vísar hann þá til hlut- falls gistinátta.

INNlifun

Suðurlandsbraut 26 Sími: 587 2700

Opíð 11-18 virka daga, 11-16 laugardaga www.alno.is

Kvika hækkadi mest en TM lækkaði mest allra

● Kvika banki hækkadi um 3,54% í við- skiptum í Kauphöll í gær. Þá hækkuðu bréf Eimskipafélagsins um 2,13%. Ice- landair hækkadi um 1,93%. TM lækkaði um 5,0% og Eik fasteignafélag um 2,99%. Þá lækkaði Arion banki um 2,61% í viðskiptunum. **Úrvalsvísitalan lækkaði um 0,83%** í viðskiptum gær- dagsins. Hún hefur nú lækkað um 18,45% frá áramótum.

31. mars 2020			
Gengi	Kaup	Sala	Mið
Dollari	139.5	140.16	139.83
Sterlingspund	171.08	171.92	171.5
Kanadadallur	99.13	99.71	99.42
Dönsk króna	20.577	20.697	20.637
Norsk króna	13.275	13.353	13.314
Sænsk króna	13.976	14.058	14.017
Svissn. franki	144.93	145.73	145.33
Japanskt jen	1.2824	1.29	1.2862
SDR	190.55	191.69	191.12
Evra	153.57	154.43	154.0
Meðalgengi/Viðskiptavog þróng			181.0626
Hrávöruverð			
Gull	▲ 1621.2 (\$/únsa)		
Ál	▼ 1506.0 (\$/tonn) LME		
Hrólía	▼ 26.68 (\$/fatið) Brent		

Útgöngubann í Moskvu

● Rúmlega 36.000 manns hafa látist af völdum kórónuveirunnar ● Meira en 100.000 tilfelli á Ítalíu ● Sjúkraskipið USNS Comfort komið til New York-borgar

Stefán Gunnar Sveinsson
sgs@mbl.is

Rúmlega 36.000 manns hafa nú látist af völdum kórónuveirunnar og hafa bæði Moskva, höfuðborg Rússlands, og Lagos, höfuðborg Nígeríu, nú bæst í hóp stórborga heimsins þar sem útgöngubann hefur tekið gildi. Hægt hefur aðeins á fjölgun nýrra tilfella á Ítalíu og á Spáni, en rúmlega 400.000 af þeim rúmlega 766.000 tilfellum sem greinst hafa eru í ríkjum Evrópu.

Donald Trump Bandaríkjaforseti og Vladimir Pútín forseti Rússlands töluðu saman í síma í gær og ræddu um nánara samstarf í baráttu ríkjanna gegn kórónuveirunni. Þá ræddu forsetarnir einnig þá stöðu sem komin væri upp með sífallandi heimsmarkaðsverði á hráolíu, sem er ein helsta útflutningsvara Rússa.

Óvissa um lengd aðgerða

Pútín hvatti samlanda sína í gær til þess að virða útgöngubannið sem hófst í gær, en öllum búðum og verslunum í Moskvu sem ekki þykja bráðnauðsynlegar hefur verið lokað. Þar á meðal eru bæði veitinga- og kaffihús.

Bannið nær að þessu sinni bara til Moskvu og nærliggjandi svæða, en gert er ráð fyrir að það verði fljótlega víkkað út til annarra héraða Rússlands. Pútín tilkynnti í síðustu viku að allir dagar í þessari viku yrðu almennir frídagar í Rússlandi og hvatti fólk til þess að halda sig heima. Rúmlega 1.800 tilfelli hafa nú greinst í Rússlandi, og hefur þeim fjölgað mjög síðustu daga.

Muhammadu Buhari, forseti Nígeríu, fyrirskipaði sömuleiðis útgöngubann í Lagos, stærstu borg landsins, sem og í höfuðborginni Abuja, og á það að vera í gildi næstu tvær vikurnar. 20 milljónir manns búa í Lagos, en einungis hafa verið staðfest rúmlega hundrað tilfelli í landinu. Öttast er hins vegar að faraldurinn muni valda miklum usla í ríkjum Afríku.

Á Ítalíu var tilkynnt um 812



AFP

Einn yfir Rauðatorg Tómlengt var um að lífast á Rauða torginu í Moskvu eftir að útgöngubann gekk þar í gildi í gær.

dauðsföll á undanförunum sólarhring og hafa nú 11.591 dáið af völdum veirunnar þar í landi. Ítalía varð í gær annað ríkið á eftir Bandaríkjunum til þess að tilkynna um fleiri en 100.000 tilfelli.

Stjórnvöld á Ítalíu ákváðu í gær að framlengja útgöngubann sitt fram til páskaunnudags, 12. apríl næstkomandi, og vörðu við því að það gæti varað í nokkra mánuði enn. Þá framlengdu stjórnvöld í Bandaríkjunum fyrirmæli sín um 2 metra bil á milli manna fram til loka apríl.

Sjúkraskipið lagst að bryggju

Sjúkraskip bandaríska sjóhersins, USNS Comfort, lagðist í gær að

Kórónuveiran

» Samkvæmt tölum Johns Hopkins-háskólans voru 766.336 tilfelli staðfest kl. 19 í gærkvöld. 36.873 höfðu þá látist af völdum veirunnar.

» Í Bandaríkjunum voru 153.246 tilfelli skráð og 2.828 dauðsföll.

» Á Ítalíu voru skráð 101.739 tilfelli og 11.591 dauðsföll.

» 160.001 hefur náð sér.

bryggju í New York-höfn. Skipið er með 1.000 sjúkrarúmum og 12 skurðstofum, auk þess sem í áhöfn þess eru 1.200 læknar og hjúkrunarfræðingar. Bill de Blasio, borgarstjóri New York-borgar, fagnaði komu skipsins, en það mun sinna fólki sem þarf á gjörgæslu að halda, en er ekki smitað af kórónuveirunni, og létta þannig á sjúkrahúsum borgarinnar, sem er nú einn helsti miðpunktur faraldursins.

Meira en 150.000 manns hafa nú smitast af veirunni í Bandaríkjunum, þar af eru 66.000 sjúklingar í New York-borg. 790 dauðsföll hafa verið skráð í borginni, en öttast er að rétt tala sé mun hærri.

ÍSRAEL

Netanyahu í sóttkví vegna ótta um smit

Benjamín Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, var settur í sóttkví í gær eftir að einn af aðstoðarmönnum hans greindist með kórónuveiruna. Talsmenn Netanyahu lögðu áherslu á að



Benjamín Netanyahu

sóttkvín væri eingöngu varúðarráðstöfun, þar sem hann hefði ekki verið nýlega í návígi við hinn veika. Um kvöldmatarleytið kom í ljós að Netanyahu væri ekki veikur.

Netanyahu er nú að reyna að mynda þjóðstjórn í Ísrael vegna kórónuveirunnar. Yfirvofandi dómsmál á hendur honum hefur flækt stjórnarmyndunarviðræður, en nær öruggt er talið að Netanyahu og Benny Gantz, leiðtogi bláhvíta bandalagsins, muni ná saman um stjórn á næstu dögum.

BRASILÍA

Twitter fjarlægir veirutist Bolsonaro

Samfélagsmiðillinn Twitter ákvað í fyrrinótt að fjarlægja tvö „tíst“ sem Jair Bolsonaro, forseti Brasilíu, hafði sett á miðilinn, þar sem hann dró í efa notagildi þess að beita sóttkví í baráttunni gegn kórónuveirunni.



Jair Bolsonaro

Bolsonaro hafði birt fjögur myndbönd af sér þar sem hann gekk um götur Brasilíuborgar og virti ekki tilmæli eigin ríkisstjórnar um fjarlægð milli fólks og hvatti hann gangandi vegfarendur til þess að halda efnahag landsins gangandi. Tvö af myndböndunum voru fjarlægð.

Í yfirlýsingu frá Twitter segir að miðillinn hafi nýlega hert reglur sínar um birtingu efnis sem gangi gegn opinberum ráðleggingum og gæti stuðlað að útbreiðslu kórónuveirunnar.



Ljósmynd/Wikipedia

Bjarnarey Engin föst búseta er á eyinni, sem er um 1.700 km frá Íslandi.

Níu nær lokaðir af frá umheiminum

● Hafa ekki séð annan mann frá janúar

Níu Norðmenn eru í einangrun á Bjarnarey, lítilli eyju í Barentshafi skammt sunnan Svalbarða, fram á sumar. Þessi einangrun er þó ekki vegna kórónuveirunnar, heldur vinna mennirnir á veðurathugunarstöðinni þar, og hafa þeir ekki verið samvistum við aðra menn síðan í janúar. „Ef kórónuveiran kemur hingað, þá smitumst við líklega allir,“ sagði Ragnar Sønstebo, yfirmaður stöðvarinnar, í viðtali við norska rík-

isútvarpið NRK í síðustu viku. Hann bætti við að eyjan væri ekki heppilegur staður til að verða alvarlega veikur, þar sem 500 kílómetrar væru að næsta sjúkrahúsi. Að auki veltur það á aðstæðum til landingar og veðurfari hvort hægt sé að fara með þyrllu eða skipi til eyjunnar.

Gert er ráð fyrir að komið verði með vistir handa mönnunum í vor, og verða þær skildar eftir á ströndinni til þess að koma í veg fyrir smit.

FÁÐU TILBOÐ
ÞÉR AÐ
KOSTNAÐAR-
LAUSU

Ertu að byggja eða þarf að endurnýja gamla glerið?

Það skiptir miklu máli að velja einangrunargler sem reynist vel við íslenskar aðstæður.

Fáið tilboð hjá Glerborg í Mörkinni 4 eða á heimasíðunni okkar WWW.GLERBORG.IS

Glerborg
Mörkinni 4
108 Reykjavík
565 0000
glerborg@glerborg.is
www.glerborg.is

GLERBORG
Gler, gluggar, glersípun & speglagerð frá 1922

Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913

Útgáfufélag: Árvakur hf., Reykjavík.

Ritstjóri: Davíð Oddsson
Ritstjóri og framkvæmdastjóri: Haraldur Johannessen

Aðstoðarritstjóri: Karl Blöndal

Munum tíma tvenna

Það er fróðlegt að fylgjast með umræðu á hliðarlínunum um kórónuveiruna og faraldurinn sem hún veldur. Það er eiginlega sama hvort horft er langt eða skemur þá er efst á blaði sú þjónusta sem sjúkrahúsin veita hvert í sínu landi, og þar hvert á sínu svæði. Víða fellur slíkur rekstur undir ábyrgð fylkja eða héraða. Og nánast hvert sem lítið er hafa flestir átt erfitt með að anna sínu verki. Fólkinu fjölgar og aldursdreifingin eykur svo vandann enn.

Það hefur legið fyrir frá því að lífsbókinni var flett í fyrsta sinn að leið allra liggur frá vöggu til grafar. Sú leið er ekki ein og söm en hin huglæga endastöð er þekkt. Og þótt hún sé ekki endilega eftirsóknarverð nýtur hún skilnings. Það er reyndar ekki val á öðru. En sjúkrahúsin eru þýðingarmikill áningarstaður á þessari leið. Og hafa þau aldrei gegnt ríkara hlutverki en nú. Þau geta sjálfum sér um það kennt. Það er nefnilega sífellt meira sem fólkið þar innan veggja er fært um. Síaukin þekking, tækjabúnaður sem hefði verið óhugsanlegur fyrir skömmum tíma, jafnvel stundum örfáum áratugum, hefur komið til og svo eru það sibreytileg lyf sem geta nú gert það sem áður var ólæknandi að raunhæfum kosti lækningar.

Núlifandi kynslóðir eru meðvitaðar um þetta allt. Nú er víða von þar sem öllum dyrum var löngu lokað áður. Við þennan þátt bætist að ytri aðbúnaður er allur annar en var, ekki síst hér í okkar heimshluta. Heimilin eru önnur en var. Vatn er hvarvetna innan seilingar. Þau eru hlý núna og auðveldara að tryggja hreinlæti og hollustu. Okkur þykir öllum mikið til um þetta allt koma og það þarf ekki að grafa langt eftir þakklæti. En okkur hættir til að taka þessu mikla öryggiskerfi tilveru okkar sem sjálfsögðum hlut. Þegar að skyndilega brestur á heilsufarsleg ógn úr fjarlægum hluta heims þá bregður svo við að fjöldi manns virðist furðu lostinn yfir því að „heilbrigðiskerfið“ skuli ekki geta axlað þá viðbót, heimsóværu sem menn fréttu fyrst af með nokkru öryggi í febrúar, eins og strætisvagn sem opnar fyrir fólki á biðstöð. Allt sé viðbúið og klárt og kerfið hljóti að vera albúið til að taka við tugum, hundruðum eða, eins og gerðist á Ítalíu, tugum þúsunda farsjúkra þar sem 10 þúsund týna

Eftir því sem lengist í baráttunni við kórónuveiruna eykst þörf á að slá pólitískar keilur

lífinu eftir harða baráttu á örfáum dögum og vikum. Það gerir ekkert land ráð fyrir því að geta bætt við sig slíkum fjölda sjúklinga, sem eru nær allir við dauðans dyr. Sjúkrahúsin hafa misserum og árum saman átt fullt í fangi með að afgreiða hinn venjulega þunga.

Þegar við heyrum endurtekið að Landspítalinn ráði yfir 26 „öndunarvélum“ höfum við aldrei spurt hvað megi gera ráð fyrir að margar slíkar vélar þurfi að vera tiltækar í venjulegu ástandi og hversu margar séu þá fyrir hið mikla auka álag. Og af hverju höfum við ekki spurt? Sennilega vegna þess að við viljum ekki heyra svarið. Ríkisstjórar í hinum ýmsu ríkjum Bandaríkjanna vita vel að heilbrigðisþátturinn er í fyrsta lagi að mestu einkarekinn í Bandaríkjunum og flokkast mál-efnalega undir borgaryfirvöld og svo æðstu stórnendur ríkisins, þótt þar eins og annars staðar sé ákveðinn endapunktur í hjarta ríkisins. Þess vegna er dálítið ógeðfellt að horfa á ríkisstjóra í New York nota drýgstan tíma sinna upplýsingafunda til að ráðast á núverandi forseta fyrir að hafa ekki safnað öndunarvélum í sjóði sem ríkin gætu svo pantað þegar og ef slíkt vantaði einhvern tíma. Í framhaldinu var auðvitað kannað hvað friðarverðlaunahafinn Obama hefði látið safna af öndunarvélum á sinni tíð.

Hefði Obama af tilefnislausu skyndilega gefið fyrirmæli um að kaupa öndunarvélar í tugþúsundatali og fylla með þeim vöruhús hefðu einhverjir loksins botnað í af hverju hann fékk friðarverðlaun Nóbels. Ekki fékk hann þau fyrir að mæta í vinnuna, því hann eins og hinir forsetarnir átti heima í vinnunni. En því miður hafði Obama ekki pantað eina einustu öndunarvél og ástæðulaust að hafa það gegn honum.

Framan af vonuðu margir að jafnvel minni háttar stjórnmálamenn yrðu þó nægilega stórir til að láta veiruna vera í sínum slag. Hún er einfær um að gera bölvun. Nú er reyndar komin upp hreyfing í Bretlandi sem telur óhjákvæmilegt að fresta Brexit vegna kórónuveirunnar! Þar eru á ferð alþekktir góðkunningjar ónýts málstaðar. Kannski halda þeir firar að nú sé lag, því að Boris sé veiru-lasarus núna og því kannski jafn slappur og May fyrirrennari hans var þegar hún var sem allra frískust.

Drauganet eru vandi sem þarf að takast á við

BAKSVIÐ

Ágúst Ingi Jónsson
ajj@mbl.is

Drauganet eru veiðarfæri sem hafa tapast, oft í vondum veðrum, og geta haldið áfram að fiska í sjónum. Áætlað er að um 640 þúsund tonn af fiskveiðibúnaði tapist árlega í höfum heimsins. Á Norðurlöndum liggja ekki fyrir tölulegar upplýsingar um það hve mikið tapast af veiðarfærum, verða eftir á hafsbotni eða er fargað í sjóinn, en ljóst er að vandamálið er fyrir hendi á norrænum slóðum eins og annars staðar.

Clean Nordic Oceans er verkefni og þekkingarsamstarfsnet sem komið var á laggirnar árið 2017 á vegum Norrænu ráðherra-nefndarinnar. Tilgangur verkefnisins var að koma á fót samstarfi um þekkingarmiðlun innan Norðurlanda til að draga úr hættu á veiðum með drauganetum, mengun í hafi með veiðarfærum frá jafnt atvinnu- sem tómstundaveiðum, ásamt aukinni endurnýtingu og endurvinnslu.

„Veiðarfæri og leifar af veiðarfærum sem týnast í hafi eru óheppileg fyrir líf í sjó og geta stuðlað að bæði þjáningum og siðfræðilega röngum dauða með veiðum drauganeta. Þess vegna er svo mikilvægt að takast á við þessi vandamál,“ segir í skýrslu sem tekin hefur verið saman um þetta starf.

Þekkingin ekki nýtt

Eftir að rakið hefur verið í skýrslunni að talsverð þekking sé fyrir hendi á Norðurlöndum um þetta vandamál segir svo í skýrslunni: „Þar sem sú vitneskja liggur fyrir að bæði atvinnu- og tómstundaveiðar eiga umtalsverðan þátt í mengun í hafi er ekki rangt að halda því fram að fyrir hendi sé góður grundvöllur þekkingar en að hún skili sér ekki eða sé ekki nýtt á fullnægjandi hátt sem forsenda stjórnsýsluákvæðana.“

Fram kemur að Norðurlöndin hafi ófullnægjandi yfirsýn yfir það hve mikið og hvar veiðarfæri tapist og óheppilegt sé að þessar upplýsingar skorti. Norðurlöndin leggi lítið sem ekkert í það verkefni að fjarlægja týnd veiðarfæri



Ljósmynd/Borgþór Magnússon

Fjölbreytt Litríkur reki í fjöru í Surtsey fyrir nokkrum árum.

BENT Á NOKKRAR LEIÐIR TIL ÚRBÓTA

Veiðarfæri verði sýnilegri

Meðal aðgerða á hafi úti er nefnt að veiðarfæri verði sýnilegri til að draga úr hættu á skorið sé á yfirborðshluta og að veiðarfæri rekist saman. Mælt er með lausnum til að tilkynna eða láta vita þannig að veiðarfærin verði stafrænt sýnileg öðrum sjófarendum. Hvatt er til þess að farið sé að leiðbeiningum FAO um merkingu veiðarfæra. Séu öll veiðarfæri merkt hvetji það til aukinnar ábyrgðar á því að tilkynna þegar þau tapast og þannig aukist einnig líkur á því að hægt sé að skila þeim til eiganda.

Fram kemur í skýrslunni að greinilega þurfi að auka hæfni tómstunda-veiðimanna við notkun á lagnetum og fiskigildrum. Hvað atvinnufiskimenn væri snúist aukin hæfni einkum um bættar starfshefðir og viðhorf gagnvart efnisleifum við störf að veiðarfærum.

Meðal annars er mælt með því að skipulagðar verði lausnir sem geri mönnum kleift að skila týndum veiðarfærum sem hafi fundist og veiðarfærum til förgunar í fiskihöfnum. Hvetja þurfi til lausna sem stuðli að endurnotkun og endurnýtingu þannig að brennsla og sorpeyðing verði sú lausn sem síðast komi til álita.

og Norðmenn eru þeir einu sem fara reglulega í leiðangur til að hreinsa upp veiðarfæri.

Fræðsla og reglusetning

Fram kemur í skýrslunni að umtalsvert meiri hætta sé á því að veiðarfæri sem lögð eru tapist, t.d. lagnet og ýmsar gerðir fiskigildra, heldur en þau sem dregin eru, t.d. troll, nót og snurvoð. Hins vegar eru hlutir úr veiðarfærum sem dregin eru miklu meira áberandi í strandrusli frá fiskveiðum og er tóg nefnt í því sambandi.

Sem almennar aðgerðir til úr-

bóta er nefnt að nauðsynlegt sé að auka vitneskju á öllum Norðurlöndum um afleiðingar veiðarfæra sem tapast eða hafa verið skilin eftir. Þörf sé á að fara yfir það að hvaða marki reglusetning í hverju landi fyrir sig skili tilætluðum árangri. Þá er nefnt að þörf geti verið fyrir nýjar aðgerðir, svo sem að hafa flóttaleiðir úr fiskigildrum og að banna fiskveiðar við skipsflök.

Tveir starfsmenn Hafrannsóknastofnunar, Haraldur A. Einarsson og Georg Haney, tóku þátt í starfi nefndarinnar.

Verndum heimilin og þá verst settu

Pistill



Inga Sæland

Nýliðin vika er búin að vera annarsöm. Þingmenn hafa margir hverjir sinnt fastanefndafundum sínum í gegnum fjarfundabúnað. Ég er ein af þeim. Það er ný reynsla að setjast framan við skjáinn heima með heyrnartól og hljóðnema og beintengja sig við nefndarsviðið, sem óhætt er að segja að haft hafi í nægu að snúast varðandi þær risavöxnu efnahagsaðgerðir sem ríkisstjórnin boðaði fyrir rúmri viku.

Er furða þótt ég sé undrandi á aðgerðarpakkanum sem augljóslega er ætlað að slá skjaldborg um fyrirtækin og fjármagnsöflin á kostnað almennings og heimilanna í landinu? Eru aðgerðirnar sniðnar að öryrkjum og öldruðum sem enga framfærslu hafa umfram strípaða framfærslu almennatrygginga? Hvað með heimilislaus sem lifa nú við ómurlegri aðstæður en nokkru sinni fyrr? Telja má víst að þörfin fyrir starfsemi SÁÁ verði af augljósum ástæðum aldrei meiri en í kjölfar þess áfalls sem við verðum fyrir nú. Samtökin missa nú mestallt sjálfsaflafé. Erum við að verja þau þessu áfalli?

Svörin eru nei. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru ekki að koma til móts við þau bágstöðdustu í samfélaginu. Þau gleymast eina ferðina enn. Ég segi gleymast því ekki ætla ég ríkisstjórninni að hafa lagt í björgunarleiðangur þar sem viðkvæmstu þjóðfélagsþegnarnir eru viljandi skildir eftir á flæðiskeri. Stjórnarliðar segja þetta fyrsta skrefið og gera þurfi meira en minna. Þrátt fyrir það lætur ríkisstjórnin fátækt fólk enn bíða eftir réttlætinu.

Fjármálaráðherra hamrar á því að við stöndum nú mun betur að vígi gagnvart vánni en í hremmingum hrunsins. Gjaldeyrisvaraförð Seðlabankans er 930 milljarðar og hefur aldrei verið öflugri. Skuldir ríkissjóðs greiddar niður af miklum móð og stýrivextir Seðlabankans í sögulegu lágmarki eða 1,75%. Samanlagt á þetta allt að geta varið heimili og fyrirtæki landsins í boðaföllum þeirra brimskafla sem við nú verðum að kljúfa. Ég lýsi undrun á að greiðslubyrði húsnæðislána heimilanna bera enn sömu vexti og samið var um fyrir daga vaxtalækkana Seðlabankans, um leið og nú á að lækka bankaskattinn strax um 11 milljarða króna. Er það rétt forgangsröðun á almannafé að hjálpa bönkunum sem settu okkur á hausinn 2008? Það sem verra er, að í stað þessa að tryggja að þessar aðgerðir nýtist viðskiptavinum þeirra, þá sendir ríkisstjórnin þeim vinsamleg tilmæli um að þeir lækki nú vexti sína. Þar við situr.

Í kjölfar hrunsins sótti margt fólk vinnu og tekjur til annarra landa, s.s. Noregs. Þannig tókst mörgum að standa í skilum. Nú er þessi möguleiki lokaður. Ég skora því á allar lánastofnanir landsins að setja heimilin í skuldaskjól; senda ekki einn einasta greiðsluseðil út fyrr en við sjáum til lands í þeirri miklu óvissu sem nú ríkir. Ríkisstjórnin ætti að beita sér fyrir þessu. Bankarnir geta beðið. Við eigum það inni hjá þeim.

Höfundur er alþingismaður og formaður Flokks fólksins.



Bílabíó Vel var mætt þegar hin sígilda kvikmynd Nýtt líf var sýnd í bílabíói við reiðhöllina í Borgarnesi í gærkvöld. Alls voru um 80 bílar á svæðinu og viðraði ágætlega meðan á sýningu stóð.

Íslensk matvæli voru það heillin

Eftir Guðna Ágústsson

Fréttamaður spurði Kára Stefánsson, okkar fremsta vísindamann, eftirfarandi spurningar um kórónuveikina, á Stöð 2, fimmtudagskvöldið 26 mars sl.:

„Hver heldurðu að verði stóri lærdómurinn af þessu öllu saman, þegar upp verður staðið?“ Kári svaraði og sagði m.a.:

„Svo held ég að við verðum líka að draga þá ályktun að það sé kannski að þessi hugmynd um fæðuöryggi sé ekki eins vitlaus og menn hafa haldið. Ég held því fram að menn hljóti að komast að þeirri niðurstöðu að við verðum að verja okkar landbúnað. Við verðum að geta fætt okkur þó að komi krísa af þessari gerð. Við hljótum að fara að velta því alvarlega fyrir okkur að í stað þess að flytja allt grænmeti frá



Guðni Ágústsson

löndum, sem rækta grænmeti í gróðurhúsum, að fara að rækta okkar eigið grænmeti í okkar eigin gróðurhúsum með rafmagni sem er bæði vistvænt og á að geta verið ódýrt.“

Matvæli tilheyra almannavörnum

Loksins er lag að ræða um það, hvernig farið var með verkefni landbúnaðarins og landbúnaðarráðuneytið árið 2007, en þá var landbúnaðurinn tættur í sundur.

Nú hefur kórónuveiran vakið heiminn með andfælum. Allar þjóðir heims spyrja sömu spurningar: Hvernig lifum við þetta af? Hvernig tryggjum við okkur matvæli? Allir tóku að hamstra og draga að sér birgðir og auðvitað sér ekki fyrir endann á hvert heimsfaraldurinn stefnir eða hverjar verða afleiðingar veikinnar. Nú verðum við að treysta því að stjórnmálamennirnir, sem oft

» Nú spyrja allir hvernig hægt sé að tryggja versluninni næg matvæli á Íslandi? Svarið er heimaframleiðsla!

sveiflast með tíðarandanum, staldri við og hugsu allt upp á nýtt.

Flugið er fallið niður um sinn, margir ráðamenn þjóðanna loka löndum sínum. Schengen er ekki lengur okkar landamæri niðri í Grikklandi og austur í Póllandi. Og nú spyrja allir hvernig er hægt að tryggja versluninni næg matvæli á Íslandi? Svarið er heimaframleiðsla!

Fjölmíðlarnir eru ekki lengur með úrtöllumennina í viðtölum, sem börðust fyrir því að sem mest af landbúnaðarafurðum kæmi erlendis frá. Og hækkuðu í verði í hafi. Ég ætla ekki að telja hér upp nöfn þeirra manna, sem hafa tröllriðið umræðunni, með áróðri fyrir innflutt matvæli. Þeir hafa skriðið í holuna sína og sjást vonandi í al-

mannavarnaliðinu sem breyttir menn. Þeir hafa fullan rétt á því að verða vitrari menn í dag en þeir voru í gær. Verslunarkedjan, Samkaup hefur skorað á landbúnaðarráðherra, og þar með á ríkisstjórnina, að tryggja meira framboð á íslensku grænmeti. Við biðum fréttu. Matvæli mannkynsins eru að 90% framleidd úr landbúnaði. Fiskafurðir okkar eru 99% flutt út sem gjaldeyrir og borðum við þó mikinn fisk. Á síðustu árum hefur orðið gríðarleg aukning á innflutningi landbúnaðarafurða enda margt gert til að greiða fyrir því á kosnað íslenskra afurða. Þessu verður að snúa við.

Bændur verði hvattir til framleiðslu

Ætli landbúnaðarráðherrann, eða ráðuneytið í skúffunni, breyti um hugsun og málróf? Ætli kannað verði hvaðan matvæli hingað flutt komi? Ætli íslenskir bændur verði hvattir til að framleiða meiri mjólk, meira kjöt og meira grænmeti? Ætli

allar stofnanir landbúnaðarins, niðurlagðar eða undir öðrum ráðuneytum, verði nú fluttar heim?

Ögmundur Jónasson og Styrmir Gunnarsson, báðir svipa og samvíska réttlætis hvor af sínum meiði stjórnmálanna, segja eins og undirritaður að landbúnaðarráðuneytið eigi aldrei heima með sjávarútvegi í ráðuneyti. Með því stórveldi sem sjávarútvegurinn er verði landbúnaðurinn sem ómálga barn eða eins og niðursetningur. Nú eygi ég ör-litla von um að bestu menn stjórnmálanna vakni og hlusti á þessi sjónarmið. Bændasamtökin verða að gera harða hrið að ríkisstjórninni um breytta stefnu og að átak verði gert til að efla íslenskan landbúnað sem aldrei fyrr, svo Ísland verði eins sjálfbært í landbúnaðarframleiðslu sinni og nokkur kostur er.

Nú ætti þetta að takast. Sá er lærdómurinn af kórónuveirunni. Og þangað vísar okkur skynsemin.

Höfundur er fv. alþingismaður og ráðherra.

Rétta ber hlut þeirra sem minnst hafa

Eftir Ólafur Ísleifsson

Við þær erfiðu aðstæður sem við er að fást um þessar mundir má ekki láta hjá líða að rétta hlut þeirra sem minnst hafa. Þetta á ekki sist við um öryrkja og hluta af eldri borgurum, sem sæta óhóflegum skerðingum á greiðslum úr almannatryggingum. Hugvítssamlega smíðað kerfi heggur að þessu fólki reyni það að bæta hag sinn með aukinni vinnu. Lífeyristekjur og vaxta-tekjur framkalla samsvarandi skerðingar á greiðslum úr Tryggingastofnun. Vaka þarf vel yfir hag útigangsfólks, fólks í glímu við fíknivanda og annarra viðkvæmra hópa og grípa til raunhæfra aðgerða í málefnum þeirra.

Lífskjarasamningarnir

Lífskjarasamningarnir ná ekki til eldri borgara og öryrkja. Engar hækkanir eða viðbótarbætur eru boðaðar á greiðslum almannatrygginga á þessu ári umfram 3,5% hækkun frá 1. janúar 2020. Því síður er minnst á þessa hópa í björg-



Ólafur Ísleifsson

unaraðgerðum ríkisstjórnarinnar sem virðist hafa gleymt þessu fólki.

Óhóflegar skerðingar á greiðslum

Með almannatryggingum er leitast við að strengja öryggisnet undir þá sem höllum fæti standa. Allar aðgerðir til að rétta hlut bágstaddra þurfa að vera markvissar svo þær gagnist sem best. Skiljanleg er nauðsyn á að takmarka eða skerða greiðslur til þeirra sem ekki verða taldir þurfa slíkra úrræða með. Reynslan sýnir hins vegar að skerðingar á bótum almannatrygginga hafa gengið úr hófi fram.

Dæmin eru skýr. Skerðingar bóta almannatrygginga vegna atvinnutekna hefjast við 100 þúsund krónur á mánuði. Samanlögð skerðing og skattlagning tekna á tekjubílinu 25 þús. til 570 þús. króna getur numið yfir 80%. Með þessu er fólki gert nánast ókleift að bæta hag sinn með aukinni vinnu í krafti sjálfsbjargarviðleitni sem hverjum manni er edlislæg. Hirt er af fólki svo tekjurnar sem eftir standa

» Ákveða ber að greiðslur almanna-trygginga fylgi ákvæðum lífskjarasamninganna svo þeir sem minnst hafa verði ekki skildir eftir í þessu til-liti.

hrökkva fyrir ferðakostnaði að og frá vinnustað en kannski ekki mikið umfram það.

Allir skertir sem til næst

Félagsmálaráðherra hefur nýlega svarað skriflegri fyrirspurn frá höfundi um skerðingar sem eldra fólki og öryrkjum er gert að þola á greiðslum almannatrygginga. Svar ráðherra sem aðgengilegt er á vef Alþingis ber með sér að nánast allir sem til næst eru skertir. Til dæmis mega 93% aldraðra þola skerðingu vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum. Hafa forsvarsmenn sjóðanna lýst áhyggjum af þessu og óskað eftir breytingum enda rýri þetta traust á sjóðunum. Lágtekjufólk fær ekki ellilífeyri umfram fólk sem borgað hefur lítill sem engin iðgjöld í lífeyr-

issjóð. Iðgjöld í lífeyrissjóð gagnvart þessu launafólki birtast eins og hver annar viðbótarskattur sem ekkert fæst fyrir.

Svar ráðherra gefur til kynna að aldraðir og öryrkjar veigri sér við að sækja vinnu í ljósi þess að fólk heldur ekki nema litlu eftir af tekjum sínum. Gróft reiknað eru það kannski nálægt 20% þegar greiddur hefur verið skattprósentu og útsvar og búið er að skerða greiðslur almannatrygginga um 45%. Fólk í þessari aðstöðu býr í þessu tilliti við skattprósentu eins og sumum kynni að þykja við hæfi að leggja á hæstu ofurlaun á vinnu-markaði. Í svari ráðherra kemur fram að á árinu 2018 sættu aðeins 1.442 einstaklingar skerðingu vegna atvinnutekna. Þetta bendir til að fólk á lífeyrisaldri sem fær greiðslur úr almannatryggingum og teljast vera 35.849 í svari ráðherra, telji naumast ómaksins virði að afla tekna með atvinnu gagnvart svo harkalegri skattlagningu. Skerðingar vegna atvinnutekna ganga gegn sjónarmiðum um lýðheilsu þar sem aukin lífsgæði fylgi virkri þátttöku í atvinnulífi og samfélagi.

Ríkissjóður hefur nærst á þessum skerðingum. Góð staða ríkissjóðs, sem gumað hefir verið af, er

að stórum hluta í boði þessa fólks svo hleypur á tugum milljarða, eins og sést af svari ráðherra. Fólks sem ekkert á að fá og virðist hafa gleymst.

Raunhæfar tillögur til úrbóta

Miðflokkurinn vill bæta hag lífeyrisfólks og hverfa frá hinum hóflausu skerðingum, sem þeir búa við. Lagði flokkurinn fram raunhæfar og fullfjármagnaðar tillögur í þessu efni við afgreiðslu fjárlaga. Þær hefði þess vegna mátt framkvæma þegar í stað og rétt væri að hafa þær með í aðgerðum ríkisstjórnarinnar við þessar aðstæður. Hverfa má frá skerðingum greiðslna almannatrygginga vegna atvinnutekna upp að hæfilegum tekjumörkum án þess það kosti ríkissjóð sem nyti viðbótarskatttekna, eins og sýnt hefur verið fram á. Draga ber úr skerðingum greiðslna almannatrygginga vegna lífeyris- og fjármagnstekna. Ákveða ber að greiðslur almannatrygginga fylgi ákvæðum lífskjarasamninganna svo þeir sem minnst hafa verði ekki skildir eftir í þessu tilliti.

Höfundur er þingmaður Miðflokksins í Reykjavíkurborgardæmi norður. olafuris@althingi.is

Yfirlýsing frá kínverska sendiráðinu á Íslandi

Morgunblaðinu hefur borist eftirfarandi yfirlýsing frá kínverska sendiráðinu á Íslandi:

„Hinn 27. mars birtist í Morgunblaðinu ritstjórnargrein sem kallast Hið kínverska Tsjernóbýl? Þar sem kom fram ómakleg gagnrýni á Kína og farið var með fleipur um Kínverska kommúnistaflokkinn (CPC). Kína er ósátt við þessi ummæli og andæfir þeim kröftuglega. Í greininni er CPC sakað um hæg og slæg viðbrögð við COVID-19-faraldrinum og staðhæft er að faraldurinn vegna COVID-19 hefði sennilega ekki orðið að alheimsfaraldri ef kínversk stjórnvöld hefðu sagt satt og rétt frá.

Þessar fullyrðingar minna óþægilega á ómakleg ummæli frá vissum stjórnsmálamönnum í Bandaríkjunum sem hafa verið að úthrópa Kína undanfarið og eðlilega fara menn að velta fyrir sér af hverju þessi ritstjórnargrein var birt.

Staðreyndir skipta meira máli en orð. Staðreyndin er sú að fyrsta tilfellið um lungnabólgu af óþekktum orsökum var skráð í Wuhan-borg hinn 3. desember á síðasta ári. Það tekur tíma að staðfesta það vísindalega og nákvæmlega að um nýjan vírus sé að ræða. Héraðsstjórnin í Wuhan tilkynnti það síðan til heilbrigðisnefndar Kína eftir hefðbundnum boðleiðum í seinni hluta desember. Hinn 31. desember sendi heilbrigðisnefnd Kína hóp af sérfræðingum til Wuhan til að meta stöðuna og tilkynning um nýja veirusýkingu var í framhaldinu send til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) og annarra alþjóðlegra viðbragðsaðila hinn 3. janúar 2020 og hefur verið tilkynnt um framgang mála óslitið síðan.

Hinn 7. janúar tókst kínverskum vísindamönnum að greina gena-mengi nýja vírusins og var þeim niðurstöðum deilt umsvifalaust með vísindasamfélagi heimsins.

Hinn 23. janúar ákváðu kínversk yfirvöld að ráði sérfræðinga að loka Wuhan-borg og herða ferðareglur í öðrum héruðum Kína. Gripið var til allra hugsanlegra viðbragða til að berjast við og hemja faraldurinn og stóðu þessar aðgerðir í rúma tvo

mánuði. Hinn 25. janúar birti Trump, forseti Bandaríkjanna, tíst þar sem hann lýsti yfir að „Kína hefði unnið ótullega að því að hemja vírusinn og að Bandaríkin þökkðu Kína fyrir viðbrögð sín og gagnsæi“. Dr. Tedros Adhanom Ghebreyesus, framkvæmdastjóri WHO, sagði enn fremur að „hinar skjótu og umfangsmiklu aðgerðir sem Kína hefði gripið til væru án fordæma á heimsvísu“.

Ritstjórnargreinin heldur því fram að Kínverski kommúnistaflokkurinn hafi verið að draga fram og dreifa fólkskum kenningum um hvernig faraldurinn hafi hafist og gripið til þess að senda erlenda blaðamenn úr landi til að fela ástandið í eigin landi. Þessar ásakanir ganga þvert á staðreyndir og eru eingöngu til þess fallnar að kasta ryki í augu lesenda. Fyrir það fyrsta, eins og Kína hefur margoft bent á, þá er sú vinna sem felst í að rekja uppruna vírusins gríðarlega flókin, þar sem affarsælast er að treysta á sérfræðipækkingu vísindasamfélagsins.

Sem svar við linnulausum ásökunum frá Bandaríkjunum birti Kína endurtísta af yfirheyrslum þingnefndar Bandaríkjaþings, yfir Robert Redfield, framkvæmdastjóra bandarísku smitsjúkdómastofnunarinnar (CDC), þar sem hann segir að sumir sjúklingar sem sagðir voru hafa látist vegna hinnar árlegru influensu, hafi í raun látist vegna kórónavírusins.

Í öðru lagi er það staðreynd að kínverska ríkisstjórnin bað nokkra bandaríska blaðamenn að skila blaðamannaskírteininu. Það voru viðbrögð við þeirri ómaklegu hindrun sem kínversk fjölmiðlafyrirtæki mættu í Bandaríkjunum. Það hefur ekkert með það að gera að hylma yfir eit hvað vegna COVID-19 í Kína.

Ritstjórnargreinin ber einnig viðbrögð Kínverska kommúnistaflokksins við faraldrinum saman við viðbrögð Sovétríkjanna sálugu í sambandi við kjarnorkuslysið í Tsjernóbýl og kemur með óábyrg ummæli um kínverska stjórnsmálakerfið sem víðra úrelt kaldastríðsviðhorf og hugmyndafræðilega fordóma. Kína er ekki Sovétríkin sálugu, Kínverski kommúnistaflokkurinn er ekki Sovéski kommúnistaflokkurinn. Síðan Kínverski kommúnistaflokkurinn var stofnaður 1921 hefur flokkurinn leitt kínverska alþýðu til áður óþekkts sjálfstæðis og frelsis, auk þess að stuðla að sterkum efnahag og síauknum styrk þjóðarinnar og nýtur Kínverski kommúnistaflokkurinn óskoraðs stuðnings alls 1,4 milljarða landsmanna.

Faraldurinn vegna COVID-19 er mesta ógn við heilsu almennings síðan Alþýðulýðveldið Kína var stofnað og hefur reynst vera gríðarlega erfitt að hemja og ráða við faraldurinn. Undir styrkri stjórn Kínverska kommúnistaflokksins hefur ríkisstjórn Kína gripið til umfangsmestu, ströngustu og áhrifaríkustu aðgerða sem völ var á til að berjast við faraldurinn og hefur sett líf og heilsu almennings í fyrsta sæti. Hafa þessar aðgerðir ýtt undir þjóðarstolt allrar þjóðarinnar.

Nú um stundir virðist það vera sem þróun mála í Kína sé sífellt að verða jákvæðari. Daglegt líf er skjótt að færast í eðlilegt horf. Aðgerðir Kína í baráttunni gegn COVID-19 hafa verið gríðarlega mikilvægar sem framlag til heimsins um árangursríkar aðgerðir við að hemja faraldurinn og hafa hlotið lof alþjóðasamfélagsins. Kína hefur veitt öðrum ríkjum heimsins dýrmætt forskot í baráttunni við faraldurinn sem hefur kostað Kína blóð svita og tár. Við ætlumst ekki til þakklætis frá alþjóðasamfélaginu en förum einungis fram á að njóta sannmælis.

Vírusar virða engin landamæri og eru þeir sameiginlegur óvinur alls mannkyns. Á þessum viðsjárverðu tímum ættum við að hlusta á dr. Tedros Adhanom Ghebreyesus sem sagði að „Núna væri tími fyrir staðreyndir, en ekki ótta. Núna væri tími vísinda en ekki sögusagna, núna væri tími sameiningar en ekki sundrunar.“ Við ættum ekki að eyða tíma í ásakanir, hvorki í fjölmiðlum né í stjórnsmálum, heldur ættum við að einbeita okkur að hinni sameiginlegu baráttu við COVID-19 faraldurinn.

Við vonum innilega að Morgunblaðinu auðnist að verða víðsýnna, virða staðreyndir og láta af ómaklegum árásum á Kína.“

Kirkjan til fólksins

Minnisvarðar

Hugvekja

Viðar Stefánsson

Þess vegna, mín elskuðu systkin, verið staðföst, óbifanleg, síauðug í verki Drottins. Þið vit-ið að Drottinn lætur erfði ykkar ekki verða til ónýtis (1. Kor. 15:58).

Í fjarlægju þorpi ákváðu þorpsbúar eitt sinn að reisa minnisvarða. Minnisvarðinn átti að vera til minningar um þá hermenn sem fallið höfðu í stríði nokkru sem geisaði í landinu fimmtán árum áður. Þorpsbúar voru allir sammála um að þrátt fyrir gífurlegar fórnir hermanna beggja fylkinga væri minnisvarðinn það minnsta sem þeir gætu gert. Bundu menn vonir við að minnisvarðinn myndi minna á gildi friðarins sem ríkti nú í landinu.

Hver og einn lofaði að leggja sitt af mörkum til byggingar minnisvarðans eins og efni og tækifæri gáfu kost á. Járnsmiðurinn var reiðubúinn að gefa vinnu sína og efni til verksins rétt eins og glersmiðurinn. Bakarinn og fisksalinn lofðu að fæða þá sem kæmu að verkinu. Þá lagði trúarleiðtogi þorpsins blessun sína yfir verkið og galdramaðurinn lofaði að gæða minnisvarðann varanlegum töfrum. Meira að segja þorpsfílið var reiðubúið að láta hendur standa fram úr ermum og bætti við, eins og sönnu þorpsfíli sémir, að nú dygðu einungis vettlingatök.

Nú fóru allir að undirbúa og finna til það sem þurfti til verksins og var ákveðið að bygging minnisvarðans skyldi hefjast tveimur vikum síðar. Var það ákveðið svo kaupmenn gætu gengið frá helstu viðskiptum og þá vonuðust menn til að geta reist minnisvarðann ögn nær sumri.

Tvær vikur liðu og vörur og efni bárust þorpinu hratt og vel rétt eins og fregnin af byggingu minnisvarðans. Verkið var lítið góðum augum í nærliggjandi sveitum og þorpum og var þorpsbúum hrósað fyrir virðingarverða hugmynd. Í þorpinu ofar í dalnum var meira að segja ákveðið að reisa minnisvarða sem yrði ekki síðri en sá sem okkar þorpsbúar ætluðu að reisa (þetta var eðlilegt þar sem íbúar þorpsins ofar í dalnum einkenndust af mikilmennskubrjáðum).

En sem fyrr segir liðu tvær vikur og komu nú þorpsbúar á torgið þar sem ákveðið var að reisa minnisvarðann. Nú hrúguðust upp (jafnvel bókstaflega) vistir, efni, tæki og töl sem nýta skyldi til verksins. Öldungur þorpsins hélt stutta ræðu í upphafi og minnti alla á hvers vegna minnisvarðinn væri reistur: „Að berjast fyrir friði er mikilvægt en það er enn mikilvægara að viðhalda honum.“ Orð öldungsins féllu í góðan jarðveg og fylltust þorpsbúar miklum þrótti og vilja til að gera minnisvarðann sem virðulegastan.

En nú kom upp örlítið vandamál hjá þorpsbúunum okkar. Enginn hafði gert sér grein fyrir því hvernig minnisvarðinn átti að líta út. Enginn hafði teiknað hann formlega upp og engir tveir voru með sömu hugmyndina.

Þetta leiddi óneitanlega til rifrildis. Járnsmiðurinn og glersmiðurinn fóru að rifast um úr hvaða efni minnisvarðinn ætti að vera (og úr deilum þeirra er komið orða-



Morgunblaðið/Ómar

Steindur gluggi í Hallgrímskirkju í Hvalfirði.

tiltækið að kasta steinum úr glerhúsi). Það fauk í bakarann þegar viðstaddir töldu að brauð hans

væru mygluð rétt eins og fisksalann sem átti að allra mati úldinn fisk. Áætluðu allir að bakarinn og fisksalinn væru að eitra fyrir þorpsbúa. Trúarleiðtogi og galdramaðurinn köstuðu guðsgjafarþulur og töfraþulur hvor í annan með ófyrirsjáanlegum afleiðingum og þá kallaði öldungurinn til laganna verði eftir að þorpsfílið tók gjallarhorn öldungsins og hrópaði: „Enginn verður óbarinn fiskur!“

Í öllum æsingnum og fljúgandi ókvæðisorðum stóð kona ein með barn sitt og horfði á lengdar á stríðið sem stóð nú yfir á torginu. Dóttir hennar á unglingalsaldri stóð við hlið hennar og gapti á það sem fyrir augu bar. Þegar laganna verðir handsómuðu loks þorpsfílið rann gjallarhornið fyrir fætur hennar. Hún tók það upp, hugsaði sig um í smástund og kallaði síðan í hornið: „Mér finnst að minnisvarðinn ætti að vera fallegur!“

Ög það var eins og við manninn mælt. Öfbeldið og skarkalinn stoppaði. Í örskotsstund mátti heyra saumnál detta. Það var hins vegar í þögninni sem allir áttuðu sig á villu síns vegar. Afslökunarbeiðnir flugu nú jafn ört milli manna eins og guðsgjafarþulur og töfraþulur og öllum þótti fráleitt að markmið bakarans og fisksalans væri að eitra fyrir heildina.

Nú hófust allir handa við byggingu minnisvarðans og eins og við var að búast varð hann glæsilegur og átti engan sinn líka í öllu landinu. Flestir voru samt sammála um að það besta í öllu saman hefði verið þegar allir lögðust á eitt og létu af sínum skoðunum, fásinnu og bábilju en höfðu hugfasta hagsmuni heildarinnar. Jafnvel þorpsfílið áttaði sig á þessu og hugsaði með sjálfum sér að hver væri sinnar kæfu smiður.

Saga þorpsbúanna er saga okkar allra. Að við gerum það sem er rétt, skynsamlegt og fallet. Við stöndum öll saman í yfirstandandi verkefni. Það skiptir engu máli hvort við erum þorpsfíli, járnsmiðir eða öldungar. Öll viljum við að lífið fái sína eðlilegu og fallegu framvindu.

Það minnsta sem við getum gert, utan þess að fylgja fyrirmælum yfirvalda, er að biðja. Biðja fyrir þeim sem hafa sýkst eða eru í sóttkví. Biðja fyrir þeim sem standa að almannavörnum í samfélagi okkar og minnast þeirra með þakklæti. Biðja fyrir því að Guð muni vel fyrir sjá.

Höfundur er prestur í Vestmannaeyjum
vidar@landakirkja.is

Kíktu á verðið



Netverslun
www.skornir.is

Tilboðsverð

2.998

Verð áður 9.995

Stærðir 41-46

Breyttur opnunartími Smáralind
Mán-lau: kl. 12-17 – Sun: Lokað

skórnir þínir

SMÁRALIND
www.skornirthinir.is

Umræðan

Til stjórnar framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, Eflu og Borgarfjarðarhrepps

Eftir Berg Þorra Benjamínsson

Undirritaður gerir miklar at-hugasemdir við úthlutun úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða í verkefnið „Bátahöfnin við Hafnarhólma – bygging þjónustuhúss“. Í umsókn með verkefninu, sem hófst árið 2017, kemur eftirfarandi fram: Borgarfjarðarhreppur – Bátahöfnin við Hafnarhólma – bygging þjónustuhúss kr. 20.000.000, styrkur til að hefja byggingu húss sem mun rúma aðstöðu fyrir þjónustu fyrir ferðamenn. Salerni og sturtuadstaða opin almenningi verða í húsinu og á þaki þess verður útsýnispallur en mikið fuglalíf er á svæðinu.

Heildarfjárhæð sem farið hefur í umrætt hús er 80 milljónir króna samkvæmt mínum upplýsingum.

Innviðaupbygging til að bæta aðstöðu til fuglaskoðunar þar sem lögð er áhersla á aðgengi



Bergur Þorri Benjamínsson

fyrir alla mun að einhverju leyti koma í veg fyrir ágang ferðamanna á viðkvæmt svæði í hólmanum og auka öryggi þeirra sem hafa gengið um bratta hamrana.

Það var því alveg skýrt frá byrjun að um er að ræða hús sem á að vera aðgengilegt öllum. Í því eigi að vera lyfta þannig að hægt sé að komast upp á þak og njóta þaðan útsýnis yfir fallegt fuglaskoðunarsvæði.

Nú þremur árum seinna stendur húsið fullrísíð en lyftulaust! Þegar eftir því var gengið við sveitarfélagið Borgarfjarðarhrepp kom fram að því hefði verið nokkur vandi á höndum.

Húsið hefði kostað meira en upphaflega var gert ráð fyrir og þær fjárveitingar sem voru komnar hefðu ekki dugað til. Því hefði verið brugðið á það neyðarúrræði að sleppa lyftu í húsið að sinni. Það er þó alveg ljóst að mörg ár geta liðið þar til lyfta verður sett í húsið.

Ég krefst svara við eftirfarandi spurningum:

1. Voru engin skilyrði sett af hálfu Borgarfjarð-

» Það var því alveg skýrt frá byrjun að um er að ræða hús sem á að vera aðgengilegt öllum. Í því eigi að vera lyfta.

arhrepps varðandi að húsið yrði að vera aðgengi-legt, frá fyrsta degi, eins og kveðið er á um í mannvirkjalögum af hálfu framkvæmdasjóðsins?

2. Getur sveitarfélagið Borgarfjarðarhreppur tekið ákvörðun um það einhliða að sleppa lyftu í þjónustuhúsinu þrátt fyrir kynningu í umsóknum og áherslu á aðgengi fyrir alla?

3. Hvernig getur það samræmst gildum Eflu verkfræðistofu – „Vinum saman að framúrskarandi lausnum“ – að samþykkja að Þjónustuhúsinu sé skilað án lyftu?

4. Samþykkja allir aðilar að lög séu brotin?

Höfundur er formaður Sjálfsbjargar lsh. bergur@sbh.is

Allir vinna, 2. hluti

Eftir Geir Ágústsson

Á tímum farsóttu, sóttkvía og tímabundinna erfiðleika er oft gott að reyna að róa hugann og sjá stóru myndina. Núna gengur vírus yfir heimsbyggðina og allt kapp lagt á að hægja á útbreiðslu hans. Á meðan er samfélagi flestra ríkja haldið í eins konar gislingu með tilheyrandi skaðlegum áhrifum á hagkerfið. Þetta mun auðvít-



Geir Ágústsson

ingaframkvæmda, hafi tekist einstaklega vel. Þessi skattavilnun skilar líklega meiru í ríkissjóð en ella.“

Núna boðar flokkssystir hans, forsætisráðherra, svipaða hagfræði.

Allt er þetta gott og blessað og sýnir okkur að allir eru í raun sammála um að mikil skattheimta er letjandi fyrir hagkerfið og dregur þrótt úr atvinnulífinu. Á góð-æristímum er þessu innsæi samt sópað undir teppið. Þá

skal vera eitthvað fyrir alla og skattar skráfaðir upp í rjáfur til að fjármagna bruðlið.

Kannski veirutímar kenni okkur eitt-hvað um forgangsröðun: Að úr því ríkisvaldið vill standa í rekstri á heilbrigðiskerfi (beint eða óbeint) þá sé mikilvægt að það sé í for-gangi. Að milljarðar sem renna í gæluverkefni græningja og femínista og fleiri slíkra séu loksins afhjúp-aðir sem soun á verðmæt-um sem hefðu geta runnið í eitthvað mikilvægara.

Um leið væri hægt að slaka varanlega skattheimt-

unni og örva hagkerfið alla daga ársins og búa það undir ýmis áföll sem óumflýj-anlega ganga yfir bæði ríki og heims-byggð.

Ef sú veira sem heitir aðdaun á gælu-verkefnum hins opinbera nær að bugast um svipað leyti og hin kínverska veira þá verður kannski langtímaávinningurinn stærri en fórnarkostnaður úrræðanna.



Höfundur er verkfræðingur. geirag@gmail.com

» Kannski kínverska veiran geti minnt okkur á hagfræði fjármálaráðherra í kjölfar fjármálahrunsins.

að ganga yfir en engu að síður er athyglisvert að sjá þau úrræði sem gripið er til svo gjaldprotahrinan verði ekki óstöðvandi, eins og vírusinn að einhverju leyti er.

Í ríkjum eins og Danmörku, Íslandi og víðar hafa yfirvöld blásið til mótvægisadgerða til að koma til móts við suma af þeim sem finna fyrir efnahagslegum áföllum á meðan fyrirtækjum er haldið lok-uðum og fólki heima. Að stórum hluta snúast slíkar aðgerðir um að slaka á skattheimtunni. Slíkt á að hafa örvandi áhrif og bæta efnahag fólks og fyrirtækja. Undir það má auðvitað taka en ef skattalækkanir á veiru-tímum hafa örvandi áhrif af hverju mátti þá ekki framkvæma þær á heilbrigðari tímum?

Þetta minnir á orð fráfarandi fjármálaráðherra í vinstristjórn sem var vitnað í á kreppuárinu 2011 á eftirfarandi hátt: „Stein-grímur J. Sig-fússon fjármálaráðherra segir að átakið Allir vinna, sem veitir endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna bygg-



Við skrifum fleiri fréttir

38,0% allra fréttu frá tíu stærstu fréttamiðlum landsins koma frá fréttastofu Morgunblaðsins og mbl.is. Þessi elsta fréttastofa landsins er mönnuð reynslumiklu fagfólki sem hefur aðeins eitt markmið — að miðla vönduðum fréttum og fjölbreyttu efni til lesenda á hverjum degi.

Ekki missa af því sem skiptir máli.

Sími 569 1100

Komdu í áskrift strax í dag

mbl.is/askrift

18,8% Morgunblaðið

19,2% mbl.is

14,0% Fréttablaðið

38,0% Morgunblaðið

Leyndardómur kærleikans

Eftir Sigurbjörn Þorkelsson

Kærleikans vinir! Það verður nú yfirleitt allt eitthvað svo miklu betra þar sem þið komið við og leggið lið.

Því við þurfum himnesk hjörtu fyllt ástríðu og köllun, andagift og krafti, kærleikans hugsjón með von og trú á lífið til að tala samstöðu og kjark inn í harðan heim.

Pess vegna getur þín fagra nærvera verið eins og faðmlag Guðs. Fegurðin er himneskt lífsins leyndarmál. Í gegnum hana geislar Guðs um sálirnar leika.

Fríðurinn sem við sækjumst eftir

Pegar allt kemur til alls held ég að innri fríður skipti okkur nánast öllu máli. Því þannig öðlumst við jafnvægi og vellíðan sem við stöðugt leitum að og sækjumst eftir.

Ég held að leiðin að því markmiði og mikilvægasta vegferðin að eigin vellíðan sé að temja sér hugarfar fyrirgefningar. Að lifa í þakklæti. Bera virðingu fyrir fólki, vera tillitssamur, jákvæður, kurteis, uppörvandi og hvetjandi. Og að temja sér listina að hlusta á fólk og gefa sig ekki út fyrir að vita alltaf allt best og þurfa ekki alltaf að eiga síðasta orðið. Baktala ekki og dæma ekki. Vera sáttfús, umhyggjusamur og umburðarlyndur. Leitast við að sjá fólk með hjartanu.



Sigurbjörn Þorkelsson

Því að fríðarins faðmur breiðist yfir þegar við tökum að sjá og hlusta með hjartanu. Þá umhyggjan dýpkar og kærleikurinn vex.

Kærleikurinn er Guðs gjöf

Leyndardómur gjafar Guðs er kærleikurinn. Kærleikurinn sem sér í þér eilífðar verðmæti. Kærleik-

STÖNDUM SAMAN

» Við þurfum hjörtu fyllt kærleikans hugsjón, ástríðu og köllun, andagift, krafti og trú á lífið til að tala samstöðu og kjark inn í harðan heim

urinn sem veitir fríð sem enginn skilur en gott er að fá að meðtaka, hvíla í og njóta.

Kjarni kærleikans er hjarta Guðs sem breytir refsingu í fyrirgefningu, sundurlyndi í samstöðu og dauða í eilíft líf.

Með kærleiks-, samstöðu- og fríðarkveðju.

Lífi lífið!

Höfundur er ljóðskáld og rithöfundur og aðdáandi lífsins.

Tryggja sér eldissvæði með óraunhæfum ófrjóum eldislaxi

Eftir Valdimar Inga Gunnarsson

Stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða sem voru búnir að koma leyf-isveitingarkerfinu í uppnám, með um 70% eldissvæða, létu skipa sig í starfshóp sem fékk það verkefni að gera stefnumótun fyrir fiskeldi. Eitt af verkefnum þeirra var að koma á tæknilegum hindrunum til að tryggja að þeir gætu haldið eldissvæðum jafnvel án þess að nýta þau í fjölmörg ár eða greiða af þeim auðlindagjald.

Fulltrúar Landsambands fiskeldisstöðva

Það var augljóst frá upphafi að stjórnarformennirnir voru að huga fyrst og fremst að hag sinna fyrirtækja í sinni vinnu í stefnumótunarhópnum. Stjórnarformennirnir tveir voru í umboði Landssambands fiskeldisstöðva en stjórn félagsins frétti lítið hvað var að gerst fyrr en undir lokin þegar búið var að leggja línurnar að mestu. Hér vakna margar áleitnar spurningar um vinnubrögð og hvaða reglur eiga að gilda um samstarf félaga innan samtaka.

Takmarka heimildir

Framleiðsluheimildir fyrir sjókvía-eldi voru takmarkaðar árið 2014 þegar tekin var sú ákvörðun að fara út í að gera burðarþolsmat og meta þannig lífrænt burðarþol fjarða. Til að takmarka eldi á frjóum eldislaxi var ákveðið árið 2019 að styðjast við áhættumat erfðablöndunar, verkfæri sem ekki er notað í öðrum löndum. Það sem er athyglisvert er að á Íslandi er áhættumat erfðablöndunar notað til að verja sértæka hagsmuni ákveðinna aðila en það tengist lítið



Valdimar Ingi Gunnarsson

» Koma á tæknilegum hindrunum til að tryggja að þeir gætu haldið eldissvæðum jafnvel án þess að nýta þau í fjölmörg ár eða greiða af þeim auðlindagjald

Ófrjóir laxar

Það er mjög óljóst hvenær eldi á ófrjóum laxi getur orðið fýsilegur valkostur til framleiðslu á eldislaxi. Unnið hefur verið að þróun á framleiðslu á ófrjóum eldislaxi í áratugi og eftir ákveðna hjartarsýni á tímabili í Noregi þar sem eldi var reynt, á iðnaðarskala, hefur það því sem næst lagst af vegna margskonar vandamála. Þessi mikla áhersla og ofurtrú á eldi á ófrjóum eldislaxi virðist því í dag vera sérislenskt fyrirbrigði. Áður en hægt verður að hefja samkeppnishæft eldi á ófrjóum laxi á eftir að leysa fjölmörg líffræðileg viðfangsefni og einnig er mikil óvissa um viðbrögð markaðarins, hvort neytendur leggji sér til munnis eldislax sem búið er að gera ónáttúrulegar breytingar á.

Afgreiðsla Alþingis

Það er með hreinum ólíkindum að þær tillögur sem lagðar eru fram í stefnumótunarskýrslunni hafi því sem næst verið teknar upp óbreyttar í fiskeldisfrumvarpi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra með heimild til að blokkera eldissvæði í a.m.k. fimm

umhverfisvernd en um það verður fjallað seinna.

Setja hindranir og verja svæði

Til að tryggja hagsmuni Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða þurfti því að setja hindranir til að hægt væri að halda svæðum sem voru í umsóknarferli og þar sem ekki var heimilt að vera með eldi á frjóum laxi skv. áhættumati erfðablöndunar. Þannig var búið um hnútana að hægt verður að halda eldissvæðum fyrir ófrjóan lax a.m.k. í fimm ár án þess að nýta svæðið til eldis eða greiða af því auðlindagjald. Það sem er umhugsunarvert er að áhættumat erfðablöndunar virðist vera sniðið fyrir Arnarlax, en það tryggir því fyrirtæki mestu framleiðsluheimildirnar fyrir eldi á frjóum laxi komi svo í ljós að eldi á ófrjóum laxi sé óraunhæfur kostur.

ár með það að yfirsíni að það eigi að hefja eldi á ófrjóum laxi. Engin breyting var gerð á þessu í meðhöndlun Alþingis á frumvarpinu. Meiri líkur eru á en minni að ekki verði búið að þróa samkeppnishæft eldi á ófrjóum laxi eftir fimm ár. Munu þá áhrif ákveðinna hagsmunaaðila vera það mikil að heimild til að blokkera eldissvæði verður framlengd eða breytt?

Væntingar um fjárhagslegan ávinning

Eins og staðan er í dag er regnbogasilungseldi mun fýsilegri valkostur en eldi á ófrjóum laxi, en báðir kostirnir koma í veg fyrir erfðablöndun við villtan íslenskan lax. Ástæðan fyrir því að ófrjóir laxar eru valdir af stefnumótunarhópnum frekar en regnbogasilungur er augljóslega sú að gera laxeldisfyrirtækjum stjórnarformannanna kleift að helga sér svæði í ákveðið árabíl undir því yfirsíni að fyrirhugað sé að ala þar ófrjóan eldislax. Með síðan von um að endurskoðað áhættumat erfðablöndunar gefi rýmri heimildir fyrir eldi á frjóum laxi geti viðkomandi aðilar fengið breytt sínum leyfum til aukningar heimilda til eldis á frjóum laxi. Þar með ná þau að koma í veg fyrir, allavega tímabundið, frekari uppbyggingu regnbogasilungseldis eða eldi annarra tegunda, halda sínum svæðum og jafnvel án greiðslu auðlindagjalda.

Næstu skref hagsmunaaðila

Mikill þrýstingur mun verða um að auka framleiðsluheimildir á frjóum laxi. Bent verður á að laxeldi á Íslandi er í alþjóðlegri samkeppni við stór og öflug laxeldisfyrirtæki erlendis sem eru eingöngu með eldi á frjóum laxi. Sértæk álög að skylda laxeldisfyrirtæki á ákveðnum svæðum að vera eingöngu með eldi á ófrjóum laxi leiðir til þess að fyrirtækin verða ekki samkeppnishæf á alþjóðlegum mörkuðum þegar markaðsverð á eldislaxi lækkar. Hagsmunaaðilar hafa hafið umræður um að fá auknar framleiðsluheimildir á ófrjóum eldislaxi með vafasömum tillögum um mótvægisáðgerðir. Áhættumat erfðablöndunar og mótvægisáðgerðir eins og best þekkja erlendis mun verða tekið fyrir í seinni greinun.

Höfundur er sjávarútvegsfræðingur og hefur m.a. unnið við ýmis mál tengd fiskeldi í rúm þrjátíu ár.
valdimar@sjavarutvegur.is

VANTAR ÞIG PÍPARA?

FINNA ÞÚ FINNUR ALLT Á FINNA.IS

TAXI

56 10 000

BSR

Góð þjónusta í tæpa öld

10% afsláttur fyrir 67 ára og eldri

TAXI

Flugvallarþjónusta

BSR sér um að skutla þér út á flugvöll og aftur heim þegar þú ferð til útlanda.

Verð aðra leið:

1-4 manneskjur	5-8 manneskjur
15.500 kr.	19.500 kr.

Einsemd

Eftir Ásgeir R. Helgason

Einsemd hjá miðaldra og eldra fólki en nokkuð útbreidd. Um það bil sjö af tíu körlum og fjórar af tíu konum, sem ekki búa með maka, eiga engan að til að deila erfidum tilfinningum með. Erfiðar tilfinningar eru hér skilgreindar sem ótti við sjúkdóma og dauða, kvíði, þunglyndi og vonleysi.

Fólk sem býr í sambúð deilir þó oftast flestu með maka sínum. Konur í sambúð eiga líka oft trúnaðarvini sem þær deila flestu með, en langt frá því allar. Um helmingur miðaldra og eldri kvenna, sem lifa í sambúð, deila fáum eða engum áhyggjum með öðrum en maka sínum. Hjá körlum er hlutfallið hærra. Rúmlega átta af tíu körlum í sambúð deila erfidum tilfinningum aðeins með maka sínum.

Höfum þetta hugfast þegar við sláum á þráðinn. Munum að það er



Ásgeir R. Helgason

alls ekki sjálfgefið að fólk vilji tala um erfíð mál. Verum ekki uppáþrengjandi. Fólk velur sjálft hvenær og hvort það vill deila erfidum tilfinningum með öðrum. Fyrsta skrefið er samt að vera í sambandi, jafnvel þótt umræðuefnið sé bara jarðskjálftar, efna-hagsmál og veðurfar.

STÖNDUM SAMAN

» Á tímum sóttkvía og samkomubanna er rétt að hafa í huga þá tilfinningalegu einangrun sem margir búa við. Höfum samband en virðum persónumörk.

Höfundur er dósent í sálfræði við HR og sérfræðingur hjá Krabbameinsfélagi Íslands.

Moggaklúbburinn í samstarfi við Emobi kynna:



Land Rover Explore – Vatns-ryk og höggvarinn

Land Rover er framleiddur af sama framleiðanda og CAT snjallsímar og er gerður til að þola mikið álag (meira en aðrir símar), hvort sem það er högg, vatn eða ryk.

Með símanum fylgir auka 3620 mAh rafhlaða, GPS magnari, hulstur utan um símann með carabinu, 1 árs Premium aðgangur að Viewranger útivistarforritinu og leður kortaveski að andvirði 4.900 kr.

Almennt verð er 59.900,-

Moggaklúbbsverð – 39.900,-

Motorola G8 Plus – MOTO

G8 Plus sameinar stóran 6,3" FHD skjá, öflugan 8 kjarna örgjörva, 3 myndavélar og þar á meðal 48MP aðalmyndavél með laser focus. Stereo hátalarar, 4000mAh rafhlöðu, hraðhleðslu, fingrafaraskanna auk þess að vera skvettu varinn.

64GB geymsla og 4GB vinnsluminni.

Almennt verð 54.900,-

Moggaklúbbsverð 39.900,-



Huawei P30 Pro – EISA snjallsíminn 2019/2020

P30 PRO er með stórkostlegri myndavél og LEICA linsum og að margra mati einn flottasti síminn í dag.

OLED skjár, styður þráðlausa hleðslu, 256GB geymsla auk 8GB vinnsluminni. Allt það besta sem öflugur snjallsími býður uppá.



Almennt verð er 144.900,-

Moggaklúbbsverð – 119.900,-

Bluetooth
hátalari
fylgir með

Krókhálsi 5c | Sími 546 9000 | **emobi.is**
sendum frítt um landið

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT NÚNA

Á MBL.IS/ASKRIFT EÐA Í SÍMA 569 1100

Áskrifendur Morgunblaðsins eru sjálfkrafa meðlimir í Moggaklúbbum og njóta ýmissa fríðinda og tilboða.

farin og það er sárt að kveðja. Jafnvel þó að þú hafir barist lengi við þín veikindi, hefur mér einhvern veginn liðið eins og þú sért fastur punktur í tilverunni. Ekki sist eftir að ég flutti til Svíþjóðar en fyrsti viðkomustaður frá Keflavíkurflugvelli hefur ætíð verið hjá þér á Norðurvanginum og að sama skapi hefur síðasti kaffibollinn alltaf verið tekinn hjá þér á leiðinni aftur upp á völl. Ég er svo óendanlega þakklát fyrir allt spjallið okkar í gegnum árin og allar góðu samverustundirnar.

Pegar ég hugsa til baka er það fyrsta sem kemur upp í hugann allar góðu fjölskyldustundirnar á Norðurvanginum. Ömmu fannst gott að hafa alla hjá sér og var minna fyrir það að kíkja í heimsókn, enda er best að vera heima. Hún naut þess að hafa fjölskylduna í kringum sig og hafði lúmskt gaman af látunum í sonum sínum þegar svo bar undir að þeir komust í gír. Amma hefur alltaf verið stolt af sínu fólki og var ekki feimin við að tjá það. Ég tók sérstaklega vel eftir þessu þegar systurdóttir mín fæddist og amma varð langamma. Ný prinsessa komin í fjölskylduna og þvílíkt sem amma var montin af Anítu sinni, fyrsta langömmubarninu. Þá varð mér ljóst hvað amma er ótrúlega stolt af fólkinu sínu og ekki sist öllum ömmustelpunum sínum.

Minningar sem standa upp úr síðustu ár er þegar amma kom í heimsókn til mín til Stokkhólms. Ég kyntist ömmu örliðið betur í þessum ferðum sem ég er svo þakklát fyrir. Amma kenndi mér líka ýmislegt og það var mikið hlegið þegar amma fór t.d. að spreyta sig á tungumáli sem hún kallaði „skandinávískt språk“. Þetta eru ótrúlega dýrmætar minningar sem ég ætla alltaf að varðveita.

Elsku amma mín, það er sárt að kveðja en á sama tíma gott að vita að þið afi séuð sameinuð á ný.

Pín, Hilda Björk.

Kær mágkona mín, Jarþrúður Lilja, hefur kvatt okkur, stríðinu er lokið. Hún ætlaði að vinna þetta stríð og hún gerði engar málamiðlanir: var ákveðin í því að hafa betur. Læknavísindin ráða ekki við þennan illviga sjúkdóm, krabbameinið. Kynni okkar hófust fyrir fimmtíu árum þegar ég giftist bróður hennar Þórólfi. Jarþrúður Lilja var heilsteyppt manneskja, trygglynd sínum vinum, sem hún hélt vel utan um, enda er sá hópur vína og vinkvenna stór. Hún var stórlynd og sagði það sem hún taldi þurfa í samræðurnar, hvort sem öðrum þóknaðist sjónarmið hennar eða ekki. Hún þoldi ekki óréttlæti og taldi að ekki væri nóg að gert til að hjálpa þeim sem bágt ættu. Hún dvaldi um skeið í Noregi og vann þar við hárgreiðslu. Hún og bróðir hennar héldu heimili um tíma í Ósló þar sem bæði stunduðu vinnu. Hún vann einnig í Uppsölum í Svíþjóð og eignaðist þar ævivinkonu, sem hún hafði alltaf samband við og heimsótti ekki alls fyrir löngu. Hún var hrókur alls fagnaðar þar sem hún kom. Lilla, eins og hún var kölluð, var ákaflega listræn. Hún var í vatnslitamálu, sem hún var mjög góð í. Þetta veitti henni mikla gleði. Hún tók þátt í sýningum með skólafélögum sínum en mest var þetta fyrir fjölskyldu og vini.

Synir hennar þrír, Daniel, Björn og Hlynur, og Þóra tengdadóttir viku ekki frá henni allan sólarhringinn og skiptu með sér að vera hjá henni þessa síðustu mánuði í lífi hennar. Þetta eru undarlegir tímar þegar vinum hennar og stórfjölskyldu er bannað að fylgja henni síðasta spólinn, þar sem hún

verður jarðsett við hlið eiginmanns síns, Óla Kristins Björnssonar. Eg vil þakka Lillu mágkonu minni innilega fyrir samfylgdina. Sonum hennar og fjölskyldum þeirra votta ég samúð mína.

Erla Guðný Sigurðardóttir.

Ég sendi þér kæra kveðu, nú komin er lífsins nótt, þig umvefji blessun og bænir, ég bið að þú sofir rótt. Þó sviði sorg mitt hjarta þá sælt er að vita af því, þú laus ert úr veikinda viðjum, þín veröld er björt á ný.

Ég þakka þau ár sem ég átti, þá auðnu að hafa þig hér, og það er svo margs að minnast, svo margt sem um hug minn fer, þó þú sért horfinn úr heimi, ég hitti þig ekki um hrið, þín minning er ljós sem lifir og lýsir um ókomna tíð. (Þórunn Sig.)

Þessar ljóðlinur eiga vel við þegar ég kveð mína kæru mágkonu Lillu.

Leiðir okkar hafa legið saman í tæp 70 ár og öll þessi ár hefur ríkt mikill kærleikur og vinátta milli okkar.

Þetta vil ég að miklu leyti þakka Lillu fyrir elsku hennar á sínu fólki og vinum. Hún var mér og bróður sínum, Magga, trú og traust. Börnum okkar og barnabörnum sýndi hún einstaka ástúð eins og þau væru hennar eigin. Hún fylgdist vel með þeim vaxa úr grasi og hafði áhuga á hvað þau tóku sér fyrir hendur.

Þessi kærleikur kom best í ljós þegar Maggi minn féll frá. Þá átti ég haug í horni, hana Lillu, sem sýndi mér einstaka umhyggju og hugulemi af heilindum og hjartahlýju. Hún var dugleg að bjóða mér og taka mig með ef hún var að fara og sjá eitthvað ömmutílegt og spennandi. Auk þess þegar einhverjar upptökur voru í hennar fjölskyldu, stórar sem smáar, þá var Ellu mágkonu alltaf boðið.

Henni þakka ég samfylgdina og kem til með að sakna þess að hitta ekki lengur mína skemmtilegu, hressu, lífsglöðu og yndislegu mágkonu.

Hvíl í friði elskuleg og guð varveitti þig og þína.

Sonum hennar og fjölskyldum sendi ég mínar innilegustu samúðarkveðjur.

Elín Ringsted (Ella mágkona).

„Hvert augnablik lífsins er fótmaál í átt til dauðans.“ Þessi orð eru höfð eftir frönsku ljóðskáldi, en hversu sönn sem þau eru er alltaf erfitt að horfast í augu við það er vinir kveðja. Nú hefur Jarþrúður Lilja kvatt okkur eftir löng veikindi, Lilla vinkona, eins og ég kallaði hana frá fyrstu kynnum sem hófust um áramótin 1949-50 er við fluttum af Barónsstígnum á Hlíðarveg 15 en foreldrar hennar bjuggu þá litlu búi við Hlíðarveg 20. Hún var örverpið en átti þrjá eldri bræður. Fljótlega urðu góð kynni milli fjölskyldnanna sem aldrei bar skugga á. Bernskuárin bestu liðu, börnin urðu stór og á unglingsárum fórum við Lilla að vinna í frystihúsinu í Fífuhvammi og síðar á Kirkjusandi. Þá var nú gaman að lifa. Þegar aldri var náð fór Lilla í Iðnskólann og lærði hárgreiðslu sem varð hennar starf um margra ára skeið. Ég lauk gagnfræðaprófi á Núpi og fór þaðan í vinnu á Hvanneyri. Síðan lá leiðin norður í land með mannsefni mínu Völundi, en alltaf vorum við Lilla í sambandi. Hún lagði svo land undir fót og hélt til starfa í Ósló. Þangað heimsótti ég hana með frumburð okkar Völundar,

Steinunni Birnu, þá þriggja mánaða, en við mæðgur vorum á leið til Uppsala þar sem Völundur var við nám. Þetta var ævintýri á þessum tíma, en við áttum góða daga þrátt fyrir fimbulkulda í febrúar. Um haustið kom hún svo til Uppsala og vann þar um skeið á finni hárgreiðslustofu. Hún bjó hjá okkur og þröngt máttu sáttir sitja en alltaf gaman. Tíminn leið og hún giftist honum Óla sínum og saman eignuðust þau synina Daniel Þór, Björn Viðar og Hlyn Geir. Þau reistu sér svo framtíðarheimili við Norðurvanginn í Hafnarfirði. Við Völundur settumst að fyrir norðan og við bættust synirnir Viðar og Völundur Snær. Vinskapurinn hélst á milli fjölskyldnanna og áttum við margar góðar stundir saman, bæði sunnan heiða og norðan. Héldu þau m.a. upp á 60 ára afmæli Óla ásamt okkur á Akureyri. Ekki löngu síðar kom stóra höggvið, Óli lést, langt fyrir aldur fram. Þetta reyndi mikið á vinkonu mína og synina. Allmörg síðustu starfsárin vann hún hjá Orkuveitunni eftir að hún hætti að starfa við hárgreiðslu. Svo bönkuðu veikindin upp á hjá henni og færðust í aukana smátt og smátt þar til yfir lauk. Ég er óseggjanlega þakklát Þóru tengdadóttur hennar fyrir að koma með hana norður í Álftanes í sumar þar sem við áttum fáa en góða og sólríka daga saman. Síðustu misserin dvaldi ég hjá henni á Norðurvanginum tíma og tíma, síðast nú í vetur. Við nutum samverunnar, rifjuðum upp liðnar stundir, kúrdum saman undir sæng og horfðum á sjónvarpið. Væntumþykjan alltaf til staðar. Þar kom að hún þurfti meiri aðstoð og dvaldi hún á líknardeildinni í Kópavogi síðasta tímann. Þar dvöldu synirnir ásamt tengdadótturinni hjá henni nótt sem dag. Kæra vinkona, þú naust þess að mála og eftir þig liggja ótal fallegar myndir. Nú er sú sérkennilega staða uppi að ég get ekki fylgt þér síðasta spólinn sem mér fellur mjög þungt, en hugurinn er hjá þér og allri fjölskyldunni. Guð blessi ykkur öll.

Þín æskuvinkona, Halla og fjölskylda.

„Ertu að leita að íbúð?“ Hávaxin stúlka ávarpaði mig, ég leit upp til hennar og hef gert það síðan. Við erum staddar á 17. júní-samkomu í Ósló 1960. Við urðum vinkonur við fyrstu kynni og leigðum íbúð saman í marga mánuði. Lilja var nýút-skrifuð hárgreiðsludama og vann á hárgreiðslustofu í borginni. Þetta var skemmtilegur tími. Á aðfangadagskvöld urðum við dálítið einmana, röltum í bæinn í leit að veitingastað, allt lokað. Fórum þá í Dómkirkjuna klukkan 10, hlustuðum á jólamessuna og leið strax betur. Við gerðum okkur fljótlega grein fyrir að við vorum sveitastelpur frá Íslandi í stórborginni Ósló og þegar við sáum auglýsingu í dagblaðinu einn daginn um fyrirsætunámskeið átti það eftir að breyta mörgu. Það kom fljótt í ljós að við kunnum ekkert. Göngulagið var sérstaklega tekið fyrir ásamt borðsíðum og snyrtingu. Við bárum höfuðið hátt, urðum beinar í baki, öryggidið uppmálað.

Lilja var einstök kona, glæsileg, bjartsýn, jákvæð, skemmtileg og vinmörg. Henni var margt til lista lagt, var fagurkeri, hönnuður, raðaði blómum saman í fagra vendi, listmálari og ber heimili hennar vitni um góðan smekk hennar. Hún elskaði bækur, las mikið og var alltaf gaman að ræða nýjustu bækurnar og þótt við værum ekki alltaf sammála voru umræðurnar fjörugar og skemmtilegar. Lilja hafði sterkar skoðanir á málefnum dagsins og pólitík og gátum við rétt málin í vinsemd þrátt fyrir oft ólíkar skoðanir.

Í júlí 2017 skruppum við til Akraness með viðkomu á Kjalarnesi þar sem foreldrar hennar bjuggu þegar hún var litil. Það var gaman að hlusta á hana tala um æskustöðvarnar og lífið á Kjalarnesi í nágrenni Ešjunnar sem henni þótti vænt um.

„Akrafjall er fallegasta fjall á Íslandi séð frá Akranesi,“ sagði ég stolt um fjallið mitt. „Nei, Ešjan er fallegri,“ sagði Lilja. Á leiðinni til baka segir Lilja þegar við nálgumst Kjalarnesið: „Jú, Akrafjall er fallett séð frá Akranesi.“ Sáttasemjarinn hún Lilja.

Ég sakna þessarar hugmyndaríku og góðu vinkonu minnar og kveð hana með sorg í hjarta.

Sonum hennar og fjölskyldum sendi ég mínar innilegustu samúðarkveðjur.

Auður Stella.

Kristján Friðrik Júlíusson

† Kristján Friðrik fæddist á Akureyri 5. júní 1950. Hann lést á heimili sínu í Brekkugötu 20. mars 2020.

Foreldrar hans voru Júlíus Björn Magnússon, f. 1.1. 1922, d. 5.2. 2015, og Sigurlína Kristjánsdóttir, f. 5.1.

1930, d. 27.11. 2001. Systur Kristjáns eru Jóhanna, f. 1.3. 1953. Hennar maki er Árni Þorvaldsson, synir þeirra eru Júlíus og Börkur, og Jóna María, f. 23.6. 1957, gift Helga Þór Þórssyni, f. 24.10. 1955. Þeirra dætur eru Harpa og Hildur.

Eftirlifandi kona Kristjáns er Aldís Ragna Hannesdóttir, f. 1.5. 1948. Dóttir þeirra er Júlía Björk Kristjánsdóttir, f. 23.4. 1973. Hennar maður er Eggert Þór Ingólfsson, f. 19.9. 1968, og eru dætur þeirra Eva Laufey, un-



usti Jón Októ Leifsson, Aldís Hulda og Kristín Edda.

Kristján bjó alla tíð á Akureyri. Á sínum yngri árum var hann til sjós tvö sumur. En annars starfaði hann sem kranamaður og vörubílstjóri. Fyrst hjá Mól og sandi og svo hjá Slippstöðinni. Fljótlega keypti hann sér vörubíl með krana og átti það eftir að verða ævistarf hans. Árið 1998 voru bílarnir orðnir tveir og fyrirtækið KFJ kranabílar varð til. Þegar hann seldi fyrirtækið árið 2015 voru bílarnir þrír.

Útför Kristjáns fer fram frá Akureyrarkirkju í dag, 31. mars 2020, kl. 13.30. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu er aðgangur mjög takmarkaður en henni verður streymt á netinu. Hægt er að fá slóð að streyminu hjá aðstandendum.

Dagarnir eru búnir að vera skrítnir undanfarið og svo kvaddi elskulegur bróðir okkar. Það var eitthvað sem maður var búinn að eiga von á, en er aldrei tilbúinn að meðtaka, svo sorglegt. Hann var elstur af okkur systkinum og var svo sannarlega stóri bróðir. Ég sagði stundum hlæjandi við mömmu og pabba að hann væri svona því hann hefði verið skírður tveimur kónganöfnum, Kristján Friðrik.

Honum var mikið umhugað um sitt fólk og vorum við systur þar á meðal og okkar börn og barnabörn. Rúmlega tvítugur stofnaði hann eigið fyrirtæki, Kranabílar KFJ, og var fljótt mikið að gera hjá honum og var hann duglegur að koma sér áfram. Hann var alltaf vakinn og sofin yfir vinnunni og fór út um allt land að vinna. Hann var duglegur og hugsaði í lausnum.

Hann kynntist mörgum og var mikið hringt í hann, vinir og kunningjar, og fannst mér stundum ótrúlegt hvað hann þekkti marga.

Hann tók ákvörðun um að selja fyrirtækið 63 ára og ætluðu hann og Dísu að fara að ferðast sem þau

höfðu svo mikinn áhuga á, en þá fóru veikindi að herja á hann, sem hann tók af svo miklu æðruleysi og var Sjúkrahúsið á Akureyri orðið staður sem hann var oft á. Þar voru allar hjúkrunarkonurnar vinkonur hans, hann kvartaði aldrei yfir sínu hlutskipti, sama hversu veikur hann var. Eitt sinn eftir langa legu sendi hann þeim snittur og pönnukökur á lyfja-deild SAK enda fannst honum það vel við hæfi fyrir alla þjónustuna. Hann var rausnarlegur og sannur vinur vína sinna.

Þegar líða fór á seinni hluta veikinda fékk hann hjúkrunarfræðinga heim til sín frá Heima-hlynningu, sem hann samþykkti ekki alveg til að byrja með, en eftir eina heimsókn skipti hann um skoðun. Hann talaði oft um að það væri svo skrítið að hann væri umvafinn yndislegum konum og var Dísu alltaf til staðar fyrir hann.

Hann lést á heimili sínu umvafinn þeim sem hann unni mest, blessuð sé minning þín, bróðir kær.

Hafðu það gott í sumarlandinu, minningin lifir að eilífu.

Jóna María, Jóhanna og fjölskyldur.

Minningarvefur á mbl.is

Minningar og andlát

Vefur þar sem er sameinað efni sem snýr að andlátum og útförum. Þar eru birtar andláts-, útfarar- og þakkartilkynningar sem eru aðgengilegar öllum en auk þess geta áskrifendur lesið minningargreinar á vefnum.

Á vefnum er að finna upplýsingar um þjónustuaðila sem aðstoða þegar andlát ber að höndum og aðrar gagnlegar upplýsingar ætlaðar aðstandendum við fráfall ástvina.

www.mbl.is/andlát

Minningargreinar

Hægt er að lesa minningargreinar, skrifa minningargrein og æviágrip.

Þjónustuskrá

Listi yfir aðila og fyrirtæki sem aðstoða þegar andlár ber að höndum.

Gagnlegar upplýsingar

Upplýsingar og gátlisti fyrir aðstandendum við fráfall ástvina

Morgunblaðið

mbl.is



22 | MINNINGAR

Hafsteinn Kjartansson

† Hafsteinn Kjartansson fæddist 19. júní 1968 á Sjúkrahúsi Akureyrar. Hann lést á Tenerife 6. febrúar 2020.

Foreldrar Hafsteins eru Antonía Björg Steingrimsdóttir húsmóðir, f. 15. júlí 1941, og Kjartan Árni Eids-son skipstjóri, f. 19. ágúst 1938, d. 30. september 1988. Systkini Hafsteins eru Hallgrímur Eggert Vébjörnsson



bílstjóri, f. 18. maí 1963. Sambýliskona Eggerts er Judith Anna Haas kennari, f. 7. febrúar 1969. Dóttir Eggerts er Antonía Eggertsdóttir Maul. Steingrímur Eiður Kjartansson sjómaður, f. 30. maí 1967. Eigin- kona hans er Grachille A. Bali- god, vaktstjóri í Bláa lóninu. Börn þeirra eru Angela Björg, Kjartan Árni og Æsa María.

hjálpna öðrum við að vinna sig úr fíkninni og ná tökum á lífi sínu. Hann vann í því að vera með sumarmót fyrir AA-félaga. Fór á meðferðarheimili, fangelsi og víðar til að tala um reynslu sína. En að sjálfsögðu fékk hann líka hjálp frá mörgum góðum AA-félögum og fyrir það viljum við systkinin þakka. AA samtökin voru einnig hans fjölskylda og allt það góða fólk sem hann þekkti þar. Habbi bróðir var að mörgu leyti skýja-glöpur. Hann gekk með háleitar vonir og óskir í brjósti. Og satt best að segja hafði hann einurð og dug til að láta sumar þeirra rætast. Það lá honum þungt á hjarta að gera upp við fortíðina og misgjörðirnar, hverjar sem þær voru. Hann gekk fram í því að hreinsa upp gamlar syndir og skuldir gagnvart samfélaginu og samferðafólki sínu og var komin með hreint mannorð þegar hann lést. Það var honum mjög umhugað og mikilvægt.

Habbi kunni vel við sig í sól og hita og var búinn að fara ófáar ferðir til Tenerife, Kanarí og hvað allar þessar suðrænu eyjar heita og ósjaldan bauð hann móður sinni með sem hann elskaði og virti umfram allt annað og vildi þakka henni þá ástúð og stuðning sem hann fékk alltaf hjá henni á erfiðum tímum.

Habbi bróðir var búinn að vera edrú í ein sjö ár núna undir það síðasta og edlilega afskaplega glaður og ánægður með það og þá ekki síður við hin í fjölskyldunni og allir hans AA-vinir. Við vorum mjög stolt af honum. Hann varð bráðkvaddur á Tenerife í sól og hita umvafinn góðum vinum og félögum. Við systkinin erum ekkert endilega öll forlagatrúar en eitthvað segir okkur að Habbi hafi fundið eitthvað á sér varðandi það að hann væri að fara. Ólíkt honum var hann búinn að hringja í okkur öll 2-3 dögum fyrir andlátíð og gefa sér góðan tíma til að tala við okkur um lífið og tilveruna og hvað allt væri nú gott og ljúft. Hver veit? Það er svo margt sem við skiljum ekki. En eitt er víst, að leiðir okkar liggja saman aftur seinna meir og þá fáum við vonandi að sigla á því sama himinfleyi sem Habbi bróðir og faðir okkar Kjartan Árni gera. Þegar börn okkar systkina voru spurð hver væri þeirra sterkasta minning um Habba svöruðu þau öll eins: Alltaf brossandi, hávær, glaðvær, gjafmildur og gaf okkur hlý tröllaknú. Sá

Hilmar Kjartansson læknir, f. 30. mars 1971. Eiginkona hans er Svava Kristinsdóttir heilbrigðisverkfræðingur, f. 26. nóvember 1974. Börn þeirra eru Birna Líf, Árni Kristinn, Sólný Inga og Elvar Steinn.

Valdimar Kjartansson sjómaður, f. 28. janúar 1976. Sambýliskona hans er Inga Tirone sjúkrahjálfari, f. 8. apríl 1977. Dætur þeirra eru Eva María og Helena Anja. Ósk Kjartansdóttir hjúkrunarfræðingur, f. 3. maí 1983. Eiginmaður hennar er Ragnar Th. Atlason bakari, f. 1. nóvember 1978. Börn þeirra eru Ísak Andri, Arna Sóley og Sara Margrét. Útför Hafsteins fór fram frá Grindavíkurkirkju 26. febrúar 2020.

sem skapar sér slík eftirmæli og slíka minningu er maður með hjarta úr gulli.

Við skulum sól sömu báðir hinsta sinnit við haf líta. Lítt man þá leið þeim ljósi móti vini studdur af veröld flýr. (Jónas Hallgrímsson)

Við elskum þig ávallt, þín systkini og móðir, Hallgrímur, Steingrímur, Hilmar, Valdimar og Ósk.

Miðvikudaginn 26. febrúar síðastliðinn var borinn til grafar frá Grindavíkurkirkju nær vinur, Hafsteinn Kjartansson, kallaður Habbi.

Habba kynntist ég fyrst fyrir um sjö árum þegar hann var enn eina ferðina að endurreisa sjálfan sig úr þeirri óskustó sem sumir samferðamanna okkar enda í, gangi þeir of hratt inn um gleðinnar dyr. Þetta var ekki hans fyrsta endurreisn en í þetta sinn var það hans síðasta, því frá þeim tíma og allt til dánardags náði hann að feta veg þann sem er ekki aðeins varðaður góðum áformum, heldur einnig þeim praktisku og andlegu vörðum sem vísa veginn til lífs án áfengis. Þann veg náði Habbi að feta nánast sleitulaust í tíu ár samfleytt.

Habbi var stór í sniðum á alla kanta, andlega sem líkamlega, með stórt hjarta sem bjó yfir meira örlæti og meiri hjálpssemi á þessum sjö árum en flestum er gefið á allri lífsleiðinni. Hann var líka með stóran og kærleiksríkan huga og var óþreytandi að sinna því viðfangsefni sem öðrum lán-söðum mönnum auðnast sem fara þessa vegferð, að hjálpa og aðstoða aðra menn sem áttu í sama basli við raunveruleikann og hann hafði átt. Það hefði víst einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar að hann Habbi væri orðinn fyrirmynd fyrir tugir ef ekki hundruð manna sem urðu á vegi hans eftir þann viðsnúning sem hafði orðið á lífi hans, en það var hann svo sannarlega.

Þrátt fyrir erfið lífshlaup hans áður fyrr, lífshlaup sem var lengi vel í þeim skúmaskotum samfélagsins þar sem myrkur eitt ríkir, þá er það svo að fáum hef ég kynnst sem svo einarðlega unnu að því sem hann, að hreinsa til í

rústum fortíðarinnar eins og hann gerði eftir að hann snéri af fyrri braut. Af honum eru til ótal sögur og sumar hverjar alveg óborganlegar, þegar hann á sinni nýju vegferð gerði allt sem í hans valdi stóð til að hafa uppi á þeim sem höfðu orðið fyrir honum á einhvern hátt, eða áttu hjá honum einhverja hluti sem hann hafði rekist á og kippt með sér heim á vegferðinni gegnum hina dimmu dali.

Habbi var sífellt að leggja lið samtökum og málstað sem unnu að velferð manna og seldi líklega fleiri happdrættismiða og merki fyrir Samhjálp en nokkur annar hefur gert. Sem bæði sjálfboda-liði og starfandi húsverður í Al-anó-klúbbnum var hann óþreytandi að finna upp á alls lags fjárfestunum fyrir klúbbinn sem alla tíð hefur þurft að dansa línudans milli tekna og gjalda og hann lagði mikið af mörkum til þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Hann skipulagði líka edrú-úthátíðir um verslunarmanna-helgar á vegum Gaman-Saman hópsins og var óþreytandi að færa mönnum leiðbeiningar um líf án áfengis á öllum þeim stofnunum landsins sem hýsa fólk sem villst hefur af leið.

Habbi var einn af þessum sjaldgæfu mönnum sem maður hittir fyrir á lífsleiðinni og sem skilja eftir stórt skarð við brott-hvarfið úr þessari tilveru. Hans verður sárt saknað af mörgum og hans verður vel og lengi minnst. Ég sendi fjölskyldu hans og öllum hans mörgu vinum mínar innilegustu samúðarkveðjur.

Þór Saari.

Það er erfiðt að trúa því að í dag kveðjum við kærleiksboltann og gleðjupinnann hann Habba okkar. Ég og Habbi vorum tvisvar sambýlingar, fyrst á Sporinu og svo á Krossgötum þegar við höfum okkar edrúmennsku saman. Ég man eftir því í bæði skiptin þegar ég kom inn. Ég var brot-in, vonlaus og ósátt með hvað ég var búin að gera við lífið mitt. Í bæði skiptin var Habbi kominn á undan mér og tók á móti mér með viðmóti sem ég byggði mína edrúmennsku á; þakklæti og bjartsýni. „Velkomin Sara, nú mössum við þetta!“ Hann dró mig með sér í göngutúra, í endalausar strætóferðir á fundi, kom mér í þjónustu og kenndi mér umburðarlyndi þegar hann söng rammfalskur og nefmæltur á samkomum. Óeigingirni, gleði, hlátur og vinátta eru þau orð sem lýsa Habba okkar best. Hann hjálpaði mér að sjá að allir geta orðið edrú. Habbi var drifkrafturinn í byrjun edrúmennsku minnar sem gaf mér það líf sem ég á í dag og reyni ég á hverjum degi að lifa eftir því sem hann kenndi mér. Ég votta fjölskyldu hans samúð mína og ég verð ætíð þakklát fyrir að hafa átt Habba í mínu lífi.

Þýtur í laufi, bálið brennur. Blærinn hvíslar: Sofðu rótt. Hljóður í sænni röðull rennur, roðnar og býður góða nótt. Vaka þó ennþá vinir saman varðeldi hjá í fögrum dal. Lífið er söngur, glámur, gaman. Gleðin hún býr í fjallasal. (Tryggvi Þorsteinsson.)

Sara Karlsdóttir.

Smáauglýsingar

Þjónusta

Málningarþjónusta
Upplýsingar í síma 782 6034.

Byggingavörur



Harðviður til húsaþýginga
Sjá nánar á www.viður.is
Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir o.fl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. **Indus ehf., Óseyrarbraut 2, Hf.** Upplýsingar hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Bílar



Nýr Ford Transit Ambiente L3H2. Nýja lagið. Til afhendingar strax. Ódýrasti bíllinn í umboðinu er á 6.290.000,- Þessi er á gömlu gengi á aðeins 4.947.000,-
Án VSK á 3.970.000,-



www.sparibill.is
Hátúni 6 A – sími 577 3344.
Opíð kl. 12–18 virka daga.

Iðnaðarmenn

Málarar.

Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu, mjög sangjarnir í verðum.
Upplýsingar í síma 782-4540 eða loggildurmalari@gmail.com

Húsviðhald

Tek að mér ýmiskonar húsa viðhald

Sóttbreinsa húsnæði, hreinsa þakrennur ofl. ofl.
Uppl. í síma 847 8704
manninn@hotmail.com

Sumarhús



Sumarhús – Gestahús – Breytingar

Framleiðum stórglæsileg sumarhús í ýmsum stærðum.
• Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.
• Smíðum gestahús – margar útfærslur.
• Sjáum um almennt viðhald á sumarhúsum og sólpóllum.
• Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi. Áratugareynsla – endilega kynnið ykkur málið.
Trésmiðja Heimis, Þorlákshöfn, sími 892-3742 og 483-3693, www.tresmidjan.is

Raðauglýsingar

Félagsstarf eldri borgara

Korpúlfar Allt félagsstarf á vegum Korpúlfa fellur niður vegna Kórónaveirufaraldurs nema gönguþópar Korpúlfa, gengið er frá kl. 10:00 mánudaga, frá Borgum, Grafarvogskirkju og í Egilshöll. Á miðvikudögum og föstudögum kl. 10:00 frá Borgum og inni í Egilshöll. Hvetjum alla til að halda áfram heilsuefningu og passa upp á hvert annað með því að hringja hvert í annað og fylgjast vel með á samfélagsmiðlum takkNorðurbúrún 1 Félagsstarfið liggur niðri vegna COVID-19 smits.

Sléttuvegur 11-13 Selið á Sléttuvegi er lokað um óákveðin tíma vegna Covid-19 smits innanlands
Seltjarnarnes Allt félags og tómstundastarf liggur niðri. Hvetjum alla til að passa upp á að: hreyfa sig eftir getu, passa upp á næringu og vöku. Hafa má samband við okkur í gegnum fb. síðuna eldri borgarar á seltjarnarnesi. Einnig má hringja í Kristínu í síma 8939800.



FINNA Q

ÍSLENSK FYRIRTÆKI OG ÞJÓNUSTA



Ástkær sonur, stjúpsonur, bróðir og barnabarn,

SÆVAR INGI KATRÍNARSON,

lést á sjúkrahótelinu við Hringbraut 3. mars. Minningarathöfn verður síðar.



Katrín Lilja Gunnarsdóttir **Gísli R. Sumarliðason**
Adam Ingi Høybye Franksson
Vigdís S. Óskarsdóttir
Jóhannes Ingi Hjartarson
og aðrir aðstandendur

Minningargreinar

Skil | Þeir sem vilja senda Morgunblaðinu greinar eru vinsamlega beðnir að nota innsendikerfi blaðsins. Smellt á Morgunblaðslógóði í hægra horninu efst og viðeigandi liður, „Senda inn minningargrein,“ valinn úr felliglugganum. Einnig er hægt að slá inn slóðina www.mbl.is/sendagrein

Skilafrestur | Ef óskað er eftir birtingu á útfarardegi verður greinin að hafa borist eigi síðar en á hádegis tveimur virkum dögum fyrir (á föstudegi ef útför er á mánudegi eða þriðjudegi). Þar sem pláss er takmarkað getur birting dregist, enda þótt grein berist áður en skilafrestur rennur út.

Lengd | Minningargreinar sem birtast í Morgunblaðinu séu ekki lengri en 3.000 slög. Ekki er unnt að senda lengri grein. Lengri greinar eru eingöngu birtar á vefnum. Hægt er að senda órstutta kveðju, HINSTU KVEÐJU, 5-15 línur. Ekki er unnt að tengja viðhengi við síðuna.

Prautir




Finndu fimm breytingar


Fimmkrossinn

Er hægt að búa til tvö fimm stafa orð með því að nota textann neðan? Já, það er hægt ef sami bókstafur kemur fyrir í báðum orðum. Hvern staf má nota einu sinni.

OFANTALIÐ






Stafakassinn



Prautin er að fylla í reitina með sex þriggja stafa orðum og nota eingöngu stafi úr textanum að neðan. Nota má sama stafinn oft en einu sinni.

AAAÁÐÍPRT

Sudoku



Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3-reit birtist tölurnar 1-9. Það verður að gerast þannig að hver ný reita lína bæði lárétt og lóðrétt birti einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tví-taka neina tölu í röðinni.


Krossgáta

Lárétt:

- 1) Linna
- 4) Losti
- 6) Rækt
- 7) Lærði
- 8) Rýrar
- 11) Östs
- 13) Taða
- 14) Gosar
- 15) Fædd
- 16) Garri

Lóðrétt:

- 1) Ormur
- 2) Götum
- 3) Tjón
- 4) Máfar
- 5) Fenna
- 8) Kósin
- 9) Þjöl
- 10) Ósaði
- 12) Esja
- 13) Lof



Lausn síðustu gátu

Lárétt: 1) Fiskum 7) Elska 8) Endaði 9) Reist 12) Aflið 13) Ögnin 14) Pinna 17) Unaður 18) Lögum 19) Tottar Lóðrétt: 2) Innflyi 3) Klakinn 4) Meir 5) Æsti 6) Rakt 10) Eignast 11) Svikula 14) Pilt 15) Naga 16) Aumt

Skák

Helgi Áss Grétarsson | ritsjorn@mbl.is




Svartur á leik

1. Rf3 Rf6 2. c4 e6 3. Rc3 d5 4. d4 Bb4 5. Da4+ Rc6 6. e3 0-0 7. Bd2 Bd7 8. Dc2 dxc4 9. Bxc4 Bd6 10. 0-0 e5 11. dxe5 Rxe5 12. Rxe5 Bxe5 13. f4 Bd6 14. Hae1 a6 15. Bd3 He8 16. Kh1 Bc6 17. Bc1 Bc5 18. e4 Rg4 19. Bc4 Staðan kom upp í opnum flokki heimsmeistarameistarans í hraðskák sem fram fór í Doha í Katar í árslok 2016. Úkraínski stórmeistarinn Alexander Moiseenko (2.672) hafði svart gegn indverskum kollega sínum, Babu Lalith (2.585). 19. ... Rxh2! 20. g3 hvítur hefði orðið mót eftir 20. Kxh2 Dh4#. 20. ... Rxh2! 21. Hxf1 Dd4! 22. Bd3 Had8 23. Hd1 Bb4 24. Kg2 Bxc3 og hvítur gafst upp enda staðan að hrúni kominn. Í dag verður haldin fjórða umferð Íslandsmótins í skák sem fram fer þessa dagana í Sveinatungu á Garðatorgi í Garðabæ. Margir af sterkustu skákmönnum landsins taka þátt í Íslandsmótinu í ár, sjá skak.is.

Brids

Guðmundur Páll Arnarson | ritsjorn@mbl.is



Suður spilar 6♥. Þegar menn standa frammi fyrir erfiðu vandamáli getur verið gagnlegt að setja sig í spor annarra við borðið. Skipta um sjónarhorn. Suður opnar á alkröfu og segir 2♥ við biðsögn makkers á 2♦. Norður lyftir í 3♥ og býr í hagin fyrir nákvæma slemmuleit, en suður gefur frá sér öll vísindi og stekkur í 6♥. Útspil vesturs er lítið lauf. Sagnhafi drepur, spilar hjarta á gosann og tígli úr borði. Og nú veltur allt á því hvað austur gerir – hvort hann hoppar upp með ásin eða dúkkar. Út frá sögnum er líklegast að suður sé með eyðu í tígli eða kannski blanka drottningu. En hvort tveggja stemmir illa við útspil makkers, sem ætti þá annaðhvort ♦DG1097 eða ♦G1097 og hefði örugglega komið þar út „ofan af röð“ í báðum tilfellum. Nei, svo furðulegt sem það er virðist suður eiga 2-3 tígla. Og þá er rétt að dúkka.

Orðarugl



Akureyringum Aldagamalli Bækluðust Feginleik

Laðaði Mannssonarins Ryðgaðri Samanlögðum

Stórfenglega Tískublöð Visnum Átthaganna

Málið Hlé beygist ekki algveg eins og hné („frá hné og niður úr“). Algengast er að steyta fót við steini í þágufalli eintölu: „myndin var ömurleg, ég fór í hlé“, og þremur fyrstu föllunum með greini: hléið, um hléið, frá hléinu. „Vopnahléð“ hefur reynst seindrepið í fjölmiðlum.

Lausnir
Stafakassinn ÁTA RÍP ADA
Fimmkrossinn LOTNA FITAÐ

VILKO

Vöfðflur

Íslensk framleiðsla í 50 ár

50 ára 1969 - 2019

„einfaldara getur það ekki verið“

500g e

Þurrefna- blanda fyrir d.p.b. 15 vöfðflur

Mest seldu vöfðflur á Íslandi!

Stjörnuspá

21. mars - 19. apríl

Hrútur Láttu vaða, þú hefur engu að tapa. Einhver fylgist með þér úr fjarlægð. Leyndur hæfileiki skýtur upp kollinum.

20. apríl - 20. maí

Naut Þið sambýlingar ættuð að setjast niður og gera fjárhagsáætlun sem þið far-ið svo eftir. Það er allt í jafnvægi í lífi þínu núna, þakkaðu fyrir það.

21. maí - 20. júní

Tviburar Gera peningar og starfsframi þig hamingjusama/n eða ertu að leita að einhverju öðru? Leggstu í naflaskoðun.

21. júní - 22. júlí

Krabbi Að hjálpa einhverjum úr klípu lætur þér líða mjög vel. Vinir munu skilja þig og styðja ef þú talar við þá. Ekki forðast að mæta vissri persónu.

23. júlí - 22. ágúst

Ljón Það getur eyðilagt góða vináttu ef menn reyna að þröngva sínu fram án nokkurs tillits til annarra. Fólk virðist einstaklega samvinnuþýtt.

23. ágúst - 22. sept.

Meyja Nú á dögum eru svo margir viskubrunnar að leita í að menn standa oft ráð-þrota. Treystu þínu innsæi. Fylgist vel með heilsunni.

23. sept. - 22. okt.

Vog Reyndu að eyða eins miklum tíma til útivistar og þú mögulega getur. Taktu enga ákvörðun fyrr en þú hefur skoðað allar hliðar málsins gaumgæfilega.

23. okt. - 21. nóv.

Sporðdrekki Það er ekki nóg að geta sett mál sitt fram með skemmtilegum hætti, þú þarft að hafa staðreyndir á hreinu. Búðu þig undir smá átök við nágranna.

22. nóv. - 21. des.

Bogmaður Maður hræðist bara það sem maður þekkir ekki og hefur ekki prófað. Þú ættir að láta slag standa. Þér finnst vont að hafa ekki alltaf rétt fyrir þér.

22. des. - 19. janúar

Steingeit Það er engin skömm að því að leita sér aðstoðar þegar byrðarnar verða manni ofviða. Þú átt góða vini að.

20. jan. - 18. febr.

Vatnsberi Gefðu þér tíma til þess að virða fyrir þér gang hlutanna áður en þú ræðst til atlögu við þá. Leyfðu þér að setja markið hærra en þú hefur gert und-anfarið.

19. feb. - 20. mars

Fiskar Peningarnir virðast fljúga út af reikningnum, en það er ekki hægt að verðleggja reynsu. Létt lund þín smitar út frá sér. Verið samtaka í uppeldinu.

Gísli Ólafur Pétursson kennari – 80 ára

Gíslinn í Gíslavinafélaginu

Gísli Ólafur Pétursson fæddist 31. mars 1940 í Reykjavík. Hann ólst upp á Eyrbakka til fjögurra ára aldurs en síðan í Reykjavík. Hann var í sveit á Stórumörk undir Eyjafjöllum, Ljót-unnarstöðum við Hrótafjörð og frá 10 ára aldri í Árkvörn í Fljótshlíð og var þar í sex sumur.

Gísli gekk í Austurbæjarskóla og tók landspróf frá Héraðsskólanum á Laugarvatni. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1959, lauk Cand.mag.-prófi í uppeldis- og kennslufræði, sálarfræði og stærð-fræði við Háskólann í Ósló 1978, var í framhaldsnámi í tölvunarfræðum við Háskólann í Ósló 1988-89 og hefur sótt fjölda kennaranámskeiða.

Gísli kenndi við Barna- og ung-lingaskólann í Grindavík 1960-62, við Vígólaskóla í Kópavogi 1963-69, heimavistarskólann í Hladgerðarkoti 1971-72, menntadeild Vígólaskóla 1972-73, við Menntaskólann í Kópavogi 1973-2000 og var aðstoðarskóla-meistari þar 1982-87, og kenndi við Tækniskólann 2000-2002.

Gísli hefur skrifað og gefið út kennslubækur í forritun og í notkun forrita og nokkrar fleiri. Þar má nefna Nýju stóru söngbókina og ljóðabókina Í erli dægranna eftir Pétur Sumar-líðason og bækur með smásögum, ljóðum og lögum eftir Högna Egils-son fyrrverandi skólastjóra.

Gísli var Þórsmurkurvörður fyrir Ferðafélag Íslands og Skógrækt rík-isins sumrin 1966-73 nema sumarið 1967 þegar hann vann við vatnamæl-ingar í Jökulheimum þar sem Tungnaá kemur undan Vatnajökli. Hann sat í skólanefnd Kópavogs 1974-76, fræðsluráði Reykjanesum-dæmis 1974-76, í stjórn Félags raun-greinakennara 1979-80, í ritstjórn Kennarablaðsins, málagns Hins ís-lenska kennarafélags 1979-84, í hags-muna- og samninganefnd HÍK 1980-88 og formaður hennar 1982-88, í stjórn BHMR 1981-85, í stjórn HÍK 1985-89, í stjórn BK 1985-88, formað-ur stjórnar Orlofssjóðs BHMR 1984-90 og var formaður Félags kennara á eftirlaunum 2004-2005. Gísli vann meistaraflokk á Skákþingi Íslands



Gíslavinafélagið Hópurinn á ferðalagi í Þórsmörk árið 2011.



Brúðhjónin Ragna og Gísli 1959.

1961 og tefldi í landsliðsflokk á Ís-landsmeistaramótinu 1962.

Helstu áhugamál Gísla eru vef-urinn GOPfrettir.net, þar sem er ým-



Afmælisbarnið Gísli Ólafur.

iss konar fróðleikur, og ferðir Gísla-vinafélagsins. Hann er Gíslinn í Gíslavinafélaginu en í félaginu er áhugafólk um ferðalög innanlands sumar og vetur. „Félagið byrjaði þannig að þegar ég var að fara í ferðir þá fannst mér vera skylt að segja frá því að ég ætlaði að fara í þessar ferðir

og þannig varð hópurinn til. Fastar ferðir hafa verið Þórsmurkurferð á þrettándanum og sumarferðir, síð-sumarferðir og haustferðir, gjarnan um hálendið en líka um Vestfirði, Austfirði og Norðurland. Ég hef einn-ig næstum öll sumur frá 2003 verið í leit að hinu heilaga grali í Kerlingar-fjöllum með ítalska verkfræðingnum og dulmálssérfræðingnum Giancarlo Gianazza, en við fórum ekki síðasta sumar. Ég hef nú aðallega verið öku-maður í þeim ferðum.“

Fjölskylda

Eiginkona Gísla er Ragna Freyja Karlsdóttir, f. 6.6. 1940, sérkennari og fyrrverandi skólustjóri Dalbrautar-skóla. Heiðursfélagi Sérkennara-félagsins og sérstaklega heiðruð af ADHD-samtökunum. Þau gengu í hjónaband 31.3. 1959 og eru búsett í Kópavogi. Foreldrar Rögnu voru hjónin Karl Sæmundarson, f. 15.7. 1919, d. 20.2. 1996, húsgagnasmiður á Siglufirði og í Kópavogi, og Katrín Gamalielsdóttir, f. 23.8. 1919, d. 11.4. 1980, húsfreyja.

Börn Gísla og Rögnu eru 1) Ólafur

Til hamingju með daginn

Guðni Jónsson



70 ára Guðni er Reyk-víkingur, ólst upp í Sundunum og Heim-unum og býr á Laug-arásvegi. Hann er við-skiptafræðingur að mennt frá Háskóla Ís-lands og er fram-kvæmdastjóri húsgagnasviðs Pennans.

Börn: Jarþrúður, f. 1971, Jón, f. 1976, og Hekla Brá, f. 2000. Barnabörnin eru Hugrún Líf, f. 2000, og tviburarnir Anton Guðni og Kjartan Pétur, f. 2006, börn Jarþrúðar.

Foreldrar: Jón Guðnason, f. 1920, d. 2010, múrarameistari og mælinga-fulltrúi, og Stefánía Sigurjónsdóttir, f. 1918, d. 2010, húsmóðir. Þau voru búsett í Reykjavík.

Ragnar Kjærnested Ásmundsson



50 ára Ragnar ólst upp á Akureyri og býr þar. Hann er með dokt-orsgráðu í eðlisfræði frá Háskólanum í Lundi, Svíþjóð, og er framkvæmdastjóri Varmalausna ehf.

Maki: Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, f. 1970, forstöðumaður RHA, Rann-sóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri.

Börn: Ásmundur Smári, f. 1999, Þór-steinn Atli, f. 2004, Elín Rósa, f. 2006, og Magni Rafn, f. 2010.

Foreldrar: Ásmundur Jónsson, f. 1940, fv. enskukennari við Menntaskólann á Ak-ureyri og Ragnheiður Kjærnested, f. 1947, fv. forstöðumaður fagbókasafns Sjúkra-hússins á Akureyri, búsett á Akureyri.

Við erum sérfræðingar í malbikun

Flugumýri 26 | Mosfellsbær | villi@malbika.is | 864 1220

Börn og brúðhjón


Á opnunni „Íslendingar“ í Morgunblaðinu er sagt frá merkum viðburðum í lífi fólks, svo sem stórafmælum, hjónavígslum, barnsfæðingum og öðrum tímamótum.

Allir þeir sem senda blaðinu mynd af nýjum borgara eða mynd af brúðhjónum fá fría áskrift að Morgunblaðinu í einn mánuð.

Hægt er að senda mynd og texta af slóðinni mbl.is/islendingar eða á islendingar@mbl.is



Morgunblaðið



Freyr, f. 12.9. 1959, tæknifræðingur í Reykjavík, fyrrverandi maki: Lilja Sigurðardóttir. Pau eiga fjögur börn og fimm barnabörn; 2) Ragna Freyja, f. 11.11. 1960, kennari á Möltu, maki: Þórir Hálfðanarson. Pau eiga tvö börn; 3) Freyja Rún, f. 7.6. 1962, ferðafræðingur í Noregi. Hún á eitt barn; 4) Davíð Karl Sigursveinsson, f. 7.1. 1978, ekill, búsettur í Kópavogi. Hann á þrjú börn.

Systkini Gísla eru Bjarni Birgir, f. 3.3. 1942, bifvélavirki í Þórshöfn; Víkar, f. 12.10. 1944, rafmagnsverkfræðingur í Reykjavík; Pétur Örn, f. 18.2. 1949, alvirki í Reykjavík; Björg, f. 7.9. 1961, jarðfræðingur í Kópavogi. Samfeðra bræður Gísla eru Guðmundur Þorgrímsson, f. 30.10. 1956, verktaki á Fáskrúðsfirði, og Böðvar Bjarki Pétursson, f. 14.10. 1962, kvikmyndari í Kópavogi.

Foreldrar Gísla voru hjónin Pétur Sumarliðason, f. 24.7. 1916, d. 5.9. 1981, kennari í Austurbæjarskóla, og Guðrún Gísladóttir, f. 5.9. 1920, d. 2.7. 2013, bóka- og skjalavörður á Orkustofnun. Pau gengu í hjónaband 30.10. 1940 og bjuggu í Reykjavík og Kópavogi.


Grettir



Hrólfur hraðilegi



Ferdinand



Í klípu

eftir Mike Baldwin



SAMNINGAVIÐRÆÐURNAR HÓFUST EKKI Á SKEMMTILEGUM NÓTUM.

Hermann

eftir Jim Unger



„GAURINN SEM KVARTAÐI UNÐAN ÓBRAGÐI AF KAFFINU FÖR ÁN ÞESS AÐ BORGA!“



Vísnað

Hláturstund og pest og fár

Á sunnudaginn birti Anton Helgi Jónsson bráðfallega sonnettu á Boðnarmiði, sem hann kallar „Hláturstund“ en hefur að yfirskrift á vefnum „Óskaljód á sunnudagsmorgni“:

Þú hlærð og burt með fingri tekur tár sem trillar niður kinn úr bláu auga. Nú rætast mínar allra innstu þrár; ég á hér stund með þér og fæ að spauga.

Þú hlærð og getur efflaust ekkert sagt nú eða gert af viti rétt á meðan en kaffibollann fékkstu frá þér lagt í fréttum virðist lítið annað héðan.

Þú hlærð og úti flýgur flugvél hjá með fólk sem ætlar norður yfir heiðar en ég vil helst til hamingjunnar ná með hlátri þínum flýg ég þangað greiðar.

Svo lengi sem mér hlotnast hlátur þinn ég hlýt að vilja spauga enn um sinn.

Kötturinn Jósefína Meulengracht Dietrich lætur fara vel um sig:

Það er mesta eymdarár, inni flestir kúra. Það er pest og það er fár það er best að lúra.

Þessi er „Niðurstæða“ Halldórs Guðlaugssonar:

Mér finnst það sé betra að fá'ana en forðast að smitast, og skrá'ana! Það annaðhvort hefst eða ég drepst því aldrei mun hægt að útmá'ana.

Kristján Karlsson kveður:

Einhver Sigurjón sunnan úr Garði hafði sest upp í Vonarskarði. „Margbölvaður dóni ég skal melda þig Jóni,“ sagði Melgrasskúfurinn harði.

Páll Jónasson í Hlíð yrkir um „Ævintýri á gönguför“:

Gekk um að glæsihætti gullóm og súlu mætti og þau gerðu útá götu það sem gert var við Kötú „í ágúst að áliðnum slætti“.

Alltaf er gott að rifja upp limru eftir Jóhann S. Hannesson:

Menn halda ef þeir heyra mig stama að það hljóti að vera til ama, þó að staðreyndin sé að mé mé mé mé mé mér er sko djöfulsins sama.

Árni Óla orti:

Ástalífsins „alfabet“ er að lofa og svíkja. Ekki mun ég flugufet frá þeim hætti víkja.

Halldór Blöndal halldorblondal@simnet.is

- LÍFRÉNT - FYRIR ALLA

Gæðavörur

í umhverfisvænum umbúðum

Holt, bragðgott og þægilegt
Vegan - Keto - Pascaterian - Glutenlaust

Sölustaðir: Hagkaup, Nettó, Heilsuhúsin, Fjarðarkaup, Melabúðin, Fiskkompaní, Frú Lauga, Brauðhúsið og Matarbúr Kaju á Akranesi

Kaja organic, Kalmansvellir 3, kajaorganic.com, kajaorganic@gmail.com

Á ÞESSUM DEGI

31. mars 1962

Morgunblaðið segir frá miklum áformum hjá Körfuknattleikssambandi Íslands: „... og má nánast kalla fyrirhugaða starfsemi byltingu í starfi þessa yngsta sérsambands innan vébanda ísl. íþróttá“. KKÍ hefur m.a. samið við bandarískan þjálfara, John Wood, um að starfa fyrir sambandið í þrjá mánuði og ætla um haustið með landslið karla á norrænt meistaramóti, Polar-Cup, í fyrsta skipti. Þetta á m.a. að fjármagna með bingói í Háskólabíói þar sem Fiat-bifreið er í verðlaun.

31. mars 1967

Morgunblaðið ræðir við nokkra þekktu aðila um mögu-



leika á atvinnu-mennsku í íslenskum íþróttum. Einn þeirra er Jóhannes Sæmundsson íþróttakennari sem er hlyntur

henni og segir: „Ríki og bæjarfélög verða að hlaupa undir bagga og auka til muna framlag sitt til íþróttahreyfingarinnar, til þess að íslenzkir íþróttamenn geti verið sjálfum sér og landi sínu til sóma hvar sem þeir keppa.“

31. mars 1972

Íslenska karlalandsliðið í körfuknattleik sigrar Noreg, 102:100, í fyrsta leik sínum á Norðurlandamótinu í Svíþjóð. Þórir Magnússon á stórleik og skorar 27 stig fyrir Ísland en þetta reyndist síðan eini sigurleikur liðsins í mótinu.

31. mars 1978

Fjallað er í Morgunblaðinu um einstakan árangur Íþróttafélags Stúdenta sem verður bikarmeistari í körfubolta, bæði í karla- og kvennaflokki með sigrum á Val og KR í úrslitaleikjum kvöldið áður. Hjá karlaliði ÍS var eini stóri titillinn í sögu félagsins.

31. mars 1984

Morgunblaðið birtir mynd af forsíðu íþróttablaðs Los Angeles Times sem skartar stórrí mynd af Einari Vilhjálmssyni spjótkastara. Einar hafði þá sigrað heims-methafann Tom Petranoff á fyrsta utan-hússmóti tímabilsins og kastað 85,78 metra.



31. mars 1999

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu nær óvæntu jafntefli, 1:1, gegn Úkraínunönnum í Kiev, í undan-keppni Evrópumótsins. Lárus Orri Sigurðsson jafnar metin um miðjan síðari hálfleik. Ísland er þar með taplaust í fyrstu fimm leikjum sínum og er tveimur stigum á eftir Úkraínu og Frakklandi í toppþaráttu riðilsins.

31. mars 2010

Kvennalandslíð Íslands í knattspyrnu sigrar Króata, 3:0, í Zagreb í undan-keppni heimsmeistaramótsins. Katrín Jónsdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir og Rakel Logadóttir skora mörk Íslands sem er í slag við Frakka um að komast áfram úr riðlinum.



Starfsfólkið heldur laununum

Lionel Messi hefur staðfest að hann og aðrir leikmenn Barcelona hafi tekið á sig 70 prósentu lækku launa á meðan leikir í spænska fótboltanum liggi niðri af völdum kórónuveirunnar. Sú ákvörðun Barcelona að lækka allt sitt íþróttafólk í launum um 70 prósent var kynnt fyrir helgina. Messi sagði á Instagram að málið væri frágengið og skýrði jafnframt frá því að með þessu væri tryggt að annað starfsfólk félagsins en leikmennirnir myndi halda öllum sínum launum þótt enginn fótbolti væri spilaður.



AFP

70% Launalækkun hjá Lionel Messi auðveldar Barcelona margt.

Danir ætla að ljúka tímabilinu

Danir ætla að ljúka sínu keppnistímabili í fótboltanum 2019-20, sama hvaða tafir kunna að verða á því á næstu vikum og mánuðum en formaður deildakeppninnar tilkynnti það í gær. Meistarar verði krýndir og klárt verði hvaða lið færast á milli deilda þannig að ekki verði setið uppi á næsta tímabili með afleiðingar af hléinu sem gera þurfti vegna kórónuveirunnar. Þrjár sviðsmyndir hafa verið settar upp, eftir því hvenær keppni hefst, og allar miða við að öllum leikjum í deild og bikar verði lokið.



Morgunblaðið/Eggert

Danmörk Mikael Anderson leikur með toppliðinu Midtjylland.

Ekki eins og ég ímyndaði mér

● Jakob samningslaus og óviss með næsta skref ● Útilokar ekki að hætta

KÖRFUBOLTI

Jóhann Ingi Hafþórsson
johanningi@mbli.is



„Samningurinn minn er búinn. Hann var út tímabilið og tímabilið er auðvitað búið, þannig að ég er samningslaus.“ sagði körfuknattleiksmaðurinn Jakob Örn Sigurðarson í samtali við Morgunblaðið.

Jakob gekk í raðir KR fyrir tímabilið eftir áratug með Borås og Sundsvall í Svíþjóð. Hann er óviss með framhaldið hjá sér og hvað tekur við á meðan óvissa ríkir í samfélaginu.

„Það er allt í biðstöðu hjá öllum og deildinni. Ég er aðeins að biða og sjá hvað gerist. Þetta er rosalegt högg fjárhagslega fyrir marga klúbba og þeir eru að reyna að komast í gegnum þennan tíma áður en þeir fara að huga að næsta tímabili. Maður er í sömu stöðu sjálfur.“ sagði Jakob.

Jakob, sem verður 38 ára næstkomandi laugardag, útilokar ekki að leggja skóna á hilluna á þessum tímamarki, en hann hefur ekki tekið ákvörðun enn. „Ég er opin fyrir því að halda áfram en hvort ég mun spila eða hvar er eitthvað sem ég hef ekki tekið ákvörðun um enn þá. Ég

er alveg rólegur eins og er,“ sagði Jakob, sem lék sinn síðasta landsleik fyrir tveimur árum. Hann var að glíma við bakmeiðslu í lok síðasta árs, en segist við góða heilsu nú.

„Ég fékk smá bólgur í bakið í kringum jólin en ég var ekki lengi frá. Ég missti af tveimur leikjum og það hefur ekki verið vesen á því síðan þá. Mér líður rosalega vel.“

Jakob kom til KR fyrir tímabilið ásamt bróður sínum Matthíasi Orri Sigurðarsyni og Brynjari Þór Björnssyni. Þar hitti hann fyrir jafnaldra sinn Jón Arnór Stefánsson og var leikmannahópur KR-inga spennandi. Það gekk hins vegar illa fram-af og var KR um miðja deild stærstan hlusta tímabilsins. Mikil var um meiðslu í herbúðum félagsins, en eftir sigur í síðustu fjórum leikjum áður en tímabilinu var aflýst, enduðu KR-ingar í fjórða sæti Dominos-deildarinnar.

Skemmtilegt en erfið

„Þetta var skemmtilegt og á sama tíma mikil áskorun. Við KR-ingarnir lentum í ýmsu. Það var mikið um meiðslu og við náðum ekki neinum stöðuleika fannst mér. Það var rétt í lokin áður en mótinu var aflýst, en það vita allir að þetta var frekar erf-



Morgunblaðið/Hari

Heimkoma Jakob Örn Sigurðarson sneri aftur heim fyrir tímabilið.

itt tímabil hjá okkur. Við áttum alveg mjög slaka leiki inni á milli. Það var mjög pirrandi og fékk á mann. Stemningin og mórallinn innan hópsins var samt mjög góður yfir tímabilið. Það var fúlt að loksins þegar við vorum að komast í gír var mótinu aflýst en ég skil þá ákvörðun vel,“ sagði Jakob, sem viðurkenndi að hann hefði ekki ímyndað sér að mögulega sinn síðasti leikur væri deildarleikur gegn Val.

„Það var ekki þannig sem maður hugsaði það þegar ég flutti heim fyrir tímabilið eftir langan tíma erlendis. Ég fylgdist vel með úrslitakeppninni og það var mikil löngun að taka þátt í þeirri stemningu allavega einu sinni áður en maður hættir. Þetta var ekki alveg eins og ég ímyndaði mér; að enda á deildarleik á móti Val sem eiginlega enginn var að horfa á því samkomubannið var eiginlega komið,“ sagði Jakob Örn.

Hefur keðjuverkandi áhrif

● Nýjar dagsetningar Ólympíuleikanna kalla á ýmsar breytingar hjá öðrum

FRÉTTASKÝRING

Viðir Sigurðsson
vs@mbli.is

Með þeirri tilkynningu IOC, Alþjóðaólympíunefndarinnar, og framkvæmdanefndar ÓL 2020 í Tókýó í gær um að Ólympíuleikarnir fari fram 23. júlí til 8. ágúst 2021 og Ólympíumót fatlaðra, Paralympics, í kjölfarið, er ákveðin keðjuverkun komin í gang.

Með frestuninni er kominn fastur punktur á dagskrá íþróttamóta á heimsvísu fyrir árið 2021 sem aðrir þurfa að laga sig að.

Heimsmeistaramótið í frjálsíþróttum átti að fara fram í Eugene í Bandaríkjunum í ágústmánuði 2021. Alþjóðafrjálsíþróttasambandið tilkynnti strax og ÓL-dagsetningarnar lágu fyrir í gær að ákvörðun IOC nyti fulls stuðnings og nú væri vinnan komin í gang við að finna dagsetningar fyrir HM í frjálsum á árinu 2022.

Lokakeppni Evrópumóts karla í fótbolta hafði þegar verið frestað um eitt ár en hún á að fara fram sumarið



AFP

479 Ólympíuklukkan í miðborg Tókýó hóf nýja niðurtalningu í gær þegar dagsetningar Ólympíuleikanna sumarið 2021 lágu endanlega fyrir.

2021 og standa yfir frá 11. júní til 11. júlí. Mánuði síðar átti lokakeppni EM kvenna að hefjast og standa til 1. ágúst. Hugmyndir voru uppi um að hnika aðeins til dagsetningum

þannig að um yrði að ræða eitt stórt EM-sumar fyrir bæði karla og konur.

Nú er ljóst að af því getur ekki orðið. EM karla rekst ekki svo mjög

á Ólympíuleika því þar leika lið U23 ára í karlaflokki í fótboltanum. Ann- að gildir um konurnar þar sem á Ólympíuleikum eru A-landslið kvenna og þar með er væntanlega óumflýjanlegt að færa EM kvenna til sumarsins 2022.

Frakklandshjólreiðarnar 2021, Tour de France, áttu að hefjast í Kaupmannahöfn 25. júní en þaðan yrði hjólað áleiðis til Frakklands og þrjár fyrstu leiðirnar innan Danmerkur. Keppninni átti að ljúka 18. júlí en þar sem hjólreiðar eru ein af ólympíugreinum er ljóst að færa þarf hana til.

Endanlega klárt hjá Ásdís

Tilkynning IOC þýðir jafnframt að nú er endanlega á hreinu að það íþróttafólk sem stendur við fyrri ákvörðun um að hætta keppni að loknu tímabilinu 2020 er ekki á leið á Ólympíuleikana. Í þeim hópi er spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir sem hefur keppt á þrennum Ólympíuleikum en skýrði frá því á dögum að hún væri ekki á leið á leikana, svo framarlega sem þeim yrði frestað til 2021.

Kylfingar bíða átekta

- Golfsambandið mun skoða stöðuna nánar vegna kórónuveirunnar í lok apríl
- Framkvæmdastjóri GSÍ bjartsýnn á golfsumarið ● Víða erlendis er þó óvissa

GOLF

Kristján Jónsson
kris@mbl.is



Golfþróttin er að einhverju leyti í annarri stöðu en ýmsar aðrar íþróttagreinar hvað það varðar að tímabilið hér heima er ekki hafið. Brynjar Eldon Geirsson, framkvæmdastjóri GSÍ, segir að af þeim sökum þá muni GSÍ hinkra alla vega fram til mánaðamóta apríl/maí með að taka stórar ákvarðanir um mótahald GSÍ. Vissulega ríki þó óvissa varðandi mótahald vegna kórónuveirunnar og þeirra áhrifa sem hún hefur á samfélagið allt.

„Eins og er höldum við okkur við okkar áætlanir varðandi landsliðsverkefni ársins og fleira. Eins og við þekkjum er óvissa í golfþróttinni eins og annars staðar á meðan veiran er að ganga yfir heimsbyggðina. Reynt er að fresta sem minnstu langt fram í tímann í golfinu á alþjóðlegum vettvangi. Það er viðmiðið um þessar mundir að taka ekki ákvarðanir of langt fram í tímann. Menn skoða hvern viðburð fyrir sig. Segja má að einnig sé verið að vinna þannig að hlutunum hér heima.

Við höfum látið golfklúbbana vita að við tökum stöðuna um mánadámótin apríl/maí varðandi mótahald GSÍ. Við höfum sent út ákveðin tilmæli til klúbbanna um að ætli menn að halda mót, til dæmis opin mót í apríl eins og stundum hefur verið gert þegar vel viðrar, að þá þurfi menn að fara að öllum til-mælum yfirvalda. Ég held samt sem áður að slíkt mótshald sé erfitt í ljósi aðstæðna og líklega yrði takmörkuð þátttaka og enn ekkert öruggt hvað veðurfar varðar. Við munum gera ráðstafnir um mánaðamótin apríl/maí allt eftir því hvernig útlitið verður,“ segir Brynjar og bendir á að erfitt sé að spá fyrir um framvinduna á alþjóðlegum vettvangi og hjá þeim mótariðum sem íslenskir atvinnukylfingar eiga keppnisrétt á. Ástandið vegna veirunnar sé misjafnt eftir löndum og þau geti verið mislengi að vinna úr því.

„Þetta er erfitt. Fæstir átta sig á að þjóðir eins og Ítalía, Spánn og Þýskaland senda marga keppendur á þessi mót á mótariðunum í Evrópu og halda einnig mikið af mótum á hverju ári. Einnig þjóðir eins og Svíar og Danir. Veiran hefur því mikil áhrif á heildina lítið jafnvel þótt hægt væri að halda mót á einhverjum stöðum. HM landsliðið er á dagskrá í september og verður í Asíu. Þangað



Ljósmynd/seth@golf.is

Íslandsmeistaramir Guðrún Brá Björgvinsdóttir og Guðmundur Ágúst Kristjánsson eru í biðstöðu með sín verkefni erlendis vegna veirunnar.

sendum við keppendur. Ef ástandið hjá Evrópuþjóðum verður langvarandi þá mun koma þrýstingur að færa mótíð til eða fella það niður. Persónulega hef ég mestar áhyggjur af því að veiran er á svo mismunandi stigum hjá þjóðum í Evrópu. Það gæti raskað mótshaldi. Þótt við verðum til í slaginn hér á Íslandi þá er ekki víst að allir í Evrópu verði í stakk búinir til að fara út í alþjóðlega keppni.“

Kylfingarnir komnir heim

Spurður út í íslenska atvinnukylfinga segir Brynjar þá bíða nú átekta og æfa hér heima.

„Okkar landsliðsfólk og afreksfólk undirbýr sig eins og stutt sé í keppni en virðir stöðuna og fyrirsmæli yfirvalda. Flest þeirra eru í undirbúningsvinnu fyrir komandi átök hvenær sem að þeim kemur. Sum þeirra voru byrjuð að spila eins og Valdis og Ólafía og eru nú í ákveðinni óvissu. Atvinnumenn hafa komið heim á meðan það versta gengur yfir. Éru sjálf að æfa hér heima hjá sínum klúbbum. Maður tekur einnig eftir því í öðrum íþróttum eins og handboltanum að atvinnumenn eru komnir heim í bili.

Mótaraðirnar eru um alla Evrópu. Íþróttir almennt eru ekki númer eitt á listanum þegar stjórnendur fyrirtækja þurfa að hagræða innan sinna fyrirtækja og taka sársauka-

fullar ákvarðanir. Mótaraðir eru háðar samstarfsaðilum sínum og það á einnig við um stóru mótaraðirnar. Fyrirtæki víða um heim eru í ólgusjó og við í íþróttahreyfingunni þurfum að bíða og vona. Þegar úr rætist í efnahagslífinu munum við fá aftur það sýrefni í starfsemi okkar sem við þurfum frá okkar samstarfsaðilum.“

Mismunandi áherslur

Brynjar segir að Svíar haldi golfvöllum opnum með ákveðnum skilyrðum. Þeir hafi einnig tekið ákvarðanir fyrir nokkrum vikum varðandi mótshald.

„Þjóðirnar eru að takast á við ástandið á mismunandi hátt. Svíar ætla að halda öll unglíngamót á árinu og hvíka ekki frá því en hafa slegið af öll öldungamót. Ætla einnig að hafa færri í hverjum ráshópi, leikmaður skráir skorið sjálfur, engir kylfuberrar, engir áhorfendur og skálinn lokaður. Matarpakkar afgreiddir í gegnum lúgu. Þetta gáfu Svíar út fyrir þremur vikum. Hægt er að hafa golfvelli opna fyrir almennan leik og halda golfmót með ákveðnum reglum eins og Svíar eru að gera. Mótaneftnd GSÍ er að meta stöðuna varðandi allt þetta og fylgjast grannt með hvernig þróun mála er hér heima. En eins og komið hefur fram hjá Hauki Erni [Birgissyni forseta GSÍ] þá er móta-tímabilið okkar ekki í fullum gangi núna eins og hjá mörgum öðrum

þjóðum og eða íþróttagreinum. Það er því enn töluverður tími til stefnu fyrir okkur. Við munum fylgja því eftir í einu og öllu sem íþróttahreyfingin er beðin um að gera og hvað til-mæli og reglur yfirvalda varðar.

Fjölgun iðkenda í sumar?

Brynjar er bjartsýnn varðandi íslenska golfsumarið. Tekjutap verði þó líklega vegna þess að straumur erlendra ferðamanna hefur dregist snarlega saman þar sem samgöngur hafa laskast verulega. En þrátt fyrir það gæti fjölgun iðkenda mögulega orðið staðreind.

„Golfið er hentug íþrótt út frá lýðheilsusjónarmiðum og frábær kostur fyrir alla sem þurfa að hreyfa sig í þessum aðstæðum sem nú eru. Hægt er að fara út á völl með því að fylgja þeim reglum sem settar eru. Ég er bjartsýnn á að golfsumarið hérna heima geti orðið frábært. Utanlandsferðir liggja nánast niðri og ég tel að golfið komi sterkt inn með vorinu. Það hefur sýnt sig að golfþróttin hefur alltaf vaxið í kreppuástandi. Það sást til dæmis eftir síðustu fjármálakreppu. Þá sáum við aukningu í félagatali golfhreyfingarinnar þrátt fyrir spár um annað.

Sumir okkar klúbba hafa fengið töluvert af erlendum gestum og treysta á vallargjöld frá þeim. Það mun dragast saman þetta sumarið sem er miður. Síðasta sumar var metár hvað það varðar en eins og útlitið er núna þá tapar hreyfingin tekjum í þessu tilliti. Að öðru leyti er um við bjartsýn miðað við aðstæður og sjáum fyrir okkur gott golfsumar.

Vonandi munu sveitarfélögin styðja við íþróttafélögin á allan hátt sem unnt er. Félagin sitja uppi með ýmsan fastan kostnað eins og starfsfólk og þjálfara en skertar tekjur og styrki. Við höfum heyrt það að undanförunu frá stjórnarfólki í íþróttahreyfingunni í fjölmiðlum. Ekki geta allir gefið launin sín eftir. Til dæmis ef það eru einu tekjurnar hjá íþróttafólki. Það þarf að koma einhver raunveruleg aðstoð til skjalanna til þess að koma íþróttafélögunum okkar í gegnum þetta ástand sem nú ríkir, frá ríki og sveitarfélögunum. Ef illa árar hjá félögunum þá árar eðlilega illa hjá sersamböndunum. Okkar regnhlífsamtök, ÍSÍ, þurfa að fara fyrir íþróttahreyfingunni og hvetja til aðgerða frá ríki og sveitarfélögunum og þannig koma íþróttafélögunum og sersamböndum okkar í gegnum þetta óveður og vonandi styttnir upp sem fyrst,“ segir Brynjar Geirsson.

BAKVÖRÐUR

Víðir Sigurðsson
vs@mbl.is



Umræðan um hvort og hvernig eigi að ljúka hinum ýmsum yfirstandandi íþróttamótum er að vonum áberandi á þessum ein-kennilegu dögum og vikum.

Flestir virðast smám saman vera að átta sig á þeirri staðreind að það er ekki hægt að aflýsa deildakeppni sem er langt komin. Henni þarf að ljúka á einhvern hátt.

Stökum mótum er hægt að aflýsa og halda aftur að ári án þess að það komi að of mikilli sök en deildakeppni lýtur allt öðrum lögmaðum.

Þar þarf að fá niðurstöðu, krýna meistara, úrskurða um færslur á milli deilda, ákvarða sæti í Evrópukeppni.

Þú byrjar ekki keppni sem hefur verið í gangi þrjá fjórðuhluta tímabils upp á nýtt með allt á núlli. Það er í raun svo einfalt að ég eyði ekki plássi í að útlista ástæðurnar fyrir því.

Til að fá niðurstöðu í yfirstandandi deildakeppni eru tvær leiðir. Leika hana til enda eða taka þá ákvörðun að staðan þegar henni þurfti að fresta gildi sem loka-staða.

Ekki þarf að rökraða mikið um hvor aðferðin er æskilegri. KKÍ valdi þá seinni fyrir íslenska körfuboltann. Fór strax í verri kostinn, neyðarræðið, en klár-aði ekki dæmið alveg. Ef þetta er gert þarf að krýna meistara í leiðinni. Stjórnukarlar og Valskonur áttu að sjálfsögðu að fá íslandsbikarana 2020 fyrst þessi leið var valin, og tvö lið áttu að færað á milli karladeildanna.

Hina aðferðina þarf ekki að fara mörgum orðum um. Loksins þegar óhætt verður að stunda íþróttir á ný, þegar Víðir leyfir það, verður hafist handa við að ljúka yfirstandandi deildakeppnum. Sama hvaða tíma það tekur. Næsta tímabil byrjar ekki fyrr en þessu lýkur. Hvenær sem það verður.



Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson

Norðanmaður Birkir Heimisson hóf ferilinn með Þór á Akureyri.

Birkir fékk kórónuveiruna

Birkir Heimisson, knattspyrnumaður úr Val, hefur staðfest að hann sé með kórónuveiruna en það kom fram á fótolti.net. Þar skýrði Birkir frá því að hann hefði verið rúm-liggjandi síðustu viku en væri orðinn einkennalaus og líði ágætlega. Hann verði í einangrun í fjórtán daga. Birkir, sem er tvítugur og kom til Vals frá Heerenveen í Hollandi í vetur, er fyrsti leikmaðurinn í Pepsi Max-deild karla sem skýrir frá því að hann hafi fengið veiruna en áður hefur komið fram að Ólafur Stígsson, annar þjálfara Fylkis, hafi greinst með hana.

Jón Axel ætla í nýliðaval NBA

- Stundar námið á netinu síðustu vikurnar á loka-vetrinum í Davidson-háskólanum í Bandaríkjunum

KÖRFUBOLTI

Víðir Sigurðsson
vs@mbl.is

Jón Axel Guðmundsson landsliðsmaður í körfuknattleik hefur ákveðið að taka þátt í nýliðavali NBA-deildarinnar í sumar en þetta staðfesti hann við Morgunblaðið í gær. Valið á að fara fram í Brooklyn í New York 25. júní.

Jón Axel lýkur námi frá Davidson-háskóla í vor en þar hefur hann átt fjögurra ára afar farsælan feril og hefur slegið fjölda meta í sögu Wildcats, körfuboltiðs skólans.

Hann átti að leika með liðinu í fyrstu umferð úrslitakeppni bandarísku háskóladeildarinnar, „March Madness“, föstudaginn 13. mars en keppninni var aflýst nokkrum klukkustundum fyrir leikinn og þar með var ferli Jóns með Wildcats lokið.

„Já, ég er búinn að ákveða að fara í nýliðavalið þó eins og er sé allt í óvissu hérna þar sem allt er

lokað. Fyrsta skrefið hjá mér er að fá mér umboðsmann, ég er með nokkra í sigtinu og á eftir að velja úr en geri það örugglega í þessari viku,“ sagði Jón Axel við Morgunblaðið.

Hætti við fyrir ári síðan

Hann er áfram vestanhafs enda skólinn enn þá í gangi, í fjarkennslu, þótt körfuboltatímabilinu sé lokið. „Já, það er allt lokað hérna og maður stundar námið bara í gegnum netið,“ sagði Jón Axel en kórónuveiran hefur ekki herjað eins harkalega í Norður-Karólínu og víða annars staðar í Bandaríkjunum.

Hann skráði sig í nýliðavalið síðasta vor en ákvað í lok maí að hætta við og ljúka í staðinn náminu við Davidson-skólann með fjórða og síðasta tímabilinu þar. Þá hafði hann æft með bæði Sacramento Kings og Utah Jazz til að sýna sig og sanna en þann vetur hafði hann verið kjörinn besti leikmaðurinn í Atlantic 10 háskóladeildinni, sem og íþróttamaður ársins í karlaflokki hjá Davidson.



AFP

Davidson Jón Axel Guðmundsson hefur átt góðu gengi að fagna vestanhafs undanfarin ár.

„Fjarvera fólksins er áþreifanleg“

● Sýning Karlottu Blöndal í anddyri Hallgrímskirkju er opin alla daga ● Kallar sýninguna Í anddyrinu og segir hana fjalla um mörk hins efnislega og andlega ● Hægt að túlka verk út frá Biblíunni

Einar Falur Ingólfsson
efi@mbi.is

Söfnum og sýningarsölum myndlistar hefur verið lokað vegna samkomubannsins, með að minnsta kosti einni undantekningu. Sýning Karlottu Blöndal sem var opnuð í anddyri Hallgrímskirkju 8. mars, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, er opin eins og kirkjan þótt ekki sé um neinar samkomur þar að ræða. Sýninguna kallar Karlotta *Í anddyrinu* og fjallar um mörkin milli þess efnislega og trúarlega og innri og ytri hreyfingar, en verkin eru bæði teikningar og hlutar úr silkiprentuðu bókverki.

Undanfarin ár hefur verið myndarlega staðið að sýningarhaldi í Hallgrímskirkju og anddyrið verið einn fjölsóttasti sýningarsalur landsins. Gestum hefur þó heldur betur fækkað.

„Vissulega er sérkennilegt að vera að sýna við þessar aðstæður,“ segir Karlotta. „Það hafa mjög margir ferðamenn komið hér við og þegar ég set upp sýningar þá reyni ég að vinna út frá aðstæðunum á hverjum sýningarstað. Hér hafði ég sérstaklega í huga það mikla streymi fólks sem komið hefur í kirkjuna. En svo eru allir farnir! Ein og einn litur inn. Fjarvera fólksins er áþreifanleg og þótt það hljómi ef til vill furðulega, þá mér finnst meðvitundin um samkennd fólks um allan litur inn. Þessum aðstæðum skila sér á vissan hátt í sýningunni, það litur upplifunina. Segja má að heimsbyggðin öll sé í einskonar anddyri núna.“

Anddyrið sem huglægt rými

Gegnum aldirnar hefur myndlist gegnt mikilvægu hlutverki í kirkjum, þar sem myndverk hafa blasað við til að upplifa, íhuga og lesa í. Karlotta segir myndlist lengi hafa þjónað kirkjunni enda les fólkið og skynjar myndmál, listin sé stór og mikilvægur hluti af kirkjurýminu og trúarlegum hefðum. „Og ég hafði það í huga þegar ég setti sýninguna saman,“ segir hún. Ég hef áður gert



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Listakonan „Hægt er að leika sér að túlkun og merkingu myndanna,“ segir Karlotta um sýninguna í kirkjunni.

sýningar sem voru á mörkum þess andlega og jafnvel trúarlega – mér finnst vera munur þar á – og hins efnislega. Efnisheimsins sem við lifum og hrærumst í. Þannig hafa ytri og innri heimar mest í sýningunum.

Flest þessara verka hef ég sýnt áður en eitt þeirra er nýtt. Ég valdi þau með rýmið og samhengið í huga. Þá hugsaði ég um fyrirbærið anddyri líka sem huglægt rými, sem það hugarástand að finnst maður vera á vissum tímamarkum í einskonar anddyrum. „Karlotta tekur sem dæmi verk á sýningunni sem hún kallar „Maiganga“. „Það vísar í kröfugöngur sem gengnar eru 1. maí en mér hefur þótt slíkar göngur, þar sem fólk stígur fram í opinberu rými og krefst einhvers eða setur fram óskir, vera í einskonar anddyri þar sem knúið er á huglægar dyr og ósk að eftir aðgengi að næsta rými.“

Umrætt verk er hluti af stærra

verki sem er í eigu Nýlistasafnsins og hefur verið flutt af Nýlókörnum.

„Hér eru til að mynda líka teikningar sem ég sýndi áður um páska í Alþýðuhúsinu á Siglufirði og sýna fána. Ég vann að gerð þeirra verka og sýningunni á þeim fyrir norðan meðvitund um að vera að sýna í alþýðuhúsi og á föstudaginn langa, þegar sýningin var opnuð. Fáni gefur í skyn sögn eða ákveðinn vilja, í tilteknu samhengi, og myndmál fána er yfirleitt abstrakt. Fyrir mér er abstraktið háð innri hreyfingum frekar en figúratífri frásögn. Ég leik mér oft á slíkum mörkum.“

Ekki við svínin að sakast

Það vekur athygli blaðamanns að ein teikninganna á sýningunni er falleg mynd af grísum.

„Ég stóðst ekki mátið að hafa hana með og mig langaði að taka bæði dýraheiminn og náttúruna með

inn í kirkjurýmið. Hún er gömul, frá 1994, en flest verkin, utan eitt, eru eldri verk.“ segir Karlotta. Hún segir viðbúið að þegar sýning sé sett saman fyrir rými í kirkju að hugsað sé til frásagna í Biblíunni. „Það er ekki mikið talað um grísi í henni en þó talað um að henda ekki perlum fyrir svín. En ástæða þess að ég valdi þessa dýrateikningu frekar en aðrar sem ég á er að anddyri er í eðli sínu líka einskonar markaðstorg og þar rúmast nánast hvað sem er. Myndir af grís eða svíni verða hlaðnar merkingu í því samhengi.“ Hún bendir á að augljós vísun sé í *Dýrabæ*, skáldsögu Orwells, en önnur sé að svínin verði hér fulltrúar dýra sem menn nýta sér. „Ég valdi líka meðvitað mynd þar sem grísirnir eru mjög sætir. Það er ekki við þau að sakast um nokkurn hlut en í menningunni og trúarbrögðum hafa svín samt verið gerð að einhverju

skammarlegu og skítugu, á sama tíma og þau eru nýtt og étin.“

Karlotta talar um að framsetningin verkanna í rýminu sé líka mikilvæg, hvernig verkin séu hengd upp. Þannig hafi hún til að mynda sett teikninguna af svínunum neðarlega á vegg. „Allt slíkt hefur áhrif á upplifun og heildarmynd. Ég hugsaði upphengið að vissu leyti út frá takti eða tónlist, en líka að gestirnir virki rýmið með því hvernig þeir horfi, ekki bara beint fram fyrir sig heldur líka upp, niður og til hliðar.“

Lestur verkanna breytist

Ein teikninganna sýnir tvo steina, annan svartan en hinn hjartan. Í ávarpi við opnunina á dögnum talaði Karlotta sérstaklega um þá teikningu sem sýnir tvær fríðaðar steintegundir sem finnast hér á landi, hrafninnu og silfurberg.

„Merking myndanna breytist eftir því hvað dagarnir leyfa en á þessum degi minnti ég á þekktu sögu í Biblíunni, sem segir af því þegar Jesús gengur fram á konu sem liggur í hnipri og óttast um líf sitt þar sem hún er umkringd körlum með steina í hendi. Hann spyr hvað sé á seyði og fær þau svör að konan hafi hagað sér illa og það eigi að drepa hana; hún sé syndug. Jesús dregur línu í sandinn og bendir á að kasta ekki steinum nema vera viss um að vera sjálfur saklaus – að líta í eigin barm. Ég benti á að ákjósanlegt væri að í stað þess að kasta steinum að halda þeim bara í lófanum og horfa á þá, og skila þeim svo á sinn stað. Hægt er að leika sér að túlkun og merkingu myndanna eftir því hverjar aðstæðurnar eru og eftir eigin höfði. Í dag erum við að lifa tíma heimsfarsóttar og hrun markaða og enn á ný breytist lestur verkanna. Hverjum og einum gefst færi á að koma og hugleiða verkin og samhengi sitt í anddyrinu, og í kirkjurýminu sjálfu. Kirkjan er ennþá opin, undir ströngu sóttvarnarlægu eftirliti að sjálfsöðgu,“ segir Karlotta en sýningin er opin alla daga kl. 11 til 17. Þar er snertilaust aðgengi og nóg pláss fyrir gesti.

Kvarts steinn í eldhúsið

Kvarts steinn frá **Silestone** er fánlegur í fjölbreyttum áferðum og litum.

Silestone bjóða einir upp á borðplötur með varanlegri bakteríu- og sveppavörn.

Gefðu heimilinu ferskleika og líf á þínum forsendum með **Silestone**.

Steinsmiðjan Rein

Sníðum að þínum þörfum

Viðarhöfða 1, 110 Reykjavík | Sími 566 7878 | rein.is



Morgunblaðið/Ásdís

Viðkunnur Krzysztof Penderecki stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands á æfingu árið 2006. Hann stjórnaði sveitinni einnig á Listahátíð árið 1988.

Penderecki látinn – kunnasta tónskáld Pólverja

Krzysztof Penderecki, þekktasta og áhrifamesta tónskáld Pólverja síðustu hálfa öldina, er látinn 86 ára að aldri. Auk þess að semja áhrifamikil mórntísk og síðar sírómantísk kóra- og hljómsveita- verk sem hafa verið flutt úti um heimsbyggðina, voru verk hans vinsæl af kvikmyndagerðarmönnum og hljóma til að mynda í viðkunnnum kvikmyndum á borð við *The Shining*, *The Exorcist* og *Wild at Heart*. Þá höfðu ýmis verk Pendereckis áhrif á rokk- og dægurtónlistarmenn á borð við Johnny Greenwood, gítarleikara Radiohead, sem hefur unnið meðvitað út frá þeim í

eigin kvikmyndatónlist og starfaði jafnframt með Penderecki að flutningi verka beggja.

Penderecki var fjölhæft og afkastamikið tónskáld auk þess að stjórna hljómsveitum víða um lönd. Hann stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands í tvígang í Háskólabíói; flutningi á hinu fræga verki sínu Pólskri sálumessu á Listahátíð árið 1988 og árið 2006 Sjakonnu fyrir strengi og pianókonserntinum frá 2002. Eitt víðfrægasta verk tónskáldsins er Harnljóð fyrir fórnarlömbin í Híróshíma frá 1959 en hann skrifaði líka margar rómaðar sinfóníur og óperur.

Mælt með í samkomubanni



AFP
Fjölhæfur Grínistinn, þáttastjórnandinn og rithöfundurinn Trevor Noah er líka lipur tennisleikari. Ævar Þór mælir með ævisögu hans Born a Crime.

„Elska ævintýri og hrylling“

Rithöfundurinn, leikarinn og vísindamiðlarinn Ævar Þór Benediktsson var beðinn um að mæla með listaverkum sem hægt er að njóta innan veggja heimilisins í samkomubanninu.



Ævar Þór Benediktsson

„Ég elska ævintýri og hrylling, þannig að mín völ í flestum flokkum litast pínulítið af því. Ég er líka mikill kvikmyndanörd, þannig að það sem ég hlusta á þegar kemur að hlaðvörpum eru oftast viðtöl eða umfjallanir um kvikmyndir eða sköpunarferli. Þá eru myndasögur líka fullkomnar til að lesa þegar maður er fastur heima, því þú ert oftast snöggun að tæta þig í gegnum eina svoieðis bók, til dæmis á meðan yngstu börnin leggja sig. Hlaðvörp: *How Did This Get Made?*; *WTF* with Marc Maron; *Unspooled* og *Koma svo!* Góðar bækur: *Harry Potter*-serían; *Green Mile*;



Reuters

Gríðarvinsæl J.K. Rowling, höfundur bókanna um Harry Potter.

The Stand; *Born a Crime* eftir Trevor Noah; Myndasögurnar *Paper Girls*; og flest það sem Scott Snyder hefur skrifað fyrir Batman.

Þættir: *Breaking Bad*; *An Idiot Abroad*; *Travels With my Father*; *West Wing*; *Studio 60 on the Sunset Strip* og *Haunting of Hill House*.

Kvikmyndir: *The Rock*; *Cabin in the Woods*; *The Thing* og *Back to the Future*-þrennan.“


Fyrsta lag Bob Dylan í átta ár

● 17 mínútna löng ballaða um morð

Söngva- og nóbelskálðið Bob Dylan sendi fyrir helgi frá sér fyrsta lagið í átta ár, 17 mínútna langt lag um morðið á John F. Kennedy. Lagið nefnist „Murder Most Foul“ og var tekið upp fyrir allnokkru, eins og Dylan orðaði það sjálfur. Segir hann lagið gjöf til aðdáenda hans fyrir áralangan stuðning þeirra og tryggð.

Lagið er ballaða og hljóðfæraskipan píanó, strengjahljóðfæri og trommur. Í textanum syngur Dylan um morðið á Kennedy árið 1963 og dregur hvergi úr í lýsingunum, segir hann hafa verið leiddan til slátrunar líkt og fórnarlamb og að hann hafi verið skotin um hábjartan dag eins og hundur.

Í umfjöllun *The Guardian* um lagið segir að Dylan máli upp sögulega mynd af Bandaríkjunum sem hafi verið á niðurleið allt frá því morðið var framið en björgun hafi þó falist í popptónlistinni. Koma ýmsir tónlistarmenn við sögu í ballöðu Dylan, m.a. Bítlarnir, Charlie Parkeer, Eagles og Stevie Nicks. Dylan vísaði til kórónuveirunnar þegar hann hleypti laginu á netið á Twitter í liðinni viku, það addáendur sína að fara varlega, fylgjast vel með og ganga á guðs vegum.



AFP

Ballaða Bob Dylan syngur um morðið á Kennedy í 17 mínútna langri ballöðu, „Murder Most Foul“.

Á síðustu plötum sínum hefur Dylan einbeitt sér að tökulögum, flutt þekkt bandarísk popplög en síðasta plata hans var *Triplicate* sem kom út fyrir þremur árum. Síðasta platan með frumsömdu efni, *Temp-est*, kom út fyrir átta árum, árið 2012.

Ólíkar og margbrotnar sögur afrískra höfunda

BÆKUR
 EINAR FALUR
 INGÓLFSSON



Smásögur

Smásögur heimsins – Afrika ★★★★★

Smásögur eftir níttján höfunda frá sautján löndum í Afríku. Ellefu þýðendur komu að verkinu. Útgáfuna önnuðust Rúnar Helgi Vignisson, Kristín Guðrún Jónsdóttir og Jón Karl Helgason. Bjartur, 2019. Kilja, 278 bls.

Á þessum furðutímum, þar sem ferðafrelsið hefur verið verið skert og landsmenn skikkaðir til að halda sig ekki bara á landinu heldur líka fjölmargir í innlokun heima hjá sér, þá bjóða góðar bækur upp á allra bestu útleiðina; óskert hugarflug í boði höfundanna. Og nýjasta bindi hins góða bókaflokks *Smásögur heimsins* býður heldur betur upp á ævintýrlegt flakk heima í sófa, um fjölmörg lönd og menningarheima Afríku, á ölfkum tímum og við allskyns aðstæður.



Ég hef áður dásamað fyrri bindi bókaflokksins, með smásögum frá Norður-Ameríku, Róm-önsku-Ameríku og svo Asíu og Eyjaálfu í einu bindi. Og ritstjóranir halda heldur betur dampi og færa okkur hér næstsíðasta bindið, fullt af forvitnilegum og góðum sögum.

Eins og bent er á í inngangsorðum þá er stundum sagt að bókmenntir endurspegli veruleikann og það eigi við um þetta verk, því í sögunum endurspeglar margt sem Afríka og íbúar hennar hafa gengið í gegnum undanfarnar aldir. Eitt af því veigamesta sé nýlendusaga álfunnar en næstum öll lönd Afríku lutu á einhverju tímabili stjórn evrópskra ný-



Nadine Gordimer



Chimamanda Ngozi Adichie



Naguip Mahfouz



J.M. Coetzee

lenduherra. Hundruð tungumála séu töluð í álfunni en evrópskar tungur eru þó gjarnan ráðandi í samskiptum og einnig í bókmenntasköpun. Á undanföllum áratugum hafa afrískir höfundar tekist á um það á hvaða máli þeir eigi að skrifa um afríska reynslu en þau evrósku eru enn áhrifamikil; sögurnar sýna það en þær eru þýddar úr fjórum, ensku, frönsku, portúgölsku og arabísku, allar úr frummáli nema þrjár. Og þýðingin er lipurleg; endurspeglar vel á íslenskunni heiminn sem fjallað er um og fólkið sem hann byggir.

Valið á höfundum er athyglisvert enda löndin sem þeir koma frá ólík, eins og þóðirnar sem þau byggja. Sumir eru alþjóðlegar stjórnur en aðrir lítt þekktir. Dæmi um það er Fatmata A.Conteth frá Eþíópíu sem sáralítið er vitað um en hún sendi söguna „Bréf til systra minna“ inn í smásagnasakeppni kvenrithöfunda á níunda áratugnum. Þar segir af núturlegum örlögum vel menntaðrar múslimakonu sem er kúguð af fjölskyldu sinni, á ömurlegan en þó því miður líka afar hefðbundinn hátt.

Saga Petinu Gappah frá Simbabwe, „Hengjarinn“, er frásögn fyrrverandi böðuls hvítu herranna

sem fóru með stjórn í landinu þegar það hét Ródesía; í sögu Edwige-Renée Dro frá Filabeinsströndinni er fjallað um þau varanlegu áhrif sem góðir kennarar geta haft á nemendur og jafnframt birtist þar hvað evrópskar bókmenntir eru mikilvægar fyrir bókmenntakennslu og bókmenntalíf í álfunni; saga angólska höfundarins sem kallar sig Ondjaki, „Ég ætla að gera breytingar á eldhúsinu“, birtist með áhrifaríkum hætti tilfinningar eigin konu flugmanns sem hefur tekið þátt í hryllilegum voðaverkum í borgarastyrjöld; og saga hinnar níg-erísku og þekktu Chimamanda Ngozi Adichie, „Klefi eitt“, er afar vel skrifuð og byggð og lýsir vel þeirri spillingu, kúgun og ofbeldi sem iðulega hefur ríkt í samfélögum í álfunni. Eins og handahófskennsd dæmin sýna er efniviðurinn fjölbreytilegur og sögurnar með ýmsu móti. Þrír höfundanna hafa hlotið Nóbelsverðlaun og verk þeirra allra endurspegla vel valdið sem þeir hafa á forminu. „Fengurinn“ eftir hina suðurafrísku Nadine Gordimer sýnir listavel núturlegt og grimmilegt kynþáttamisréttið og í órutttri táknsögu hins egypska Naguips Mahfouz verður fyrsti skóladagur drengs að heilli ævi.

Loks tekst hin suðurafríski J.M. Coetzee með athyglisverðum hætti á við þá spurningu fyrir hverja höfundar skrifa. Hvort þeir afrísku skrifi í dag fyrir landa sína, sem þekjja betur munnlega frásagnarhefð en skrifaðar sögur, eða fyrir okkur hina vestrænu lesendur. Hvert sem svarið er þá er þetta vandað og forvitnilegt safn fyrir okkur hér í norðrinu – ávisun á ferðalög suður um höf.



/ K100ISLAND / K100.IS

LJÓSI PUNKTURINN

MEÐ DÓRU JÚLÍU

Dj Dóra Júlía finnur ljósa punktinn í tilverunni og flytur góðar fréttir reglulega yfir daginn í útvarpinu og á vefnum.

FYLGSTU MEÐ Á K100 OG Á K100.IS

Á FM100.5 Í ÚTVARPINU

 Í BEINNI Á RÁS 9 Í SJÓNVARPI SÍMANS

 HLUSTADU, HORFÐU OG LESTU Á K100.IS

RÚV

06.50 Morgunþ. Rásar 1 og 2
09.00 Heimavist – Mennta-
RÚV
11.00 Skólahreysti
12.50 Ferðastíklur
13.45 Kastljós
14.00 Blaðamannafundur
vegna COVID-19
14.40 Þetta er bara Spaug...
stofan
15.15 Gettu betur 1998
16.15 Poppkom 1986
16.45 Íslendingar
17.30 Bækur og staðir
17.35 Menningin
17.50 Táknafréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Ofurmennaáskorunin
18.29 Hönnunarstírnin
18.44 Hjörðin – Hvolpur
18.47 Verkstæðið
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Umræðupáttur um CO-
VID-19
20.35 Tracey Ullman tekur
stöðuna
21.00 Söngfuglar með heila-
bilun – Fyrri hluti
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Hamfarasól
23.15 Pólskir dagar – Kenn-
arinn

Sjónvarp Símans

11.04 The King of Queens
11.26 How I Met Your Mother
11.55 America's Funniest
Home Videos
11.55 Dr. Phil
12.33 Will and Grace
12.55 Survivor
14.05 Dr. Phil
14.46 Ný sýn
15.10 Strúktúr
15.16 Ást
15.40 Trúnó
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Ray-
mond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Biggest Loser
19.10 Love Island
19.15 The Mick
20.10 Mannlíf
20.45 FBI
21.35 FBI: Most Wanted
22.20 Cloak and Dagger
23.05 The Fix
23.50 Seal Team

Ljós vakinn Orri Páll Ormarsson

Úrillir apakettir

Ríkissjónvarpið hóf sýningar á áhugaverð- um heimildarmynd- flokki í síðustu viku. Undirrót haturs kall- ast hann og fjallar um það hvers vegna við mannfólkið hötum. Yfirferðin hófst nokkuð óvænt á eyj- unni Cayo Santiago, sem tilheyrir Púertó- Ríkó, en þar er að finna apaketti, svonefnda rhesusapa, sem fæðast inn í tiltekna fylkingu sem hefur ímugust á öðrum apakattafylkingum þar um slóðir. Eyða fylkingar þessar svo ævinni í átökum og deilum sín á milli. Frá apaköttunum lá leiðin þráðbeint til Norður- Lundúna, þar sem á vegi dagskrárgerðarfólksins urðu áhangendur knattspyrnufélaganna Arsenal og Tottenham Hotspur. Ef marka má myndina þá eru örlög þeirra sambærileg við örlög apakatt- anna; þeir fæðast inn í eitt félag og eru því dæmd- ir til þess að hata annað félag um aldur og ævi. „Hvað kemur fyrst upp í hugann þegar þú heyrir minnst á Arsenal?“ var fylgjandi Tottenham spurður. Og ekki stóð á svari: „Hatur.“ Einnig kom fram að sparkið væri hans trúarbrögð. Síðar í þættinum var sjónum beint að flokka- dráttum í Bandaríkjunum og átökunum milli Ísraelsríkis og Palestínu. Gegnum allt þetta fylgdi okkur kona sem titluð var vísdomsfræðingur. Hvorki meira né minna. Hvar nemur maður eig- inlega þau ágætu fræði?



Hatur Rhesusapar.

Rás 1 92,4 • 93,5

06.45 Bæn og orð dagsins.
06.50 Morgunpáttur Rásar 1
og 2.
07.00 Fréttir.
07.30 Fréttayfirlit.
08.00 Morgunfréttir.
08.30 Fréttayfirlit.
09.00 Fréttir.
09.05 Segðu mér.
09.45 Morgunleikfimi.
10.00 Fréttir.
10.03 Veðurfregnir.
10.13 Á reki með KK.
11.00 Fréttir.
11.03 Mannlegi þátturinn.
12.00 Fréttir.
12.02 Hádegisútvarp.
12.20 Hádegisfréttir.
12.40 Veðurfregnir.
12.50 Dánarfregnir.
12.55 Samfélagið.
14.00 Fréttir.
14.03 Lofthelgin.
15.00 Fréttir.
15.03 Frjálsar hendur.
16.00 Síðdegisfréttir.
16.05 Víðsjá.
17.00 Fréttir.
17.03 Lestin.
18.00 Spegillinn.
18.30 Hljómboxið.
18.50 Veðurfregnir.
18.53 Dánarfregnir.
19.00 Endurómur úr Evrópu.
20.35 Mannlegi þátturinn.
21.35 Kvöldsagan: Konan við
1000 gráður.
22.00 Fréttir.
22.05 Veðurfregnir.
22.10 Passíusálmar.
22.15 Samfélagið.
23.05 Lestin.
24.00 Fréttir.
00.05 Næturútvarp Rásar 1.

Stöð 2

06.50 Bítíð
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Gilmore Girls
10.00 God Friended Me
10.45 First Dates
11.30 NCIS
12.35 Nágrannar
12.55 X-Factor Celebrity
14.20 X-Factor Celebrity
15.40 Ísskápastríð
16.10 Truth About Carbs
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakinn
18.55 Ísland í dag
19.05 The Goldbergs
19.30 Modern Family
20.00 All Rise
20.45 Better Call Saul
21.35 Outlander
22.35 Grey's Anatomy
23.25 High Maintenance
23.50 The Enemy Within
00.35 The Enemy Within
01.15 The Enemy Within
01.55 I Love You, Now Die
02.55 I Love You, Now Die

Hringbraut

20.00 Tilveran
20.30 Lífið er lag
21.00 21 – Fréttapáttur á
þriðjudegi
21.30 Eldhugar: Séría 3
Endurt. allan sólarhr.

Omega

13.00 Joyce Meyer
13.30 The Way of the Master
14.00 Í ljósinu
15.00 Jesús Kristur er svarið
15.30 Time for Hope
16.00 Let My People Think
16.30 Michael Rood
17.00 Í ljósinu
18.00 Kall amarin
18.30 Global Answers
19.00 Tónlist
19.30 Joyce Meyer
20.00 Blessun, bölvun eða
tilviljun?
20.30 Charles Stanley
21.00 Joseph Prince-New
Creation Church
21.30 United Reykjavík
22.30 Áhrifaríkt líf

N4

20.00 Sókn til framtíðar 2
20.30 Upplýsingapáttur N4
Endurt. allan sólarhr.

K100 FM 100.5



Simon Cowell leggur sitt af mörkum

Simon Cowell hefur lagt til 1,6 milljónir punda til hjálpar í barátt- unni gegn kórónuveirunni. Hann sagði frá því á dögnum að hann hefði verið eyðilagður þegar hann heyrði af hjálparstofnunum sem gætu ekki haldið starfi sínu áfram eða væru að berjast í bökkum til að halda starfseminni áfram og vildi hjálpa til. Hann ætlar að leggja sitt af mörkum og gefa til Shooting Star Children's hospice og einnig til Feeding Britain og Feeding America.

6 til 10 Ísland vaknar Ásgeir Páll, Jón Axel og Kristín Sif vakna með hlustendum K100 alla virka morgna. Þú ferð fram úr með bros á vör.

10 til 14 Þór Bæring

Skemmtileg tón- list og létt spjall. 14 til 16 Síggi Gunnars Tónlist, létt spjall og skemmtilegir leikir og hin eina sanna „stóra spurning“ klukkan 15.30.

16 til 18 Síðdegisþátturinn Taktu skemmtilegri leiðina heim með Loga Bergmann og Sigga Gunnars.

18 til 22 Heiðar Austmann Betri blandan af tónlist öll virk kvöld á K100.

7 til 18 Fréttir Auðun Georg Ólaf- son og Jón Axel Ólafsson flytja fréttir frá ritstjórn Morgunblaðsins og mbl.is á heila tímanum, alla virka daga.




RÚV kl. 21.00 Söngfuglar með heilabilun - Fyrri hluti



Heimildarmynd í tveimur hlutum frá BBC þar sem leikkonan Vicky McClure úr þáttunum Skylduverkum ákveður að stofna kór með fólki með heilabilun af ein- hverju tagi, en rannsóknir hafa sýnt fram á að tónlist getur haft jákvæð áhrif á líðan fólks með heilabilun.


Veðrið kl. 12 í dag

Suðvestan 10 til 23 m/s í kvöld, hvassast á N- og A-landi. Bjartviðri austantil, annars skyjað og lífilsháttar væta. Suðvestan 10-18 og rigning á morgun, en úrkumulitíð A-lands. Hiti víða 3 til 8 stig. Minnkandi úrkoma og kólnar annað kvöld.



Á miðvikudag: Vestan 13-20 m/s og el, en úrkumulitíð A-lands. Kóln- andi, frost 0 til 5 stig síðdegis. Norðlægari og víða snjókoma um kvöldið. Á fimmtudag: Minnkandi norðanátt. El á NA- og A-landi, en léttskyjað S-lands. Frost 2 til 8 stig. Á föstudag: Norðlæg átt og kalt í veðri. El N- og A-lands og snjókoma við S-ströndina.

	31. mars	Sólarupprás	Sólsetur
REYKJAVÍK	6:47	20:17	
ÍSAFJÖRÐUR	6:48	20:26	
SIGLUFJÖRÐUR	6:31	20:09	
DJÚPIVOGUR	6:16	19:48	



Byggt á upplýsingum frá Veðurstofu Íslands

Veður víða um heim kl. 18.00 í gær að ísl. tíma				°C	Veður
Reykjavík	5 skyjað	Lúxemborg	7 heiðskirt	Algarve	12 rigning
Stykkishólmur	6 skyjað	Brussel	8 léttskyjað	Madrid	3 skyjað
Akureyri	7 súld	Dublin	8 skyjað	Barcelona	7 rigning
Egilsstaðir	7 léttskyjað	Glasgow	11 alskyjað	Mallorca	16 rigning
Keiflavíkurlflugv.	6 skyjað	London	8 rigning	Róm	13 léttskyjað
Nuuk	-2 alskyjað	Paris	9 heiðskirt	Apena	15 léttskyjað
Þórshöfn	7 alskyjað	Amsterdam	8 skúrir	Winnipeg	4 skyjað
Óslo	5 léttskyjað	Hamborg	6 léttskyjað	Montreal	7 rigning
Kaupmannahöfn	5 heiðskirt	Berlin	2 skyjað	New York	7 alskyjað
Stokkhólmur	0 léttskyjað	Vín	5 léttskyjað	Chicago	8 skyjað
Helsinki	0 skúrir	Moskva	0 snjóél	Orlando	28 skyjað



GÆÐI OG ÞÆGINDI SÍÐAN 1926



DUX 1001 - VÍÐPEKKT ÞÆGINDI

Byggt á fyrsta DUX rúminu sem var framleitt árið 1926, þetta er sannarlega það sem draumar eru byggðir á.



DUXIANA Reykjavík | Ármuli 10 | Reykjavík | +354 5 68 99 50 | www.duxiana.is

LÉTTUM LUNDINA MEÐ GÓÐRI AFÞREYINGU!



FÁANLEGAR Í NÆSTU VERSLUN EÐA Á EDDA.IS

edda
WWW.EDDA.IS

Táknmálstúlkar fyrir augum landsmanna

● Táknmálstúlkun frá upplýsingafundum í Skógarhlíð vel tekið

Steinþór Guðbjartsson
steinthor@mbl.is

Táknmálstúlkar hafa verið fyrir augum áhorfenda Sjónvarpsins daglega síðan byrjað var að túlka beinar útsendingar Sjónvarps frá upplýsingafundum Almannafræðisins, Söttvarnalæknis og Landlæknis vegna kórónuveirunnar. „Þetta er skýrtíð því yfirleitt erum við frekar nafnlausar og lítið áberandi,“ segir Árný Guðmundsdóttir.

Um næstu áramót verða 30 ár frá því Samskiptamiðstöð heyrnarlausra



og heyrnar-skertra tók til starfa, en hún heldur úti túlkaþjónustunni fyrir Almannafræðis og hafa nokkrir túlkar skipst á að sinna upplýsingafundunum ásamt öðrum verkefnum. Þau hafa helst verið túlkun í framhalds- og háskólum og túlkun í sambandi við félagsleg verkefni á fundum og námskeiðum og ekki síst í heilbrigðis-kerfinu.

Árný var í fyrsta túlkahópnum sem útskrifaðist með BA-próf í faginu frá Háskóla Íslands fyrir 23 árum. Til þessa hafa 50 manns útskrifaðast sem táknmálstúlkar frá HÍ, þar af einn karl sem starfar ekki lengur sem túlkur. „Ég hnaut um þetta þegar boðið var upp á námið í fyrsta skipti í Háskólanum og mér fannst það hljóma svo ótrúlega spennandi, að mér fannst ómögulegt annað en að prófa,“ segir hún og bætir við að starfið hafi algerlega staðið undir væntingum.

Mikilvægt starf

Byrjað var að túlka beint í Sjónvarpinu frá umræðufundum fyrir kosningar 1999. Árný segir að miklar breytingarnar hafi orðið þegar farið var að leggja fram fjármagn árlega til túlkunar í því sem nefnt sé samfélagstúlkun, þ.e. túlkun sem fellur ekki undir ákveðin ráðuneyti eða stofnanir heldur túlkun sem gerir



Í Skógarhlíð Árný Guðmundsdóttir túlkar á táknmáli á upplýsingafundi.

fólki kleift að taka þátt í samfélaginu, til dæmis að mæta á foreldrafundi og í fermingarveislu. Tæknibreytingar hafi gert táknmálstalandi fólki mögulegt að hringja í gegnum myndsímaforrit og túlkar geti túlkað í gegnum slík forrit án þess að vera á sama stað.

Allt sem fram fer á upplýsingafundunum í Skógarhlíð er túlkað samstundis. Árný leggur áherslu á að það sé ætíð venjan hjá táknmálstúlkum. „Stundum er hraðinn mikill, miklar upplýsingar á stuttum tíma, en þetta er eins og önnur verkefni, ákveðin áskorun að takast á við.“

Táknmálstúlkuninni hefur verið vel tekið hjá þeim sem nýta sér hana. „Við höfum fundið fyrir afskaplega mikilli ánægju. Fólk er mjög þakklátt fyrir að geta fylgst með öllum þessum upplýsingum og verið þannig þátttakendur í umræðunni.“

Táknmálstúlkun hefur verið byrjuð í Sjónvarpinu haustið 1980 og sjá táknmálstalandi fréttamenn um þær. Fyrsti kvöldfréttatíminn, sem hefst klukkan 19, var túlkaður af táknmálstúlkum SHH 28. febrúar síðastliðinn, en táknmálstúlkar hafa áður túlkað aukafréttatíma vegna ýmissa aðstæðna eins og til dæmis snjóflóða. Almannafræðisfundirnir hafa verið túlkaðir nánast frá byrjun. Árný segir að þessar útsendingar geri fjölskyldum kleift að horfa saman. „Þótt kannski sé aðeins einn táknmálstalandi í fjölskyldunni geta allir setið saman og horft á beinar útsendingar, fengið sömu upplýsingar á sama tíma.“

Starfið vegna upplýsingafundanna er þess eðlis að allir vona að ekki verði þörf fyrir það mjög lengi. „Það verður gott fyrir alla þegar þetta verður búið,“ segir Árný.

ÍÞRÓTTIR



Jakob Örn gæti lagt skóna á hilluna eftir erfitt en skemmtilegt ár

Körfuknattleiksmaðurinn Jakob Örn Sigurðarson er samningslaus eftir að samningur hans við KR rann út. Jakob verður 38 ára næsta laugardag og viðurkennir að það komi til greina að leggja skóna á hilluna eftir rúmlega 20 ára feril, en hann lék erlendis sem atvinnumaður stærstan hluta ferilsins. Jakob, sem lék sinn síðasta landsleik árið 2018, viðurkennir í viðtali við Morgunblaðið að tímabilið sem aflýst var á dögnum, hafi verið erfitt hjá KR og að endalokin hafi ekki verið eins og hann sá fyrir sér. »26

MENNING



Hallveig og Hrönn flytja norræn sönglög í Heima í Hörpu

Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona og Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari verða með tónleika í beinni útsendingu í sýrpunni Heima í Hörpu í dag. Þær munu flytja norræn sönglög eftir tónskáldin Tryggva M. Baldvinsson, Hildigunni Rúnarsdóttur, Jean Sibelius og Edvard Grieg. Tónleikarnir verða í beinu streymi á YouTube og Facebook-síðu Hörpu en einnig má horfa á þá í beinni í sjónvarpinu á á Rúv2. Þeir hefjast kl. 11.

Rúbín

kaffi

- gersemi í amstri dagsins



5690900 090000

Í lausasölu 697 kr.
Áskrift 7.530 kr. Helgaráskrift 4.700 kr.
PDF á mbl.is 6.677 kr. iPad-áskrift 6.677 kr.

Sími: 569 1100
Ritstjórn: ritstjorn@mbl.is Auglýsingar: augl@mbl.is
Áskrift: askrift@mbl.is mbl.is: netfrett@mbl.is